Skáldið í Skerjafirði

KRISTJÁN HREINSSON ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM OG SEGIST LÍKA VERA EINI BOÐBERI RÉTTLÆTISINS Í EVRÓVISJÓN. DR. GUNNI RÆÐIR VIÐ HANN UM GAMLA OG NÝJA TÍMA.

Jólablaðið fylgir blaðinu í dag

Hjálparstarf kirkjunnar

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. desember 2007 — 334. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Flytur inn ítalskar vespur

Gunnar Hansson færir Íslendingum ítalska menningu.

FÓLK 98

Sorgarsaga Amy Winehouse

Magnús Einarsson lumar á töfralausn handa söngkonunni.

FÓLK 98

Fáránleg ummæli

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, talar um spillingu en dómaranefnd sér ekkert óeðlilegt.

ÍÞRÓTTIR 90

hús&heimili

Uppáhald Helgu Möller, innlit til Jóhanns í Mótor og sanngjörn jólaviðskipti eru meðal efnis í blaðinu.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



Hæg breytileg átt Hvöss norðaustanátt við suðausturströndina. Frost um allt land, mildast syðst, en allt að 10 stig inn til landsins.

VEÐUR 4



FRIÐARSÚLA YOKO ONO Snæþór Sigurbjörn Halldórsson er höfundur vinningsmyndarinnar í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Myndin hreif dómnefnd vegna vetrarkyrrðarinnar sem er að finna í myndinni og fallegs bláma súlunnar sem endurspeglast í frosinni jörð og stjörnubjörtum himni."

Ljósmyndakeppni Fréttablaðsins:

Friðarsúlan með augum fólksins

SAMKEPPNI Fréttablaðið stóð fyrir ljósmyndakeppni í nóvembermánuði um bestu myndirnar af Friðarsúlu listakonunnar Yoko Ono í Viðey. Um eitt hundrað myndir bárust til blaðsins og augljóst að Friðarsúlan hefur fangað hugi og hjörtu borgarbúa.

Vinningsmyndin að mati dómnefndar var þessi ljósmynd eftir Snæþór Sigurbjörn Halldórsson en hún var tekin frá Hafravatni að kvöldlagi. Auk þess hlaut Snæþór aukaverðlaun frá fyrirtækinu Volti hf. sem er umboðsaðili Osram á Íslandi en perur fyrirtækisins eru einmitt þær sömu og í súlunni. Slökkt verður á Friðarsúlunni á miðnætti í kvöld en dagurinn markar 27 ár frá dauða Bítilsins og friðarsinnans Johns Lennon. Fleiri verðlaunamyndir úr keppninni má finna í Fréttablaðinu í dag.

- amb / sjá síður 60- 62

Jón Ólafsson:

Hefur alltaf verið grænn

VIÐTAL Icelandic Water Holdings, fyrirtæki þeirra Jóns Ólafssonar og Kristjáns sonar hans, hefur slegið í gegn víða um heim með átöppuðu vatni úr Ölfusi.

JÓN ÓLAFSSON

Gangi áætlanir eftir stefnir í mikinn vöxt í vatnsútflutningi þeirra feðga þegar framleiðsla kemst á fullt skrið í nýrri verksmiðju á seinni hluta næsta árs.

Fyrirtækið hefur fengið heilmikla umfjöllun í erlendum fjölmiðlum og verðlaun víða, ekki síst vegna umhverfisstefnunnar sem einkennir alla starfsemina. Jón segist einskis sakna, nema ef vera skyldi tónlistarinnar.

- jab / sjá síðu 36

Vilja húsnæðiskerfi fyrir láglaunafólk

Húsnæðismál láglaunafólks og skattalækkun eru stærstu málin á sameiginlegu borði verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og ríkisstjórnar.

VINNUMARKAÐUR Félagslegt húsnæði og breytingar á sköttum verða líklega stærstu málin á sameiginlegu borði verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum við Samtök atvinnulífsins, SA, í næstu viku. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að taka þurfi á málefnum þeirra tekjulægstu því þeir geti ekki fótað sig á húsnæðismarkaði í dag.

Verið er að móta sameiginlegar kröfur Alþýðusambands Íslands, ASÍ, gagnvart atvinnurekendum og segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, að þær verði lagðar fram í næstu viku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru formenn landssambandanna að ræða hugmyndir um átak eða nýtt félagslegt kerfi í húsnæðismálum auk skattalækkunar. Einnig er rætt um ráðningarsamninga, launaleynd, málefni erlendra starfsmanna, að útrýma launamun kynjanna og að skylda atvinnurekendur til að gefa ástæður fyrir uppsögnum.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, telur að sterkur vilji sé til að skoða félagslega húsnæðiskerfið eins og það var áður. „Við viljum að unnið verði að því að koma á einhverju kerfi þannig að láglaunafólk geti eignast þak yfir höfuðið en það er erfitt að segja nákvæmlega hvernig þetta gæti orðið. Þessi hugmynd hefur ekki verið útfærð frekar," segir hann.

- ghs

SPURNING DAGSINS

Vífill, ert þetta þú?

„Nei, þetta er Svanberg...“

Vífill Atlason kríaði út símafund með Bandaríkjaforseta með því að þykjast vera Ólafur Ragnar Grímsson. Hann vilti síðan á sér heimildir aftur þegar hann sendi vin sinn í viðtal í Íslandi í dag.

Biskup Íslands dregur ekkert úr ummælum sínum í svari til Siðmenntar:

Vill nota orðið „hatrammur“

TRÚ Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, dregur ekki úr ummælum sínum í svarbréfi til Siðmenntar, heldur segist ætla að leyfa sér að nota orðið „hatrammur“ um málflutning félagsins.

Hann hafði verið beðinn um að draga þau ummæli sín til baka að félagið væri „hatrömm samtök“.

Biskup segir félagið hafa gengið gegn kirkju og kristni og vilji „útiloka hinn trúarlega þátt og kærar hefðir“ frá grunnskólum landsins.

Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, harmar að biskup haldi sig við orðavalið. Undarlegt sé að hann telji enn að Siðmennt sé á móti fræðslu um kristna trú, eftir margar greinar og fréttatilkynningar Siðmenntar.

„Við segjum að kennslan eigi ekki að einskorðast við kristinfræði og með því heldur biskup að við séum á móti kristinfræði. Hann virðist ekki vita hvað orðið „einskorðast“ þýðir,“ segir Bjarni.

Að auki segi biskup Siðmennt amast við ýmsum atriðum, eins og að teikna trúarlegar myndir í kennslustundum.

„Ef hann hefði lesið erindi okkar vissi hann að þetta eru skilgreiningar mannréttindadómstóla, en ekki okkar,“ segir Bjarni.

- kóþ

SÉRA KARL SIGURBJÖRNSSON Biskup segir Siðmennt ganga gegn kristinni trú.

Frumvarp umhverfisráðherra:

Getur skorið úr deilumálum

UMHVERFISMÁL Umhverfisráðherra mun geta skorið úr deilum, líkum þeim sem nú eru uppi vegna Bitruvirkjunar, verði frumvarp hennar um breytingar á skipulagslögum samþykkt.

Þórunn Sveinbjarnardóttir ráðherra segir þetta mikilvægt mál. Frumvarpið fjallar meðal annars um að gerð verði bindandi landskipulagsáætlun, sem taki mið af almannahagsmunum.

Þórunn tekur ekki undir að ríkið sé að heimta allt skipulagsvald úr höndum sveitarfélaganna. Landskipulag verði gert í náinni samvinnu við alla hlutaðeigandi.

- kóþ / sjá síðu 58

BEÐIÐ EFTIR LYFTUNNI Fjölmargir lögðu leið sína í Hlíðarfjall í gær enda nægur snjór. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Börnum veitt áfengi í verslun Blómavals

Tíu ára drengir fengu Breezer að drekka á kynningu í Blómavali á miðvikudag. „Erum miður okkar yfir mistökunum,“ segir markaðsstjóri Húsasmiðjunnar. Talsmaður heildsalans segist ekki vita hvernig drengirnir komust í áfengið.

VERSLUN Tveimur tíu ára drengjum var gefið áfengi í verslun Blómavals í Skútuvogi á miðvikudagskvöld. Verið var að kynna drykkinn Breezer á konukvöldi sem haldið var í versluninni, og fengu drengirnir að dreypa á áfenginu ásamt öðrum gestum.

Konukvöldin eru haldin reglulega í Blómavali í Skútuvogi, og eru þar kynntar ýmsar vörur eins og snyrtivörur, skreytingar og föt. Á meðal þeirra vara sem kynntar voru á miðvikudagskvöldið var nýr og sykurskertur Breezer, sem er áfengur drykkur með fjögurra prósenta styrkleika.

Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar sem á Blómaval, segist hafa frétt af atvikinu í gærmorgun og það hafi verið rætt innan fyrirtækisins í gær. Allir séu miður sín yfir þessum leiðu mistökum.

„Við erum ekki að veita vín í versluninni, þetta var bara ein af mörgum vörum sem var verið að kynna á konukvöldinu. Heildsalinn var að kynna sinn drykk, og við komum eiginlega ekki að þessu máli að öðru leyti.“

Magnús segist ekki vita hvernig drengirnir komust í áfengið, en allt verði gert til að koma í veg fyrir að atvik sem þetta komi fyrir aftur. „Við lærum af þessum mistökum, og munum ekki kynna áfengi framar í versluninni.“

„Þegar við erum með kynningar á vörum er það eingöngu fyrir þá sem hafa náð aldri, en þarna hefur greinilega orðið eitthvert slys,“ segir Sigurður Bjarkason, viðskiptastjóri Mekka Wines&Spirits sem flytja inn Breezer.

„Ég veit ekki hvernig þetta hefur gerst en okkur þykir þetta mjög miður. Þetta átti aldrei að fara svona.“ Hann bætir við að engin vandamál hafi verið með vörukynningar á vegum fyrirtækisins hingað til.

Ekki tókst að hafa uppi á foreldrum drengjanna tveggja.

salvar@frettabladid.is

BLÓMAVAL Konukvöld eru haldin reglulega í versluninni, þar sem ýmsar vörur eru kynntar gestum og gangandi. Meðal þess sem kynnt var síðasta miðvikudag var nýr sykurskertur Breezer. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Héraðsdómur Reykjaness:

Dæmdur í 16 mánaða fangelsi

DÓMSMÁL Tomas Arlauskas, betur þekktur undir eftirnafninu Malakauskas, hefur verið dæmdur í sextán mánaða fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir brot á endurkomubanni hingað til lands, svo og fíkniefnalögum.

TOMAS MALAKAUSKAS

Malakauskas kom hingað í byrjun september og var handtekinn 20. nóvember með 26 grömm af amfetamíni.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst Malakauskas hafa tekið upp eftirnafn eiginkonu sinnar, Arlauskas, og fengið skilríki útgefin með því nafni í Litháen. Eiginkona Malakauskas sagði að áður hefði hann dvalið á Íslandi frá janúar 2007 og fram í ágúst.

- jss

Skíðasvæði opin víða:

Gott skíðafæri víða um land

ÚTIVIST „Við erum bara bjartsýn og vonum að veðurguðirnir standi með okkur,“ segir Magnús Árnason, forstöðumaður skíðasvæðisins í Bláfjöllum, en stefnt er að því að opna svæðið í dag. Ef veður leyfir verða tvær lyftur opnar frá klukkan 13 til 18 um helgina og verður frítt í lyfturnar.

Skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli var opnað almenningi á fimmtudag og þar á bæ búast menn við góðri skíðahelgi. Sömu sögu er að segja frá Dalvík en skíðasvæðið í Böggvisstaðafjalli var opnað á miðvikudag og þar verður frítt í lyftur um helgina.

Skíðasvæðið í Tindastóli við Sauðárkrók hefur einnig verið opnað og tekin var í notkun ný skíðalyfta þar í gær.

- þo

Húsleit í Hlíðahverfi:

Faldi fíkniefnin undir kodda

LÖGREGLUMÁL Fíkniefni fundust falin undir kodda í rúmi í íbúð í Hlíðahverfi síðdegis í fyrradag.

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gerði húsleit á staðnum og fann þá bæði hass og amfetamín að því er talið er. Húsleitin var gerð að undangengnum úrskurði. Skömmu áður var karlmaður á þrítugsaldri færður á svæðisstöðina í Hafnarfirði. Í bíl hans fundust ætluð fíkniefni.

- jss

Jólaösin hafin að fullu:

Helgin stór fyrir kaupmenn

NEYTENDUR Búast má við mikilli ös í verslunum um helgina.

„Undanfarna daga hafa fleiri heimsótt Kringluna en á sama tíma í fyrra. Ég á von á að helgin verði enn betri en sú síðasta enda komið nýtt kortatímabil,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar.

Henning Freyr Henningsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, tekur í sama streng og segir að jólaverslunin fari vel af stað.

Þar hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar í bílastæðamálum til að mæta jólaösinni auk þess sem framkvæmdum við breikkun Reykjanesbrautar hefur verið frestað fram yfir áramót til að koma í veg fyrir umferðaröngþveiti.

- þo

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi tjáir sig um ásakanir um fangaflug:

Neitar ásökunum um lögbrot

ALÞJÓÐAMÁL „Bandarísk stjórnvöld hafa ekki brotið alþjóðalög,“ segir Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, um það hvort meintir ólöglegir fangaflutningar bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi farið um íslenska flugvelli. „Það hefur nú þegar verið rannsakað hvort fangar hafi verið fluttir með ólöglegum hætti um íslenska flugvelli og engar sannanir hafa fundist fyrir því. Enda hefur það ekki verið gert.“

Í skýrslu starfsfólks Evrópuþingsins frá því í sumar, sem stýrt var af svissneska þingmanninum Dick Marty, kemur fram að leynileg starfsemi bandarískra stjórnvalda kunni að hafa farið gróflega gegn alþjóðalögum er varðar réttláta meðferð á föngum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra skipaði í kjölfarið starfshóp sem aflaði upplýsinga um ferðir flugvéla CIA um íslenska lofthelgi.

CAROL VAN VOORST Sendiherrann segir bandarísk stjórnvöld ekki hafa staðið ólöglega að flutningi á föngum.

Í úttekt í Fréttablaðinu í dag kemur fram að lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli á vegum CIA voru eftirlitslausar innan svæðis á vegum varnarliðsins árum saman. Meðal annars voru það flug frá Kaíró í Egyptalandi og Búkarest í Rúmeníu en sérstaklega er minnst á þessa tvo staði í skýrslu Evrópuþingsins sem mögulegan vettvang leynilegra og ólöglegra aðgerða CIA í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

Carol van Voorst harðneitar ásökunum um að bandarísk stjórnvöld hafi staðið ólöglega að handtökum og flutningi á föngum og notað til þess flugvelli víða um Evrópu, eins og fram kemur í skýrslu Evrópuþingsins. „Eins og utanríkisráðherrann Condoleezza Rice hefur ítrekað sagt; bandarísk stjórnvöld flytja ekki, og hafa ekki flutt, fanga frá einu landi til annars til yfirheyrslna þar sem ólöglegum aðferðum hefur verið beitt. Markmiðið hefur verið að ná hryðjuverkamönnum af götunum og afla eins mikilla upplýsinga eins og hægt er um þá sem enn stafar hætta af.“

- mh / sjá síðu 42

ENNEMM / SÍA / NM31251

JÓLAÆVINTÝRI Í SMÁRALIND

OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22.00
NÝTT KORTATÍMABIL

Jóladagskrá í Vetrargarðinum

Laugardagur 8. desember

14.00
Jólaævintýri Smáralindar, Örn Árnason, Björgvin Franz og fjöldi þekktra leikara

15.00
Hara-systur syngja

18.00
Jólalest Coca-Cola endar för sína í Smáralind
FM 957 Jólaball

Sunnudagur 9. desember

14.00
Jólaævintýri Smáralindar, Örn Árnason, Björgvin Franz og fjöldi þekktra leikara

15.00
Hara-systur syngja

15.30
Hafdís Huld syngur nokkur lög af Englar í ullarsokkum

Kórar og jólasveinar halda uppi jólastemningunni í göngugötunni alla helgina.

PIPARKÖKULEIKUR KÖTLU – KOMIÐ OG SKOÐIÐ ÖLL FLOTTU HÚSIN!

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23 / smaralind.is / 528 8000

GENGIÐ 07.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,50	61,80
Sterlingspund	125,00	125,60
Evra	89,98	90,48
Dönsk króna	12,063	12,133
Norsk króna	11,215	11,281
Sænsk króna	9,569	9,625
Japanskt jen	0,5514	0,5546
SDR	97,16	97,74

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,0918
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Harkalegar yfirheyrsluaðferðir bandarískra leyniþjónustumanna á myndbandi:

Myndböndunum var eytt

BANDARÍKIN, AP Bandaríska leyniþjónustan CIA eyddi árið 2005 tveimur myndbandsupptökum frá árinu 2002 af harkalegum yfirheyrslum tveggja fanga, sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi og sagðir meðlimir í al-Kaída-samtökunum.

Michael Hayden, yfirmaður CIA, staðfestir þetta en segir að myndböndunum hafi verið eytt vegna þess að á þeim megi þekkja starfsmenn CIA. Þeim geti stafað hætta af hefndaraðgerðum frá al-Kaída.

Bandaríska dagblaðið New York Times skýrði frá þessu í gær, en Hadley sendi frá sér yfirlýsinguna daginn áður, þegar ljóst var orðið að málið yrði gert opinbert í fjölmiðlum.

MICHAEL HAYDEN Yfirmaður CIA hefur staðfest að myndböndunum hafi verið eytt. NORDICPHOTOS/AFP

Á myndbandinu sjást starfsmenn CIA stunda harkalegar yfirheyrsluaðferðir, þar sem fangarnir eru meðal annars látnir fá það á tilfinninguna að verið sé að drekkja þeim. Mannréttindasamtök segja þessar yfirheyrsluaðferðir ekkert annað en pyntingar, en Bandaríkjastjórn hefur neitað að líta svo á málið.

Annar fanganna er Abu Zubaydah. Haustið 2006 skýrði Bandaríkjaforseti frá því að harkalegar yfirheyrslur yfir Zubaydah hefðu borið þann árangur að Khalid Sheikh Mohammed var handtekinn, en hann játaði síðar að hafa skipulagt árásirnar á New York og Washington haustið 2001. - gb

Jarðskjálfti undan Balí:

Fáir urðu skjálftans varir

INDÓNESÍA Jarðskjálfti upp á 5,4 skók indónesísku orlofseyna Balí í gær, þar sem um 10.000 fulltrúar yfir 180 aðildarþjóða loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna sitja nú á rökstólum um alþjóðlegar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu sem fer fyrir íslensku sendinefndinni, sagði í samtali við Fréttablaðið að sjálfur hefði hann ekki orðið skjálftans var. Aðeins einn úr fimm manna nefndinni hefði fundið fyrir honum. Skjálftinn reyndist eiga upptök sín um 245 km undan strönd Balí. - aa

Tveir menn í lífshættu:

Haldið sofandi eftir bílslys

SLYS Tveir karlmenn liggja enn þungt haldnir á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi eftir umferðarslys á Reykjanesbraut á fimmtudag. Mennirnir gengust undir aðgerð í fyrrinótt og þeim er haldið sofandi í öndunarvél.

Slysið varð þegar jeppi og fólksbíll, sem komu úr gagnstæðum áttum, skullu saman í hálku skammt frá álverinu í Straumsvík. Kona á fertugsaldri slasaðist einnig í árekstrinum en hún var útskrifuð af Landspítalanum í gærmorgun. - þo

SÚLAN EA Skipið er nú á leið til Neskaupstaðar. Mynd/Víkurfréttir

Engin hætta um borð:

Súlan strandaði við Grindavík

STRAND Síldarbáturinn Súlan EA strandaði rétt utan við Grindavíkurhöfn um klukkan tíu í gærmorgun. Björgunarsveitin Þorbjörn fór á vettvang og dró skipið fljótlega aftur á flot. Skemmdir á skipinu voru kannaðar, en það var lýst haffært seinni partinn í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum var engin hætta um borð, og slasaðist enginn af þeim fjórtán sem voru í áhöfn.

Talið er að stýrisbúnaður skipsins hafi bilað með þeim afleiðingum að það fór af réttri siglingarleið og strandaði. - sþs

HUGMYND AÐ SUNDABRAUT Nokkrar hugmyndir hafa verið settar fram um lagningu Sundabrautar. Líklegast er talið að hugmynd sem felur í sér göng og mislæg gatnamót verði fyrir valinu en kostnaðurinn við þá framkvæmd er áætlaður um 25 milljarðar króna. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Óeining ríkis og borgar um útboðsskyldu Sundabrautar

Samgönguráðherra og stjórnarformaður Faxaflóahafna eru ósammála um hvort nauðsynlegt sé að bjóða út gerð Sundabrautar. Útboð eina leiðin segir ráðherra. Aðrir möguleikar í stöðunni, segir Björn Ingi Hrafnsson.

SAMGÖNGUMÁL Kristján Möller samgönguráðherra segist ekki sjá aðra leið færa en að bjóða út gerð Sundabrautar. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur stjórn Faxaflóahafna látið kanna verklag norskra stjórnvalda er snýr að gerð umferðarmannvirkja en þar hefur verið farin sú leið að bjóða ekki út einstakar framkvæmdir þegar um einkaframkvæmdir er að ræða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vilji til þess innan stjórnarinnar að valin verði svipuð leið og Norðmenn hafa farið og verður málið tekið til umræðu á fundi stjórnarinnar næsta þriðjudag. Þá er einnig ríkjandi óánægja innan stjórnarinnar vegna þess hversu skammt verkefnið er komið en það er ekki inni á fjárlögum næsta árs.

Umtalsverðir hagsmunir eru í húfi enda er áætlað að Sundabrautin verði dýrasta samgöngumannvirki sem ráðist hefur verið í hér á landi en heildarkostnaður er áætlaður um 25 milljarðar króna sé ráð gert fyrir göngum og mislægum gatnamótum.

KRISTJÁN MÖLLER

BJÖRN INGI HRAFNSSON

Hinn 21. mars á þessu ári gengu Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, og Gísli Gíslason framkvæmdastjóri á fund Geirs H. Haarde forsætisráðherra og kynntu fyrir honum hugmyndir um að ráðast í gerð Sundabrautar og reisa hana í einum áfanga á þremur til fimm árum. Hugmyndunum var vel tekið en síðan hefur lítið gerst.

Kristján segir fleiri en Faxaflóahafnir hafa sýnt verkinu áhuga og því sé útboð eina sanngjarna leiðin í stöðunni. „Ég get ekki séð hvernig hægt er að gæta fulls jafnræðis milli þeirra sem hafa áhuga á því að ráðast í gerð Sundabrautar öðruvísi en með útboði. Það hafa fleiri en Faxaflóahafnir sýnt því áhuga að ráðast í þessa framkvæmd og á þeim forsendum tel ég útboð vera sanngjörnustu og skynsamlegustu leiðina," segir Kristján. Hann vildi ekki upplýsa hverjir fleiri en Faxaflóahafnir hefðu sýnt verkefninu áhuga. „Það er ekki tímabært að upplýsa um það núna enda er verkefnið ekki komið á það stig en það hafa verktakafyrirtæki sýnt þessu verkefni mikinn áhuga."

Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna, segir nauðsynlegt að kanna það til hlítar hvort ekki sé skynsamlegt að fara að fordæmi Norðmanna þegar um einkaframkvæmdir að þessu tagi sé að ræða. „Þegar fyrirtæki í opinberri eigu ráðst í svona framkvæmdir tel ég að hagsmunir þeirra sem nýta sér samgöngumannvirkin séu frekar í hávegum hafðir. Ef fyrirtæki í einkaeigu ræðst í svona framkvæmd og annast umsjón rekstrar hennar liggur það alveg fyrir að kostnaður fólks gæti orðið meiri en ef farin yrði sú leið sem við leggjum til; að opinbert fyrirtæki annist þessa framkvæmd. Það hefur reynst vel með Hvalfjarðargöng, þar sem opinbera fyrirtækið Spölur annast þau með öllu." magnush@frettabladid.is



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

ÉL SUÐAUSTANLANDS

Í dag verður hæg norðaustslæg átt víðast hvar, en við suðausturströndina má búast við hvassviðri, allt að 18 m/s fyrripartinn. Enn verður talsvert frost á landinu öllu, allt að 10 stig inn til landsins á Norður- og Austurlandi en mildast sunnanlands. Með hvassviðrinu suðaustanlands má gera ráð fyrir smá éljagangi en annars þurru víðast hvar.

REYKJAVÍK Í DAG: Hægviðri, frost 1-4 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg norðlæg átt, en 8-13 NV lands.

» mánudagur



Hvöss SV átt SV-lands, annars 3-8.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C rigning	London	11°C rigning	Eindhoven	9°C skýjað
Billund	6°C hálfskýjað	París	10°C skúrir	Basel	8°C skúrir
Osló	4°C skýjað	Frankfurt	7°C skúrir	Alicante	19° hálfskýjað
Stokkhólmur	8°C skýjað	Friedrichshafen	7°C skúrir	Róm	16°C léttskýjað
Gautaborg	6°C skýjað	Berlín	12°C rigning	Las Palmas	14°C skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

Athyglin er á **Avensis**



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37513 10/07

Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

Avensis verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.720.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

KJÖRKASSINN

Ertu fylgjandi aðgerðum ríkisins í þágu öryrkja og aldraða?

Já	81%
Nei	19 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að mansal viðgangist á Íslandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

Stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar segir rannsókn munu hreinsa félagið:

Allt unnið eftir fyrirmælum

STJÓRNSÝSLA „Stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar er þess fullviss að úttekt Ríkisendurskoðunar leiði í ljós að við sölu fasteigna á Keflavíkurflugvelli hafi í öllu verið farið eftir lögum um Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar," segir stjórnin í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér í gær.

Stjórn Þróunarfélagsins segist sjálf hafa óskað eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttektina. Hún segir félagið hafa unnið samkvæmt skilyrðum og fyrirmælum.

„Tilgangurinn með stofnun Þróunarfélagsins var meðal annars að koma fasteignum í eigu ríkisins á Keflavíkurflugvelli sem fyrst í arðbær borgaraleg not með það að markmiði að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki," segir í yfirlýsingunni. Þróunarfélagið hefur meðal annars verið sagt hafa selt útvöldum fasteignir á flugvallarsvæðinu án auglýsinga og verið gagnrýnt fyrir að selja án útboðs.

STOFNUN ÞRÓUNARFÉLAGS Geir Haarde forsætisráðherra undirritar samning um stofnun Þróunarfélags Keflavíkurvallar í október í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þróunarfélagið hefur frá upphafi kallað eftir áhugasömum aðilum með hugmyndir um nýtingu eigna á svæðinu, meðal annars með áberandi auglýsingum með vísun í upplýsandi vef félagsins, þar sem allar óseldar eignir ríkisins á svæðinu eru kynntar og söluskilmálar tíundaðir," segir í yfirlýsingu Magnúsar Gunnarssonar, Árna Sigfússonar og Stefáns Þórarinssonar. - gar

Árni Sigfússon:

Vill ósannindi um sig leiðrétt

STJÓRNSÝSLA Árni Sigfússon bæjarstjóri krefst þess að tveir þingmenn leiðrétti ósannindi.

„Atli Gíslason sagði meðal annars að Reykjanesbær væri eigandi í Háskólavöllum, sem keypt hefði 1.700 íbúðir og ég væri þar stjórnarformaður," segir Árni, sem kveður þetta ósatt. Reykjanesbær eigi ekki í Háskólavöllum, hann sé þar ekki í stjórn og eigi ekki í félaginu. „Bjarni Harðarson fullyrti í ræðu fyrir alþjóð að ég ætti persónulega hluti bæði í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar og skólafélaginu Keili. Þetta eru einnig hrein ósannindi." Bjarni hefur tekið orð sín aftur. - gar

Birting skattaskráa sögð orka tvímælis

Persónuvernd hefur ítrekað jákvæða afstöðu til lagafrumvarps sem kemur í veg fyrir birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga. Ritstjóri Frjálsrar verslunar segir almenning hlynntan birtingunni, sem auki nauðsynlegt gegnsæi.

STJÓRNMÁL „Opinber birting upplýsinga úr álagningarskrám í fjölmiðlum orkar tvímælis," segir Persónuvernd í umsögn um lagafrumvarp sem miðar að því að opinberri birtingu álagningarskráa og skattskráa verði hætt.

Persónuvernd segir í umsögn sem fyrst var gefin í fyrra en ítrekuð fyrir nokkrum dögum að hafa verði í huga að álagningarskrár geymi ekki endanlegar upplýsingar um tekjur manna heldur séu þær bráðabirgðaskrár. Upplýsingar í þeim séu í mörgum tilvikum ekki réttar. Í því sambandi verði að líta til 7. greinar laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

„Þar er kveðið á um þá grundvallarreglu að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; óáreiðanlegar eða ófullkomnar upplýsingar beri að afmá eða leiðrétta," segir í umsögn Persónuverndar, sem kveðst ekki hafa athugasemdir við efni frumvarpsins enda samrýmist það sjónarmiðum um einkalífsvernd.

Álagningarskrár eru í dag aðgengilegar almenningi á skattstofum í tvær vikur eftir að álagningu lýkur. Mega fjölmiðlar birta upplýsingar úr þeim á þessu afmarkaða tímabili. Verði frumvarpið að lögum mun þessi opinbera birting leggjast af. Frumvarpið var fyrst lagt fram árið 2005 af níu alþingismönnum Sjálfstæðisflokks.

Tímaritið Frjáls verslun hefur um árabil gefið út ritið Tekjublaðið með upplýsingum um launatekjur valinna hópa. Útreikningar tímaritsins eru byggðir á álagningarskrám.

„Við værum ekki að gefa þetta út nema það samrýmdist okkar skoðunum um birtingu á þessum upplýsingu," segir Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar.

FLUTNINGSMENNIRNIR Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson eru flutningsmenn frumvarps sem miðar að því að hætt verði að birta opinberlega álagningarskrár frá skattstjórum landsins. MYND/SIGURÐUR JÖKULL

JÓN G. HAUKSSON Ritstjóri Frjálsrar verslunar.

TEKJUBLÖÐIN Frjáls verslun hefur um árabil gefið út sérrit um tekjur valinna einstaklinga og Mannlíf var einnig með slíka útgáfu í sumar.

Jón segir Tekjublaðið auka nauðsynlegt gegnsæi á vinnumarkaði. „Þetta er sterkt tæki gegn launaleyndinni sem að mati margra hefur haldið launum niðri hjá til dæmis konum. Þarna eru líka upplýsingar um hverjir standa undir samhjálpinni með sköttum. Við höfum einnig talið að þessar upplýsingar komi í veg fyrir gróusögur um það til dæmis að hinir og þessir borgi enga skatta þrátt fyrir að berast á," segir Jón.

Aðspurður kveður Jón það vera sína tilfinningu að almenningur sé hlynntur því að upplýsingar séu birtar úr álagningarskrám eins og verið hefur. „Vísbending um það er kannski salan á okkar blaði sem er vel á annan tug þúsunda eintaka," segir Jón G. Hauksson. - gar

Frammistaða nýbúabarna í námskönnun kemur ekki á óvart:

Efla þarf stuðning við nýbúabörn

MENNTUN Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir það ekki koma á óvart að nýbúabörn komi mun verr út en íslensk börn í PISA-könnuninni, sem kynnt var í vikunni og Fréttablaðið sagði frá í gær, . Hann telur að efla þurfi íslenskukennslu og stuðning við þessi börn, til dæmis í gegnum mentorakerfið.

„Allt kerfið þarf að herða sig. Við þurfum að átta okkur á því að það tekur tíma fyrir hvern og einn að tileinka sér nýtt tungumál," segir Einar og telur nýbúana þurfa aukinn stuðning, til dæmis við heimanám, því foreldrarnir séu oft ekki í stakk búnir til að veita þá aðstoð. Þá megi gjarnan búa til fyrirmyndir í gegnum mentorakerfið.

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu, kveðst hafa áhyggjur af skólunum, undirmönnun geti haft áhrif á skólastarfið. Hún bendir á að það taki mörg ár að ná skólamáli, miklu fyrr þurfi því að byrja að vinna með skólaorðaforða. Vinna megi markvisst með lesskilning og þjálfa kennara í kennsluháttum sem koma þessum nemendum til góða.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir það áhyggjuefni hve illa nýbúabörnin komi úr PISA-könnuninni. Íslenskukennslan hafi verið bætt og betur sé haldið utan um íslenskukennslu í skólum.

„Ég hef áhyggjur af frístundalestri, lesturinn heima er með allt öðrum hætti í dag en var fyrir tíu árum. Skólakerfið verður að taka mið af breyttum aðstæðum auk þess sem foreldrar geta ekki ýtt öllu yfir á skólakerfið." - ghs

Frábært úrval
af vinsælum leikföngum

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

STÓRI BÍLATURNINN
Hann gefur frá sér hljóð og tveir bílar fylgja.
3.999kr

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt kortatímabil!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





Sól á Suðurlandi segir Títansamning hljóta að fá meiri og betri umfjöllun:

Ósiðlegur gjörningur ráðherra

UMHVERFISMÁL „Við fögnum þessu auðvitað, því ef ég skil orðið rétt var þetta valdníðsla. Það er ósiðlegur gjörningur að gera þetta svona rétt fyrir kosningar, þegjandi og hljóðalaust," segir Svanborg R. Jónsdóttir, ein talskvenna Sólar í Suðurlandi.

Ríkisendurskoðun hefur komist að því að samkomulag þriggja ráðherra; Árna Mathiesen, Guðna Ágústssonar, og Jóns Sigurðssonar, um að Landsvirkjun yfirtaki vatnsréttindi ríkisins í Þjórsá sé ekki bindandi fyrir ríkið. Eðlilegt hefði verið að gera fyrirvara um samþykkt Alþingis.

Samkomulagið var undirritað þremur dögum fyrir síðustu alþingiskosningar, án þess að greint væri frá því opinberlega. Hafa þeir Jón og Árni bent hvor á annan til ábyrgðar um að láðst hafi að gera það.

ÞJÓRSÁ Talskona Sólar á Suðurlandi sakar ráðherra um valdníðslu.

Svanborg segir þessa meðferð á ríkiseigum afar óeðlilega. „Þetta er gjöf til fyrirtækis sem hefur verið talað um að eigi að fara að selja á markaði. Við höfum ekkert heyrt um að samið hafi verið um verð á þessari eign ríkisins. Það er því eðlilegt að þetta gangi til baka og fái opinbera málsmeðferð."

Umboðsmenn Landsvirkjunar hafi alltaf gengið út frá þessum samningi í viðræðum við landeigendur í neðri hluta Þjórsár.

„Þessir samningar og loforð sem Landsvirkjun hefur verið að gera við landeigendur við ána. Það hlýtur allt að fara í aðra umferð."

- kóþ

Feður orðnir virkari

Fyrsta rannsóknin á áhrifum fyrir og eftir gildistöku fæðingarorlofslaganna frá 2000 bendir til að feður annist börn sín í ríkari mæli en áður, einnig eftir að fæðingarorlofi lýkur. Munur á vinnutíma feðra og mæðra hefur minnkað.

JAFNRÉTTI Feður barna sem fæddust árið 2003 annast þau í mun ríkari mæli en feður barna sem fæddust árið 1997. Þá hefur bilið á milli vinnutíma feðra og mæðra við þriggja ára aldur barns minnkað á sama tímabili úr þrettán vinnustundum á viku niður í níu. Þetta kemur fram í rannsókninni „Fæðingarorlof: Löggjöf og lífstíll" sem Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, gerði og kynnti í gær fyrstu niðurstöður úr.

Er þetta fyrsta rannsóknin sem metur áhrif nýrra fæðingarorlofslaga, þar sem kveðið er á um þriggja mánaða feðraorlof, með því að bera saman hvernig foreldrar ungra barna höguðu atvinnuþátttöku og umönnun barna annars vegar áður en lögin tóku gildi og hins vegar eftir að þau tóku að fullu gildi árið 2003. Var fyrri könnunin gerð 2001 og seinni 2007.

Fram kemur að þátttaka feðra í fæðingarorlofi hefur ekki einungis skammtímaáhrif í þann tíma sem þeir eru í orlofi heldur hefur hún víðtækari áhrif til lengri tíma á lífshætti fjölskyldna. Guðný skoðaði hvernig foreldrar skipta með sér umönnun barnsins á daginn. Strax eftir fæðingu eru báðir foreldrar mikið með barninu og jókst hlutfall feðra þar mikið milli kannanna. „En á fyrstu ævimánuðum eru meira en áttatíu prósent tilfella móðirin alfarið eða mestu leyti. Eftir því sem barnið verður eldra fer það hlutfall smám saman lækkandi. Við þriggja ára aldur er hlutfallið þar sem móðirin annast barnið alfarið eða að mestu leyti komið niður í 46 prósent tilfella og hlutfallið þar sem foreldrar skipta umönnun jafnt á milli sín orðið stærra, eða rétt tæp fimmtíu prósent."





Í rannsókninni kemur fram að munurinn á vinnutíma feðra og mæðra hefur minnkað undanfarin ár. Árið 2001 unnu feður þrettán tímum meira á viku en mæður þegar barnið hafði náð þriggja ára aldri. Þessi munur hafði minnkað niður í níu stundir árið 2007. „Það hefur almennt orðið breyting í þá átt að karlar vinna minna og konur meira en breytingin sem kemur fram á vinnutíma foreldra í rannsókninni er miklu hraðari en á vinnumarkaði almennt."

Guðný segist hafa fundið mikinn áhuga erlendis á rannsókn sinni. „Við erum landið sem er komið lengst og fólk bíður spennt eftir að sjá hver reynslan verður hér. Noregur er kominn með sex vikur í feðraorlof, Svíþjóð með tvo mánuði, Þjóðverjar komnir með tvo mánuði og í Finnlandi er mikil umræða um þetta. Evrópa öll er að skoða málið."

sdg@frettabladid.is

JÓLASTEMNING Á BÍLDSHÖFÐANUM Í DAG!

- Sérútbúnir hjálparsveitabílar, snjóbílar, bátar og snjósleðar til sýnis
- Klifurveggur fyrir börnin
- Leiðsögn á GPS tæki frá reyndum hjálparsveitarmönnum
- Stúlknakór syngur kl. 12:00 & 14:00
- Coca Cola & Prince Polo í boði

N1 styrkir Slysavarnafélagið Landsbjörgu

NÝTT KORTATÍMABIL

Léttgreiðslur

Verkfæraskápur á hjólum með verkfærum
7 skúffur á brautum, 147 stk.
69.900,-

GRJÓTHARÐIR JÓLAPAKKAR

Upplifðu jólastemninguna í stórverslun N1, í Bíldshöfða 9

TILBOÐ

GARMIN Nüvi 250
Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort. Kenslubók frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu fylgir með.

22.490,-
~~33.000~~

Hleðsluborvél m/höggi, 12V
310W, 48NM 2X2,6Ah NiMH rafhlöður, 30 mín. hleðslutæki. Góð taska fylgir.

26.900,-

Hleðslutæki m/útvarpi, 1,25-3 Amp
1 klst. hleðslutæki, 7,2-18V NiCd/NiMh.

16.900,-

BOSCH
Slípirokkur, 1100W

15.900,-

Magnari
Soundstream Tarantula magnari, 2 rása, 560W, RMS@4 Ohm, 18dB Bass Boost.

19.900,-

Hljómflutningstæki/DVD
Soundstream bíltæki DVD/CD/AM/FM/MP3/MP4 með 3,6" skjá. Ipod tengimöguleiki, bluetooth, SD kort, USB tengi, hægt að horfa á DVD á skjánum. 4 Rása 4x50 W Mosfet og auka bassaútgangur. 4 RCA og 1 RCA bassi. Mótorstýrð framhlið.

25.900,-

Topplyklasett, 161 stk.

19.900,-

Verkfærakista m/verkfærum, 94 stk.

19.900,-

Tilboðin gilda til áramóta eða meðan birgðir endast

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

Opið í dag 10-16

Engin hætta er á gosi, þrátt fyrir mikla hveralykt í Reykjavík síðustu daga:

Fýlan er af Hellisheiðarvirkjun

UMHVERFISMÁL Hveralyktin sem hefur fundist öðru hvoru í Reykjavíkurborg síðustu daga stafar af Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun og má búast við henni áfram, verði tíðarfar svipað.

„Í þeim myndast brennisteinsvetni, sem veldur þessari hveralykt og hún berst svo með gufunni. Við fundum fyrir þessu eftir tilkomu Nesjavallarvirkjunar en það jókst með Hellisheiðarvirkjun," segir Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna hjá umhverfissviði borgarinnar.

Hann segir að mælitæki sín sýni að lyktarkúrvan sé á hraðri uppleið. Þó þarf vindur að vera 1 til 2 metrar á sekúndu, gola eða andvari, og vera á aust-suðaustan.

Utan vinds og vindáttar þarf lágt hitastig að bætast við og því finnst minni lykt á sumrin.

Þess má geta að lyktarmengun er ein ástæða þess að Hvergerðingar leggjast gegn væntanlegri Bitruvirkjun. Hún yrði í rúmlega fjögurra kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og er talið að lyktarmengun verði í bænum sjötíu daga á ári. „Hvernig ætli íbúum í miðbæ Reykjavíkur líkaði að hafa Nesjavallavirkjun í Árbæjarhverfi?" spyr Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hvergerðinga. Vegalengdirnar séu svipaðar. - kóþ

FRÁ BÚSTAÐAVEGI Gufustrókar virkjananna sjást greinilega á góðum degi í Reykjavík. Líklega bætist einn strókur við, þegar Bitruvirkjun tekur til starfa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjávarútvegsráðuneytið:

Nýjar nefndir um fiskeldismál

FISKELDI Sjávarútvegsráðherra hefur skipað tvær nýjar nefndir um fiskeldismál. Annars vegar er um að ræða nefnd um aðgerðir til eflingar þorskeldis hérlendis, og hins vegar nefnd sem kanna á forsendur kræklingaræktar.

Formaður nefndarinnar um eflingu þorskeldis er Kristinn Hugason, búfjárkynbóta- og stjórnsýslufræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mun skila ráðherra áfangaskýrslu í mars næstkomandi.

Formaður nefndarinnar um kræklingarækt er Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Borgunar hf. - sþs

GRANNÁLFUSAMRÁÐ Vegfarendur skoða stílfært landakort af Evrópusambandinu og Afríku á fundarstaðnum í Lissabon.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópsk-afrískt samráð

Leiðtogar flestra hinna samtals 80 aðildarríkja Evrópusambandsins og Afríkusambandsins funda um samstarf álfanna tveggja í Lissabon um helgina.

LISSABON, AP Á sameiginlegum leiðtogafundi Evrópusambandsins og Afríkusambandsins í Lissabon um helgina hyggjast leiðtogar álfanna tveggja freista þess að ýta til hliðar ágreiningsefnum sem eiga rætur að rekja til arfleifðar nýlendutímans og marka samstarfi álfanna markmið sem skili þeim báðum áþreifanlegum ávinningi.

Þetta er í fyrsta sinn í sjö ár sem svo til allir leiðtogar hinna 27 aðildarríkja ESB og 53 aðildarríkja Afríkusambandsins hittast á sameiginlegum fundi.

Evrópuríkin hafa áhyggjur af þverrandi áhrifum í grannálfunni í suðri, sem reiknað er með að verði einn mesti vaxtarmarkaður heims á næstu árum og áratugum. Þau vilja binda Afríkuríkin nánari tengslum við Evrópu, einkum á sviði verslunar og viðskipta.

Afríkuríkin hafa aftur á móti í hyggju að njóta stuðnings Evrópuríkjanna við að bæta lífskjör í álfunni. Þrátt fyrir hagvöxt á allra síðustu árum lifa enn um fjörutíu prósent af íbúum Afríku sunnan Sahara á því sem samsvarar innan við sextíu krónum á dag.

Umtalaðasta atriðið í aðdraganda fundarins var þó ekki málefnin, heldur hvort Robert Mugabe Simbabveforseta skyldi boðið til hans eður ei. Leiðtogar annarra Afríkuríkja hótuðu að mæta ekki ef honum yrði ekki boðið, og í mótmælaskyni við að það skyldi verða niðurstaðan hefur Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, ákveðið að sniðganga fundinn.

„Við verðum að líta á þennan fund sem upphafið að nýjum tímum í samskiptum Evrópu og Afríku," sagði Louis Michel, sem fer með þróunarmál í framkvæmdastjórn ESB. Ýmis ljón eru þó í veginum.

Evrópuríki hafa á síðustu árum kosið frekar að efla tengsl við þróunarlönd á borð við Indland og Brasilíu, þar sem tengsl við Afríku hafa gjarnan strandað á málum eins og mannréttindum, spillingu og pólitískum óstöðugleika.

Afríska þjóðarleiðtogar kvarta aftur á móti undan því sem þeir skynja sem yfirlætislegar lexíur frá fyrrverandi nýlenduveldum, sem nú eru í Evrópusambandinu.

audunn@frettabladid.is

Leifar af 150 milljóna ára gömlu sæskrímsli:

Sagt vera af áður óþekktri eðlu

NOREGUR, AP Norskir vísindamenn á Svalbarða hafa fundið leifar af forsögulegu sæskrímsli á stærð við strætisvagn. Jörn Harald Hurum við Óslóarháskóla, sem fór fyrir rannsókninni, segir verið geta að um sé að ræða afbrigði risaeðlu sem aldrei hafi fundist ummerki um áður.

Við uppgröftinn á Svalbarða síðsumars í ár fundust tennur, brot úr hauskúpu og beinagrind skriðdýrs sem virðist hafa verið um tólf metrar að lengd, að sögn Hurums. „Svo virðist sem þetta skrímsli sé alveg ný tegund," tjáði hann AP-fréttastofunni.

Risaeðluleifarnar virðast vera af sams konar dýri og leifar fundust úr í fyrra skammt frá núverandi uppgraftarstað á Svalbarða. Rannsóknarteymi Hurums segir hinar 150 milljón ára gömlu beinaleifar hafa tilheyrt stutthálsa svaneðlu (plesiosaur), sem hafi verið minnst tíu metrar að lengd og með „tennur stærri en gúrkur".

Svaneðlan var illvíg ráneðla sem lifði í sjó og hefur oft verið sögð „Tyrannosaurus Rex" (grameðla) hafsins.

Hurum segir að enn sem komið er sé aðeins búið að grafa út þriggja metra bút af beinagrind eðlunnar. Uppgreftrinum verði fram haldið næsta sumar. - aa

SÆSKRÍMSLI Á Svalbarða hafa fundist tennur, brot úr hauskúpu og beinagrind skriðdýrs sem virðist hafa verið um tólf metra langt.

RAUFARHÖFN Kvótaniðurskurður veldur vanda.

Alvarleg staða á Raufarhöfn:

Finni tækifæri í atvinnusköpun

ATVINNUMÁL „Sú ákvörðun ríkisvaldsins að skerða aflaheimildir í þorski um 30 prósent hefur skapað alvarlegt ástand í atvinnumálum á Raufarhöfn," segir meirihlutinn í sveitarstjórn Norðurþings sem falið hefur byggðarráði að skipa starfshóp á Raufarhöfn sem draga á fram möguleg tækifæri til atvinnusköpunar.

„Stefnt skal að því að niðurstöður liggi fyrir í lok febrúar og í framhaldinu verði boðað til borgarafundar á Raufarhöfn," segir sveitarstjórn Norðurþings, sem ætlar að bjóða þingmönnum kjördæmisins og ráðherra byggðamála að mæta á fundinn. - gar

ÞORLÁKSHÖFN Tillaga um helmingi lægri vatnsskatt var felld.

Bæjarstjórn Ölfuss:

Vatnsskattur ekki lækkaður

SVEITARSTJÓRNIR „Í ljósi þess að vatnsveita sveitarfélagsins hefur verið gerð upp með milljóna hagnaði undanfarin ár og óheimilt er að innheimta hærri gjöld en nemur kostnaði teljum við rétt að lækka þetta gjald," segir minnihlutinn í bæjarstjórn Ölfuss sem lagði til að vatnsskatturinn yrði lækkaður um ríflega helmning, eða úr 0,15 prósentum í 0,07 prósent af fasteignamati.

Meirihlutinn felldi tillöguna sem einnig gerði ráð fyrir að holræsagjald yrði hækkað úr 0,17 prósentum í 0,24 prósent af fasteignamati þar sem sveitarsjóður væri að borga hluta af kostnaði við fráveitu í Þorlákshöfn. - gar

SJÁVARÚTVEGUR

Verð afla hækkar

Afli fyrstu tíu mánuði ársins, reiknaður á föstu verði, var fimm prósentum minni í ár en á sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram í Hagvísi Hagstofu Íslands. Verð á sjávarafla var hins vegar rúmlega 19 prósentum hærra fyrstu níu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.

SVANUR UM BORÐ Í SVANI Svarti svanurinn Pedra varð ástfanginn af hvítum svani í dýragarðinum í Münster í Þýskalandi vorið 2006 og hefur ekki vikið frá hlið hans síðan. Hvíti svanurinn er raunar hjólabátur og fær svarti svanurinn hér far með elskunni sinni ásamt dýragarðsstjóranum Jörg Adler.
NORDICPHOTOS/AFP

Samningar ríkislögreglustjóra og lögregluembættanna um árangursstjórnun:

Markvissari löggæsla í landinu

LÖGREGLUMÁL Mikilvægt skref til markvissari og öflugri löggæslu í landinu var stigið þegar samningar um árangursstjórnun voru undirritaðir nýverið af ríkislögreglustjóra og lögreglustjórum einstakra lögregluumdæma.

Samningar lögregluembættanna fimmtán eru mismunandi og taka mið af stöðumati hvers embættis fyrir sig þar sem gerð var ítarleg greining á starfsemi lögregluembættanna. Árangursstjórnunarsamningarnir taka mið af áherslum dóms- og kirkjumálaráðherra er fram koma í löggæsluáætlun 2007-2011.

Með árangursstjórnunarsamningunum verða löggæslustörf markvissari, árangur af þeim mælanlegur og ríkislögreglustjóra falin aukin viðfangsefni á sviði stjórnsýslu. Lögregluembættin munu skila fjögurra ára framtíðaráætlun til ríkislögreglustjóra fyrir árslok 2007. Þá mun ríkislögreglustjóri leiðbeina embættunum og taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem fram koma í langtímaáætlun hvers lögregluembættis.

Árlega munu ríkislögreglustjóri og einstakir lögreglustjórar taka sameiginlega afstöðu til árangurs af starfsemi lögregluembættisins.

- jss

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI Haraldur Johannessen undirritaði samninga við hvert lögregluembætti fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hagnaður Orkuveitunnar:

6,4 milljarðar síðan í janúar

ORKA Orkuveita Reykjavíkur var rekin með 6,4 milljarða hagnaði fyrstu níu mánuði ársins.

Á sama tíma í fyrra var 1,2 milljarða taprekstur á fyrirtækinu. Þá voru tekjur fyrirtækisins minni en í ár, eða 12,3 milljarðar. Þær voru 15,4 milljarðar fyrstu níu mánuði 2007.

En fyrirtækið er jafnframt skuldsettara en í fyrra. Erlendar skuldir nema nú 86,4 milljörðum í stað 70 milljarða um áramót.

Langtímaskuldirnar eru að mestu í erlendum gjaldmiðli. Gengishagnaður Orkuveitu nam 5,2 milljörðum á tímabilinu.

- kóþ

PÓLLAND-ÞÝSKALAND

Fallið frá málssókn

Pólskir saksóknarar upplýstu í gær að þeir hefðu fallið frá málssókn á hendur þýska dagblaðinu Die Tageszeitung (taz), en þeir fengu í júlí 2006 til rannsóknar hvort blaðið hefði gerst sekt um saknæma árás á mannorð pólska forsetans Lech Kaczynski með háðsádeilugrein þar sem honum var líkt við kartöflu.

Salurinn
LAUGARDAGUR 8. DES KL. 13
TKTK: GÍTARTÓNLEIKAR
JÓN GUÐMUNDSSON
Miðaverð 1500/500 kr.
SUNNUDAGUR 9. DES KL. 20
Ó Ó INGIBJÖRG – ÚTGÁFUT.
ÓSKAR, ÓMAR OG INGIBJÖRG GUÐJÓNSBÖRN
Miðaverð 2000/1600 kr.
LAUGARDAGUR 12. JAN KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
AÐEINS NOKKUR SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.
GEFÐU UPPLIFUN !
NÝ OG FALLEG GJAFAKORT OG MARGIR FRÁBÆRIR TÓNLEIKAR Í BOÐI !
SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Margir leikir ekki fyrir börn

Mikilvægt er að foreldrar þekki myndmerkingar tölvuleikja og kvikmynda. Meðalaldur þeirra sem spila tölvuleiki er 23 ár og hafa framleiðendur brugðist við því með framleiðslu tölvuleikja sem ekki eru við hæfi barna.

TÆKNI „Fyrir hvern er jólagjöfin?“ er yfirskrift SAFT, vakningarátaks um samfélag, fjölskyldu og tækni. SAFT vekur foreldra til athygli á aldurs- og efnismerkingum tölvuleikja og kvikmynda nú fyrir jólin.

Guðberg Jónsson, verkefnastjóri SAFT, segir mikilvægt að foreldrar þekki merkingarnar og að umræðunni um aldursmörk á tölvuleikjum og kvikmyndum sé haldið lifandi.

„Það er til dæmis algengur misskilningur að sé tölvuleikur merktur plús þrír sé hann fyrir þriggja ára börn en það þýðir í raun að búast megi við börn að yngri en þriggja ára skilji ekki leikinn. Hann getur því allt eins hæft fullorðnum.“

PEGI-myndmerkingar eru evrópskt flokkunarkerfi sem tekið hefur við af merkingum kvikmyndaeftirlitsins. Kerfinu er ætlað að tryggja að ólögráða börn fari ekki í leiki og horfi ekki á kvikmyndir sem ekki hæfa þeirra aldurshópi.

PEGI-MERKINGAR
Myndmerkingarnar sýna aldurstakmark, hvort ofbeldi er í leiknum, ljótt orðbragð, hvort leikurinn getur hrætt ung börn og hvort í honum er kynlíf, eiturlyf eða mismunun.

LEIKIR VIÐ HÆFI Mynddiskar og tölvuleikir eru merktir með aldurstakmarki og efnisvísi PEGI-flokkunarkerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

VINSÆLIR LEIKIR

World of Warcraft
Gears of War
Crysis
Guitar Hero III
God of War
Crash of the Titans
Mario Party 8
Ratatouille
Golden Compass
Transformers
Ratchet and Clank

Á síðustu árum hefur aldur þeirra sem spila tölvuleiki hækkað og er meðalaldur þeirra er nú rúmlega 23 ár. Framleiðendur hafa brugðist við með því að búa til leiki fyrir þennan aldurshóp en margir þeirra eru aðeins fyrir fólk eldra en 18 ára.

Þróun leikja fyrir eldri notendur hefur enn ekki vakið athygli allra foreldra og telja margir að leikirnir séu gerðir fyrir ung börn og eru ekki meðvitaðir um þessa breytingu þegar keyptir eru tölvuleikir.

Samkvæmt könnun SAFT eyða börn meiri tíma í tölvuleiki en áður. Árið 2003 eyddu þau 0,4 klukkustundum á dag en nú 1,6 klukkustundum. Aðeins fjögur prósent barna spila aldrei tölvuleiki.

Kerfið nýtur stuðnings leikjaframleiðenda á borð við PlayStation, Xbox og Nintendo, en á síðasta ári bættust kvikmyndir og tölvuleikir á netinu við.

Framleiðendur tölvuleikja og dreifingaraðilar koma sér saman um hver aldursvísirinn er. Þeir setja hann frekar hærra en lægra, því neytandi getur kært merkinguna til samevrópskrar nefndar og sé niðurstaðan sú að merkingin sé röng þarf að innkalla vöruna og merkja hana upp á nýtt. Því er minni áhætta falin í því að hækka aldursvísinn en að setja of lágan vísi.

Kerfið nýtur stuðnings framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og er það talið vera fyrirmynd að samhæfingu á sviði barnaverndar í Evrópu. Merkingarnar er að finna á hulstrum leikja og myndbanda, en einnig er hægt að fletta leikjum upp á heimasíðu PEGI, www.pegi.info/is.

eva@frettabladid.is

LAUGASKARÐ Nánast allt kvikt drapst í Varmá neðan sundlaugarinnar.
MYND/EGILL BJARNASON

Stangveiðimenn:

Vilja rannsaka klór við veiðiár

UMHVERFISMÁL Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur skorar á Umhverfisstofnun að hefja strax úttekt á öryggismálum við sundlaugar um allt land. Klórmengunin í Varmá í Hveragerði sé ekki fyrsta tjónið sem verði í veiðiá vegna klórleka frá sundlaug. Mengunin sé mikið áfall fyrir bæjarfélagið, veiðifélagið og SVFR sem leigutaka árinnar.

„Þessir aðilar verða af miklum tekjum þar sem allar horfur eru á að ekki verði hægt að veiða í ánni í ótiltekinn tíma,“ segir stjórn SVFR og bendir á að Varmá sé einstakt veiðisvæði því þar séu allar ferskvatnstegundir fiska sem séu í veiðiám á Íslandi.

- gar

Jólalest

Coca-Cola®

kemur í bæinn í dag

Jólalestin heldur af stað kl. **15:30 frá höfuðstöðvum Vífilells** að Stuðlahálsi og mun ferðast um helstu hverfi höfuðborgarsvæðisins með stuttri viðkomu í Smáralindinni kl. 18:00 - en þá hefjast Litlu-jól FM 95.7 - þaðan er ferðinni svo áfram haldið.
Áætlað er að ferð jólalestarinnar ljúki kl. 20:00.

Fylgist með ferðum jólalestarinnar sem verður lýst í beinni útsendingu á Jólastöðinni FM 96.7

Að góðfúslegri beiðni lögreglunnar leggjum við höfuðáherslu á öryggi áhorfenda og biðjum því fólk að **sýna aðgát og koma ekki of nálægt lestinni.**

Nánari uplýsingar á coke.is

LÉTT BYLGJAN 967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

jólin Coke megin í lífinu™

LUKKU POTTUR

GLÆSILEGIR VINNINGAR!

Taktu þátt og þú getur unnið:

1. **100.000 kr.** Inneign í Húsgagnahöllinni
   Húsgagnahöllin býður þér fjölbreytt úrval húsgagna & húsbúnaðar á 3. hæðum, þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
2. **50.000 kr.** Inneign í Húsgagnahöllinni
   Fjölbreytt úrval af jóla- og gjafavöru, fallegum húsgögnum og fylgihlutum fyrir heimilið.
3. **39.980 kr.** Pottasett frá Bodum
   Glæsilegt sett með hágæða pottum frá bodum sem er þekkt fyrir fallegar vörur þar sem flott hönnun og notagildi fara saman.

OPN

60%



CARDIFF 2 sæta sófi B: 164 D: 88 natur kr. **19.990** áður kr. ~~59.980~~
CARDIFF 2½ sæta sófi B: 194 D: 88 natur kr. **23.990** áður kr. ~~64.980~~
CARDIFF 3 sæta B: 214 D: 88 natur kr**. 26.990** áður kr. ~~69.980~~

23.990
áður: 64.980

JULIE ljósakróna, króm eða svört kr. **9.980** áður kr. ~~22.980~~

JULIE borðstofustóll, svartur króm.
2.980
áður: 6.980

BARBETTE borðstofuborð eik, hátt L:120 B:120 H:92 cm.
19.990
áður: 79.980

FYRSTU 20 STÓLARNIR
CURVE HÆGINDASTÓLL:
9.990
áður kr. 49.980
kr. 19.980 eftir fyrstu 20

CURVE hægindastóll, sebrano B:61,5 H:50/97 cm.

LAUGARDAGUR TIL LUKKU
TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í DAG

HÚSGAGNAHÖLLIN

UM KL. 8

FYRSTU 20 STÓLARNIR

COSMO
LA-Z-BOY STÓLL:

19.990

áður kr. 49.980
kr. 24.980 eftir fyrstu 20

COSMO la-z-boy stóll, B.80 D.80 H.46/102 cm, fæst hvítur og grænn
FYRSTU 20 STÓLARNIR kr.**19.990** en kr. **24.980** eftir það. Áður: ~~49.980~~

Fleiri góð tilboð sjá: www.husgagnahollin.is

ZONE vasi:
99
áður: 240

ZONE cappocino mót:
99
áður: 2.490

BODUM thermoskál: 2.990/áður: 8.980

BODUM kryddkvörn, rafmagns: 2.990/áður: 6.980

BODUM ketill 2,5 L:
2.490/áður: 3.980

ESPRESSO kanna:
790/áður: 1.490

ZONE framreiðslufat 40x31 cm: 1.980/áður: 3.380

20% AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU

auk sértilboða - gildir aðeins í dag laugardag

Alþjóðlegur metsöluhöfundur

Bláklæddu stúlkurnar tvær

Tíburunum Kathy og Kelly, er rænt á þriggja ára afmælisdeginum þeirra og foreldrar þeirra krafin um átta milljón dala lausnargjald. Orðið er við öllum skilmálum ræningjans en samt finnst aðeins Kelly og talið líklegt að Kathy hafi verið myrt. Meðan netið þrengist um ræningjann hangir líf Kathyar á bláþræði.

Um allan heim bíða lesendur í ofvæni eftir hverri nýrri bók metsöluhöfundarins Mary Higgins Clark. Sem fyrr fer þessi vinsæli höfundur á kostum og má fullyrða að nýja bókin hennar *Bláklæddu stúlkurnar tvær* gefur fyrri bókum hennar ekkert eftir.

Af lífshlaupi frumkvöðuls

Sótt á brattann

Um ævistarf þessa fjölhæfa frumkvöðuls má segja að hug hans og höndum hafi verið fátt ofviða sem hann fékk áhuga á. Ekki var þó mulið undir hann í bernsku og ungur maður fékk hann berklaveiki og glímdi lengi við hana.

Í bók sinni segir Ævar frá lífshlaupi sínu og viðfangsefnum svo að unun er að lesa. Ævar er löngu þjóðkunnur maður en lúpínuseyði hans hefur hjálpað fjölda manns til heilsu.

Fróðleikur fyrir lestrarhesta



Risaeðlur

Þetta er án efa ein allra glæsilegasta bók um risaeðlur sem út hefur komið. Frábærar flettiglærur og gagnvirkur geisladiskur skila lesendum inn í heim furðulegustu dýra sem gengið hafa hér á jörð.

Ómissandi í eldhúsið

Kjúklingaréttir

Nýstárlegt og frábært uppsláttarverk fyrir alla sem fást við matargerð, frá byrjanda til meistara. Sex efnisflokkar, frá einföldum forréttum og súpum að spennandi grillréttum og framandlegum, sterkkrydduðum og bragðmiklum réttum. Uppskriftirnar eru mjög aðgengilegar og fjöldi glæsilegra leiðbeiningamynda sýna lykilþætti í hverri uppskrift.

www.skjaldborg.is

Skjaldborg

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
6.433 **+0,18%**

Fjöldi viðskipta: 419
Velta: 7.187 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
KAUPÞING	1,76%	365	2,51%
MAREL	1,13%	SPRON	2,22%
ATORKA	1,00%	EIK BANKI	1,85%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,10 +1,00% ... Bakkavör 58,70 +0,51% ... Eimskipafélagið 36,40 +0,28% ... Exista 22,50 +0,22% ... FL Group 15,60 -0,32% ... Glitnir 23,00 +0,44% ... Icelandair 27,50 +0,00% ... Kaupþing 867,00 +1,79% ... Landsbankinn 35,70 +0,85% ... Straumur-Burðarás 15,55 -0,64% ... Össur 98,00 -1,21% ... Teymi 5,95 +0,85%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Stórihvellur ólíklegur

Væntingar um mikla arðgreiðslu hjá Sampo í vor eða útspil sem breytir norrænum bankamarkaði kunna að vera á veikum grunni byggðar. Þetta segir í nýrri greiningu SEB Enskilda bankans á sænska tryggingafélaginu. Exista á fimmtungshlut í Sampo.

Enskilda mælir með kaupum í félaginu og segir markgengi bréfa þess vera 23,5 evrur á hlut, en það hefur verið rétt undir tuttugu evrum.

„Fundur okkar með stjórnendum Sampo bendir til að rekstur sé í góðum gangi hjá félagsinu, en væntingar um „stórahvell“ í kynningu fyrir fjórða ársfjórðung kunni að vera úr lausu lofti gripnar,“ segir Mika Koskinen, sérfræðingur Enskilda, í greiningunni. Félagið er ekki sagt munu herða á í áætlunum um að kaupa til baka eigin bréf, nú þegar Exista er talið ólíklegt til að auka enn við hlut sinn. „Jafnvel þótt Exista gæti hugsanlega orðið stórt á söluhliðinni,“ er bætt við. Sampo er enn fremur talið munu fara sér hægt í að auka hlut sinn í Nordea, stærsta banka Norðurlanda, þar sem félagið á þegar 7,9 prósenta hlut. - óká

Fyrsta hækkun vikunnar í Kauphöllinni

Úrvalsvísitalan hækkaði í fyrsta sinn í gær eftir afleita viku. Fjárfestar vestanhafs bundu miklar vonir við aðgerðir ríkisstjórnar Bush, sem vonast var til að gæti greitt úr vanda tekjulágra fasteignaeigenda.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 0,81 prósent í gær. Þetta var fyrsta hækkunin eftir viðvarandi lækkun síðastliðna fjóra daga á undan. Mest var hækkunin á gengi bréfa í Kaupþingi, 1,76 prósent.

Gengi banka og fjárfestingarfyrirtækja í Kauphöllinni lækkaði talsvert í vikunni, mest í FL Group, en viðskipti voru stöðvuð með bréf í félaginu á þriðjudag vegna yfirvofandi forstjóraskipta. Þegar viðskipti hófust aftur með þau á miðvikudag féll gengið um rúm átján prósent í fyrstu viðskiptum. Fjöldi fjármálafyrirtækja féll á sama tíma og dró Úrvalsvísitöluna niður um 6,6 prósent. Þetta var langversta byrjunin í Kauphöllinni frá upphafi og þurrkaði um tíma alla hækkun hennar á árinu út. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, sagði í samtali við Fréttablaðið í vikunni að hlutabréfamarkaðurinn einkenndist af óvissu í kjölfar forstjóraskipta hjá FL Group og menn væru að rýna í stöðuna.

Stemningin var öllu betri á erlendum hlutabréfamörkuðum, ekki síst eftir að út spurðist að bandarísk stjórnvöld væru með aðgerð í undirbúningi sem koma

TILLÖGURNAR KYNNTAR Í HVÍTA HÚSINU Vonbrigði voru með tillögurnar sem þeir George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, og Henry Paulson fjármálaráðherra kynntu á fimmtudag og létta eiga undir með fasteignaeigendum vestanhafs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÞRÓUN HELSTU MARKAÐA

30. nóvember til 7. desember 2007

OMX Copenhagen 20	+0,5%
OMX Helsinki 25	+0,2%
OMX Iceland 15	-8,6%
OMX Stockholm 30	-0,1%
FTSE100	+1,9%
Nasdaq*	+1,6%
Dow Jones*	+2,3%
Nikkei 225	+1,8%

**Fyrir lokun markaða*

ætti þeim fasteignaeigendum til bjargar sem lent hefðu í erfiðleikum með greiðslur af lánum sínum, auk þess sem vonast er til að lækkun á bandarískum fasteignamarkaði snúist við. Vanskil lánanna eru einmitt rót lausafjárkreppunnar sem höggvið hefur skarð í afkomu fjármálafyrirtækja víða um heim.

Tillögurnar sem kynntar voru á fimmtudag ollu hins vegar vonbrigðum enda beindust þær ekki að svokölluðum undirmálslánum eins og vonast var til heldur að þeim sem tekið höfðu ný lán. Vaxtagreiðslur þeirra verða frystar til fimm ára hið mesta. Lánafyrirtækjum verður á móti í sjálfsvald sett hvort þau létti vaxtabyrðina á herðum viðskiptavina sinna.

Fréttaveita Bloomberg hefur eftir fjármálasérfræðingum að tillögurnar séu vonbrigði enda hafi stjórnvöld gripið of seint í taumana auk þess sem óvíst sé hvort aðgerðirnar skili þeim ávinningi sem eftir var sóst. jonab@frettabladid.is

30% afsláttur

8.395 kr/pk. m/afsl.
Pirates of the caribbean

2.990 kr/pk. m/afsl.
Wildlife sett

40% afsláttur

3.595 kr/pk. m/afsl.
Mega block Pirates - Spiderman

30% afsláttur

2.445 kr/pk. m/afsl.
Barbie sportbíll

40% afsláttur

5.995 kr/pk. m/afsl.
Þríhjól

30% afsláttur

2.795 kr/pk. m/afsl.
Mega blocks kubbar - 80 stk.

30% afsláttur

2.795 kr/pk. m/afsl.
Dora the explorer

30% afsláttur

4.895 kr/pk. m/afsl.
Bratz 3 in 1 movie

25% afsláttur

BÓK
Hér kemur doddi

1.790 kr/stk
Hairspray - DVD

25% afsláttur

DVD
Doddi - Þættir 1 - 8

25% afsláttur

Púsluspil
Doddi og hjólaskautarnir

1.790 kr/stk
Bratz - DVD

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 8. desember til 9. desember
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

skoðun

greinar@frettabladid.is

Óhagstæð þróun á mörkuðum hefur víða áhrif.

Auðmenn og almenningur

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Fólk mun ekki græða mikið á hlutabréfakaupum í ár. Hækkun á verði hlutabréfa stærstu fyrirtækja í Kauphöll Íslands, sem mynda úrvalsvísitöluna, hefur að mestu leyti gengið til baka. Það er mikil breyting frá því sem verið hefur síðustu ár. Margir spáðu að hlutabréfaverð myndi hækka um allt að fjörutíu prósent á árinu.

Umfjöllun um fall hlutabréfa tengist sjálfkrafa stærstu eigendum skráðra félaga. Þeir eiga mestra hagsmuna að gæta. Athafnamenn hafa því verið áberandi í fjölmiðlum undanfarna daga. Verðmæti eigna þeirra hefur minnkað um tugi milljarða króna. Og ekki sér fyrir endann á lækkununum. Óvissan um framtíðina á hlutabréfamörkuðunum er enn mikil.

Það hlakkar í sumum yfir þessari þróun. Það er kannski eðlilegt. Mikil umræða hefur verið um misskiptingu í íslensku þjóðfélagi undanfarin ár. Mjög margir einstaklingar hafa orðið sterkefnaðir. Stjórnmálamenn stökkva oft fram þegar rætt er um laun æðstu stjórnenda. Sagðar eru fréttir af húsum sem eru rifin til að byggja ný og flottari hús. Fólk er orðið ónæmt fyrir tölum og nú skipta milljónir ekki máli heldur er talað um milljarða. Fyrirtæki sýna betri afkomu ár eftir ár. Fjárfestar innleysa milljarða í hagnað af fjárfestingum sínum. Þetta hefur verið góður tími fyrir þá sem eiga peninga.

Er þá ekki bara ágætt að menn fari loksins að tapa peningum fyrst þeir hafa grætt svona mikið undanfarin ár? Það má vel vera að einhverjum líði betur þegar fólk verður fátækara en áður. Lífsgæðakapphlaupið hefur alltaf snúist um hlutfallslegan samanburð. Fólk er ánægt með fjölskyldubílinn þangað til nágranninn fær sér flottari bíl.

Það er ekki alltaf augljóst hvernig hagsmunir almennings og athafnamanna fara saman. Athafnamennirnir byggja upp og stjórna fyrirtækjum sem almenningur getur fjárfest í. Lífeyrissjóðir kaupa einnig í fyrirtækjum þegar þeir ávaxta peninga tugþúsunda sjóðsfélaga. Fyrirtæki veita fólki spennandi störf og góð laun. Tækifæri hafa skapast fyrir fjölmarga að nýta menntun sína á Íslandi í stað þess að starfa erlendis. Stórfyrirtæki eiga í viðskiptum við smærri fyrirtæki. Hagsmunir eigenda og almennings eru samofnir.

Aukin umsvif og hagnaður fyrirtækja auka líka tekjur hins opinbera. Aðeins þannig geta stjórnmálamenn hrint í framkvæmd mörgum verkefnum sem þeir telja nauðsynleg. Alþingis- og sveitarstjórnarmenn búa ekki til neina peninga. Þeir fá peninga frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sem dæmi borguðu einstaklingar rúma sextán milljarða í fjármagnstekjuskatt í fyrra. Fyrirtæki í Reykjavík greiddu tuttugu milljarða í opinber gjöld. Sá einstaklingur sem greiddi mest, Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings, greiddi um 400 milljónir króna í fyrra. Velferðarkerfið er fjármagnað að hluta með öllum þessum greiðslum.

Búast má við að þessar greiðslur hækki ekki eins mikið í ár og búist var við. Óhagstæð þróun á hlutabréfamörkuðum í heiminum hefur áhrif þar á. Það eru ekki bara einstaka auðmenn sem tapa peningum við þessar aðstæður. Þetta hefur áhrif á lífskjör alls almennings.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ný læknasamtök

Fundur borgarstjórnar á þriðjudag stóð langt fram á kvöld. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lagði þar fram fjárhagsáætlun borgarinnar í fyrsta sinn og Ólafur F. Magnússon stýrði sínum fyrsta borgarstjórnarfundi.

Hörð atlaga var gerð að meirihlutanum, sérstaklega gagnrýndi minnihlutinn að hann hefur ekki lagt fram neina málefnaskrá. Eftir að fundi lauk gerðu borgarfulltrúar sér dálítinn dagamun og voru fluttar nokkrar tölur. Gísli Marteinn Baldursson var meðal þeirra sem kvöddu sér hljóðs. Benti hann á þá Dag og Ólaf og sagði að saman gætu þeir myndað samtökin Læknar án málefna.

Sleppt og haldið

„Þeir sem þakka sér sólskinið verða að láta sér lynda að þeim verði kennt um rigninguna," sagði Jón Magnússon, þingmaður frjálslyndra, í umræðum um PISA-rannsóknina á þingi í gær. Þar bentu stjórnarandstæðingar á að ráðherrar Sjálfstæðisflokks hefðu verið fljótir til að berja sér á brjóst þegar góður árangur landsins í lífskjarakönnun Sameinuðu þjóðanna var kynntur, en þegar slælegur árangur í PISA-rannsókninni berist í tal segi sama fólk að það skipti engu máli. Reyndar vildi Jón Magnússon snúa þessu við. Hann kenndi ekki Sjálfstæðisflokknum um lélegan árangur í PISA en þakkaði þeim ekki heldur góðan árangur í lífskjarakönnun SÞ.

brjann@frettabladid.is
bergsteinn@frettabladid.is

Maður kyssir ekki karla

ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Hagur aldraða

Ég vaknaði snemma að morgni miðvikudags. Sagt er að það fylgi aldrinum. Ég læt það vera, sofna stundum aftur ef því er að skipta. Kvöldið áður hafði ég farið seint að sofa, lá með Guðna Ágústsson og las. Tók hann fram yfir Ágústu! Hitti hann svo í ræktinni snemma morguns og sagði honum frá þessu framhjáhaldi mínu. Við hlógum báðir enda er Guðni skemmtilegur pólitíkus. Samt finnst mér vænst um kaflana, þar sem hann segir frá uppvexti sínum og þjóðlífinu eins og það var til sveita forðum.

Þessa sveitasælu var ég svo heppinn að upplifa sjálfur í æsku minni, þótt ég forðist að tala um það. Þykir púkó. Yngsti sonur minn átti afmæli þennan dag. Sextán ára myndarlegur piltur (eins og pabbinn) sem hefur glatt mig alla daga og gerir enn. Ég öfunda hann að vera bara sextán og veit sem er að það þýðir víst lítið að bjóða honum upp á Guðna Ágústsson í afmælisgjöf. En hann fékk iPod í staðinn. Þetta er tíðarandinn og nákvæmlega eins og það hefur alltaf verið: „æ, pabbi, góði besti, hættu þessu gamla daga rausi". Hver kynslóð á sér sína ævi og sínar þrár og ég er raunar þeirrar skoðunar að hvert tímabil í mannkynssögunni hafi sitt gildi og sé ekki verra en hvað annað. Líf unglinga á miðri síðustu öld var dásamlegt ævintýri og jafn spennandi og ögrandi og líf unglinganna nú á tímum.

Í sparifötunum

Ég var sem sagt illa sofinn að morgni miðvikudags. Sem er sosum ekki í frásögur færandi nema það að mín beið langur og strangur dagur. Fundur hér og ræða þar og ekki gleyma að fara í apótekið. Og skutlast. Maður er alltaf að skutlast hingað og þangað, þótt maður viti ekki alltaf hversvegna. En hvað um það, ég fór meira að segja í sparifötin af einskærri tilhlökkun. Að minnsta kosti til vonar og vara. Daginn áður hafði ég enn og aftur tekið þátt í umræðum um aðgerðir í þágu aldraðra og vissi að nú var úrslitastundin runnin upp. Á miðvikudeginum varð að láta til skarar skríða, hvort takast mætti að smíða tillögur og fá fjármagn í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins í þinginu. Það var ekki í mínum höndum að taka þá ákvörðun heldur þungavigtarfólksins í ríkisstjórninni, Ingibjörg Sólrún og Jóhanna annars vegar og Geir og Árni Matt hins vegar. Ég er nú einu sinni elstur þingmanna (þótt ég muni aldrei eftir því) og er stundum að minna á að gamla fólkið er ekki ennþá komið í gröfina og þótt það eigi sér æskuminningar sem öðrum komi ekki við og sé að hverfa af sjónarsviði stóratburðanna sem aðrir eru að kljást við, þá sé ástæðulaust að láta hagsmuni þeirra lönd og leið. Kerfið hefur verið mörgum öldungnum fátæktargildra. Í minni pólitísku upprisu hef ég hitt marga eldri borgara, sem taka mig á eintal til að segja sínar farir ekki sléttar. Af hverju eintal? Jú, vegna þess að þetta fólk hefur sjálfsvirðingu og stolt og vill ekki bera sínar sorgir á torg. Það hefur kannski alist upp eins og við Guðni á bóndabæjum sjálfsþurftar og nægjusemi. En eldri kynslóðin hefur skilað sínum arfi og þessu landi í hendurnar á þeim sem njóta eldanna og vegurinn þeirra er vegur hinna, sem vonandi lifa það af að komast á efri ár.

Þetta er semsagt mitt fólk, hvar svo sem það stendur í flokkapólitíkinni, og ég var spenntur. Sá þau Ingibjörgu og Geir Haarde í þingsal en þorði ekki að spyrja. Og ekki voru þau að yrða á mig. Þó var ég í sparifötunum. Flott gamalmenni!

Svo komu fréttirnar

En síðla dags komu fréttirnar. Fimm milljarðar til gamla fólksins og öryrkjanna, burt með tekjutenginguna, hækkað frítekjumark, engin skerðing vegna séreignasparnaðar, hækkun á lægstu lífeyrisbótum. Og þetta eru bara fyrstu skrefin. Mikið varð ég glaður og þakklátur og hrópaði húrra í hjarta mínu. Kannski var maður að gera gagn, kannski var pólitíkin ekki eintómt þvaður um einskis verða hluti. Ég stóð upp og elti Ingibjörgu út. Kyssti hana á vangann, jafnvel þótt hún vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Ég hefði líka kysst Geir. Það var bæði mér og honum til happs að hann var ekki nálægur. Maður kyssir ekki karla.

Með kveðju til ríkisstjórnarinnar

UMRÆÐAN
Pólitískt aðhald

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Fyrir skemmstu var frá því skýrt að Ísland væri komið í efsta sæti þjóða heims þar sem lífsgæði eru mest og best samkvæmt einkunnagjöf Sameinuðu þjóðanna. Það er einkar athyglisverður árangur hjá þjóð sem var einna verst sett allra Evrópuþjóða fyrir aðeins hundrað árum síðan.

Framfarir aldarinnar hafa verið stórfenglegar og eiga vart sinn líka í öðrum löndum og það er ánægjulegt fyrir þá sem eru og hafa verið í stjórnmálum að svo vel hefur til tekist, ekki síst fyrir Framsóknarflokkinn sem einna lengst allra flokka hefur verið í landsstjórninni. Árangur síðustu tólf ára hefur skilað okkur í fyrsta sætið á lista SÞ í fyrsta skipti, þrátt fyrir að Samfylking og VG hafi alla tíð látið eins og hér sé allt á fallanda fæti.

Á ráðstefnu SÞ um loftslagsmál á eyjunni Balí var birtur listi yfir þær þjóðir sem best standa í umhverfismálum og er Ísland þar í þriðja sæti. Hlýtur það að vera fagnaðarefni fyrir VG og okkur hin sem látum þessi mál okkur miklu skipta og sýnir að uppbygging undanfarinna ára hefur ekki verið þau hervirki sem margir vildu meina.

Vil ég nú beina því til hinnar nýju ríkisstjórnar að hún gæti vel að þessum góða árangri og sjái til þess að við hröpum ekki niður þessa lista. Við framsóknarmenn munum sýna stjórninni elskulegt aðhald og reyna að gefa góð ráð í þessum efnum.

Einn er sá málaflokkur sem við þurfum að hafa áhyggjur af en það eru menntamál. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sem kunnugt er farið með yfirstjórn menntamála undanfarin 16 ár og samkvæmt Pisa-könnuninni hefur ýmsu hér hrakað til muna hvað varðar menntun ungmenna.

Við verðum að halda vöku okkar í menntamálum og ég heiti á stjórnvöld að gera átak til að rétta hallann í þessum efnum. Ég lýsi okkur framsóknarmenn jafnframt fúsa til að taka þátt í björgunarstörfunum. Ekkert er mikilvægara lítilli þjóð í alþjóðavæðingu viðskipta, vísinda og fjölmiðlunar, en að halda forskoti hvað menntun varðar. Við virðumst því miður vera að dragast aftur úr í þeim efnum og það er grafalvarlegt mál.

Kannski væri rétt að skipa nýja nefnd til að gera tillögur í þessum málum. Formaður gæti verið Guðfinna Bjarnadóttir sem hefur víðtæka reynslu af uppbyggingarstörfum í menntamálum.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

Bílaútsala Hertz hjá Toppbílum Kletthálsi 2

Komdu áður en þeir fara!

Gerðu frábær kaup á notuðum bíl frá Hertz

VERÐDÆMI

Suzuki Grand Vitara

Árgerð: 2005 — Sjálfskiptur
Ekinn: 47.000 — Ásett verð: 2.080.000
Tilboð: 1.570.000 — Afsláttur: 510.000

VERÐDÆMI

Suzuki Grand Vitara

Árgerð: 2006 — Beinskiptur
Ekinn: 65.000 — Ásett verð: 2.190.000
Tilboð: 1.690.000 — Afsláttur: 500.000

VERÐDÆMI

Suzuki Liana

Árgerð: 2005 — Sjálfskiptur
Ekinn: 40.000 — Ásett verð: 1.390.000
Tilboð: 990.000 — Afsláttur: 400.000

VERÐDÆMI

Suzuki Jimny

Árgerð: 2006 — Beinskiptur
Ekinn: 34.000 — Ásett verð: 1.470.000
Tilboð: 1.090.000 — Afsláttur: 380.000

- Ótrúlegt verð!
  100% lán frá TM
- Toppbílar
  Kletthálsi 2
  Sími: 587-2000

- Takmarkað magn
  Komdu strax!
- Sölutímabil:
  Föstudagur 7. des. Opið 10-18
  Laugardagur 8. des. Opið 12-16
  Mánudagur 10. des. Opið 10-18

Hvers vegna notaðan bílaleigubíl frá Hertz?

Hertz er alþjóðleg keðja sem leggur mikinn metnað í öryggi og gæði.
Öflugt viðhald er á bílunum og eru þeir yfirfarnir fyrir hverja leigu.

TOPPBÍLAR bílasala

TM

Hertz

ÍSLENSKA/SIA.IS/HER 40225 12/07

adidas
Hlaupafatnaður í
í jólapakkann
Hlaupabolir frá 2.990
Hlaupabuxur frá 6.990

PS
PASSIGNAL
SNOWBOARDS
Brettapakkar
20% afsláttur

THE NORTH FACE
Dúnúlpur frá
The North Face
Verð frá
19.990
Úlpa á mynd: 32.990 kr.

Fótboltar frá
1.990
Fótboltaskór frá 6.990

USA PRO
Toppur 4.990
Buxur 6.490
Peysa 6.490
Hannað af konum
fyrir konur

Körfuboltar frá
1.490
Íþróttatöskur
og bakpokar frá
1.990

Leki göngustafir
fyrir þá sem gera kröfur
Verð frá
3.990
parið
LEKI

Meindl
Colorado GTX
Jólatilboð
17.990
verð áður 19.900 kr.

ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®
Skíðapakkar
15% afsláttur

ESP
ESPRIT SPORTS
Peysur, buxur og bolir
í jólapakkann
Verð frá
1.990

ÚTILÍF

„Lesandi góður, lestu þessa bók ... Þetta er bók sem ætlar þér nýtt og æðra hlutverk, hún skorar á þig að skorast ekki undan.“

Fjórar skærar ástarstjörnur
Sigurður Hróarsson / Fréttablaðið

„... ljóðin einkennast af mýkt ... næstum eins og heilræðavísur ... dularfull upplyfting fyrir sálina.“

Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá, RÚV

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Vont skap Vinstri-grænna

UMRÆÐAN
Verk ríkisstjórnarinnar

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Ríkisstjórnir sem koma ánægjulega á óvart eru yfirleitt stjórnir með mikinn innri styrk. Ríkisstjórn Geirs Haarde sýndi í vikunni styrk sinn með ákvörðun um verulegar úrbætur í kjaramálum aldraða og öryrkja um leið og hún birti einhug sinn í markvissri stefnu gegn hlýnun andrúmsloftsins. Íslenska sendinefndin á Bali í Indónesíu mun því tala skýrri röddu undir forystu Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra.

Náttúruverndarsamtök Íslands fögnuðu í meginatriðum þeirri stefnu sem stjórnin setur fram í loftslagsmálunum. Guðni Ágústsson, metsöluhöfundur, var giska glaður fyrir hönd Framsóknar og Frjálslyndi flokkurinn var líka glaður. Þingmenn VG bölsótuðust hins vegar og fundu loftslagsstefnunni flest til foráttu. Þeir áttu greinilega ekki von á svo ítarlegri og jákvæðri nálgun af hálfu stjórnarinnar.

Ábyrgðarleysi og spæling

Vinstri-grænir hafa gjarnan miðað stefnu sína við rök ágætra systurflokka á Norðurlöndum. Nú bregður svo við að þeir hafna stefnumótun Íslands sem er þó mjög áþekk stefnu norsku vinstristjórnarinnar. Íslenska afstaðan er þó ítarlegri í einstökum liðum. Rétt er að geta þess að almennt hefur norska stjórnin verið talin afar framsækin í umhverfismálum. Ábyrgðarleysi og spæling Vinstri-grænna er sannarlega merkileg í ljósi þess að norsk skoðanasystkini þeirra í ríkisstjórn Noregs eru á nákvæmlega sömu línu og Íslendingar.

Við Íslendingar hljótum að leggja áherslu á að allar þjóðir heims samþykki aðgerðir sem miða að því að hitastig hækki ekki meira en 2°C miðað við stöðuna fyrir iðnbyltingu með almennri skerðingu á losun sem nemur 25-40% til 2020. Þá er mikilvægt að losun kolefnis sé verðlögð þannig að verðið geti orðið stórtækt stýritæki á markaði. Í því samhengi vill ríkisstjórnin halda áfram frumkvæði sínu til þess að fá fram umræður um sérkvóta fyrir heimsgreinar svo sem ál, stál og sement. Til þess var hún opinberlega hvött af Halldóri Þorgeirssyni, yfirmanni Loftslagsskrifstofunnar í Bonn og einum fremsta sérfræðingi veraldar á þessu sviði. Slík nálgun gæti reynst áhrifarík til að fá þróunarríkin með í slaginn en vissulega þarfnast hún gagnrýninnar umræðu. Að því leyti tek ég undir varnaðarorð Náttúruverndarsamtaka Íslands um þetta efni.

Sérstaðan er styrkur

Við Íslendingar þurfum að leggja áherslu á okkar sérstöðu þar sem við höfum þróað aðferðir til þess að nýta jarðhita og vatnsafl til rafmagnsframleiðslu og ber skylda til þess að deila þeim með þróunarlöndum sem líða fyrir orkufátækt þótt víða um heim séu miklir möguleikar á virkjun jarðhita og vatnsfalla. Það þarf einnig að vera sveigjanleiki í heimsreglum til að fá metna græna tækni, skógrækt, endurheimt votlendis, föngun og förgun kolefnis og varðveislu regnskóga sem framlag til baráttunnar gegn hlýnun jarðar.

Vinstri-grænir ættu því að vera í góðu skapi og einhenda sér í baráttuna gegn hlýnun jarðar undir gunnfána ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins.

Íslendingar hafa sett sér það markmið að vera meðal fyrstu þjóða til þess að knýja báta- og bílaflota landsmanna með endurnýjanlegu eldsneyti. Við gætum gengið mun lengra en gert er í dag með orkunýtni í ýmsum myndum. Hins vegar er það óþarfi hjá Vinstri-grænum að láta eins og umhverfissinnar á Íslandi hafi engum árangri náð. Áliðnaðurinn sem hér hefur vaxið upp er ekki talinn meðal helstu bófa í losun gróðurhúsalofttegunda vegna þess að hann notar raforku frá grænum orkulindum, framleiðir endurnýjanlegan léttmálm og notar tækni sem hefur skánað verulega frá mengunarsjónarmiði á seinni árum. Má vísa í viturleg ummæli formanns VG að fornu og nýju í þá veru – sem sjálfsagt er að rifja upp. Loftslagsbreytingar og fyrirsjáanleg skerðing á losunarheimildum heimsins í náinni framtíð hefur leitt íslensk stjórnvöld til að ýta undir orkufrekan iðnað sem miðast við sem allra minnsta kolefnislosun. Þróun nýrrar tækni sem byggir á kolefnisfríum iðnaðarferlum eða nýting kolefnis úr útblæstri eru einnig raunhæfir valkostir ef nægum fjármunum, tíma og mannviti er varið í það verkefni í heiminum og ekki síður hér á okkar góða Íslandi, þar sem enginn skortur er á hugmyndum.

Allir með í baráttuna

Vinstri-grænir ættu því að vera í góðu skapi og einhenda sér í baráttuna gegn hlýnun jarðar undir gunnfána ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins. Í þessu brýna framtíðarmáli ættum við Íslendingar að geta talað einni röddu á alþjóðavettvangi, þótt við munum auðvitað deila áfram um útfærslur og ákvarðanir á heimavelli.

Höfundur er iðnaðarráðherra.

Kíktu í heimsókn til okkar að Norðurbakka 5, laugardaginn 8.
eða sunnudaginn 9. desember, frá kl. 14-17.
Komdu og skoðaðu glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað við sjávarsíðuna.
Ekki missa af þessu einstaka tækifæri. Sjón er sögu ríkari.

ÁS HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA FASTEIGNASTOFAN

Sími 520 2600 Sími 520 7500 Sími 565 5522

opið í dag frá 11-16
opið alla sunnudaga 13-16

LÚR BETRI HVÍLD
Hlíðasmára 1 • Kópavogi • 554-6969

Ondvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

HÖFUM OPNAÐ STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN AÐ SÍÐUMÚLA 30, 2. HÆÐ

KAKAN TUNGUSÓFI model: 625
Leður: Svart, hvítt: **249.800**
Leður: brúnt, rautt: **279.800**
Kollur: **39.900**
315x220 sm.

KAKAN TUNGUSÓFI model: 839
Leður: Svart og hvítt.
Verð **239.800**
305x138x89 sm. / Kollur 92x66x40 sm.

EICHHOLTZ BORÐLAMPI
Silfur og gler,
hæð m. skermi 73 sm.
Verð **34.800**

EICHHOLTZ KRÚS
Silfur og gler,
hæð 31 sm. br. 27 sm.
Verð **22.500**

KAKAN TUNGUSÓFI model: 598
Leður: Svart og hvítt.
Verð **229.800**
270x220x95 sm.

EICHHOLTZ KARÖFLUR
Silfur og gler.
Verð **6.900 stk.**

EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:52 sm. b: 18.5 sm.
Verð **15.900**

EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:100 sm. b: 22.5 sm.
Verð **26.800**

Kakan tungusófi / model: 670
Leður: Svart og hvítt.
Verð **249.800**
300x195 sm.

OPIÐ ALLA SUNNUDAGA TIL JÓLA KL. 13-16.

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Ondvegi BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 · www.heimahusgogn.is · heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16 SUNNUDAGA (til jóla) 13-16

Heimahúsið1207

MAÐUR VIKUNNAR

Leikstjórnandi fjármálalífsins

Jón Sigurðsson komst í kastljós fjölmiðla í vikunni þegar hann tók í byrjun vikunnar við af Hannesi Smárasyni sem forstjóri FL Group. Jón, sem er ungur að árum, aðeins 29 ára, hefur fram til þessa gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum í fjármálageiranum án þess að á honum bæri sérstaklega. Jóni er annt um einkalíf sitt og fjölskyldunnar og hefur lítið verið fyrir að hafa sig í frammi. Honum er hins vegar afburðavel borin sagan, sagður eldklár, en um leið hógvær og þægilegur í umgengni. „Vænn piltur og góður félagi," er um hann sagt. Þá er Jón sagður vera einn af færustu banka- og fjárfestingarfélagamönnum landsins. „Einlægur og duglegur drengur, vandur að virðingu sinni. Orð hans standa og hann er í alla staði vandaður og góður drengur."

Vinnan skipar stóran sess í lífi Jóns, að minnsta kosti síðustu ár, og ekki til þess vitað að eitthvert eitt áhugamál eigi hug hans allan. Þá er vitað að Jón fylgist ekki með íþróttum og menn hafa jafnvel gengið svo langt að telja hann hafa á þeim óbeit. „Ef Ísland spilar landsleik er hann ábyggilega með þeim örfáu sem ekki hafa hugmynd um það," sagði einn. Vilji einhver ræða enska boltann grípur sá hinn sami væntanlega í tómt hjá Jóni, þótt ekki verði komið að tómum kofanum varðandi önnur mál.

Jón heldur hins vegar hlutum fyrir sig og kom því sumum á óvart að fregna að hann hefði æft og spilað körfubolta með Haukum á árum áður. Raunar varð hann Íslandsmeistari með félaginu og þótti sýna af sér nokkra hæfileika við leikstjórn og skipulag leikflétta. „Jón hætti allt of ungur í boltanum þar sem hann sýndi afburðagreind. Hann var mikill liðsmaður og tók strax að sér leiðtogahlutverk á vellinum," segir maður sem vel þekkir til ferils hans þar.

Ekki er því alveg hægt að slá því föstu að Jón sé jafn andsnúinn íþróttum og einhverjir kynnu að hafa ályktað af áhugaleysi hans um þau mál. Einhvern veginn tekst honum að minnsta kosti að halda sér í góðu formi, sagði einn samstarfsmanna, og taldi víst að einhverja líkamsrækt hlyti kappinn að stunda.

Þá er vitað til þess að Jón hefur gaman af tónlist og hallaðist að minnsta kosti á einhverjum tímapunkti að rappi og hip-hoppi. Sér í lagi mun bófarapp Ice-T og Ice Cube, sem garðinn gerðu frægan á tíunda áratugnum, hafa verið í uppáhaldi.

Jón er Hafnfirðingur að upplagi og gekk þar í grunnskóla, en er nú búsettur með fjölskyldu sinni á Seltjarnarnesi. Þar kann fjölskyldan vel við sig, hefur fest kaup á stórri lóð í sömu götu og hún býr nú og ætlar að byggja sér þar hús.

Jón er giftur Björgu Fenger, jafnöldru hans og skólasystur úr Verzlunarskóla Íslands. Þau voru ekki saman í bekk, en útskrifuðust saman vorið 1996. Þau eiga synina Sigurð og Styrmi, sem eru fimm og eins árs gamlir.

Jón var afburðanámsmaður þótt ekki bæri mikið á honum í grunnskóla. Raunar er það svo að þrátt fyrir framúrskarandi árangur á mörgum sviðum, svo sem í skóla og í körfuboltanum, virðist sviðsljósið ekki hafa ratað almennilega á Jón af fullum þunga fyrr en nú þegar hann tók við stjórn FL Group. Jón fékk þannig margvísleg verðlaun þegar hann útskrifaðist úr Verzló. Hann fékk peningaverðlaun úr Minningarsjóði Jóns Sívertssonar fyrir hæstu einkunn í ólesinni stærðfræði, bókfærslubikarinn fyrir bestan árangur á bókfærsluprófi og í árseinkunn, peningaverðlaun sem hann skipti með öðrum fyrir árangur í tölvufræðum og bókaverðlaun fyrir lokaeinkunn sína. Dúx, vorið sem Jón útskrifaðist, var hins vegar Evgenia Ignatieva með 9,37 í aðaleinkunn. Hún hafði búið hér í fimm ár þegar hún útskrifaðist (líka dúx í íslensku) og jaðrar því væntanlega við að vera undrabarn. Jón var hins vegar í öðru sæti, semidúx, með 9,13 í aðaleinkunn, líkt og minnst var á í framhjáhlaupi í frétt Morgunblaðsins af útskriftinni.

Núna er Jón hins vegar óumdeilanlega í fyrsta sæti sem yngsti forstjóri félags sem er skráð í Kauphöll Íslands og bætist þar í hóp annarra afburðamanna sem hér hafa ungir að árum tekið að sér stjórn stórfyrirtækja. Hans bíða ærin verkefni, í takt við átökin sem á undan eru gengin í óróanum sem nú skekur fjármálalíf landa um heim allan. Þeir sem þekkja Jón efast hins vegar ekki um að hann hafi alla burði til að stýra félagi sínu á farsæla braut. Honum er eðlislægt að sjá út leikfléttur og leiða sitt lið. Það sýndi hann jú í körfunni. Og þótt Jón hafi hingað til kosið að forðast kastljós fjölmiðlanna hefur framganga hans síðustu daga sýnt að þau samskipti leika í höndum hans líkt og önnur verkefni hingað til.

JÓN SIGURÐSSON

ÆVIÁGRIP

Jón er fæddur 18. mars árið 1978 og þar af leiðandi í fiskamerkinu. Grunnskólaárum eyddi hann í heimabæ sínum Hafnarfirði þar sem hann gekk í Víðistaðaskóla. Hann var svo semídúx með verslunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands vorið 1996. Þaðan lá leið Jóns í Háskólann í Reykjavík þar sem hann lauk B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði.

Hjá FL Group hóf Jón störf haustið 2005 sem einn af framkvæmdastjórum félagsins, en var svo ráðinn aðstoðarforstjóri í desember í fyrra. Áður hafði Jón starfað hjá Landsbanka Íslands og í Búnaðarbankanum. Jón er varaformaður stjórnar Glitnis banka og stjórnarmaður í Tryggingamiðstöðinni og Hitaveitu Suðurnesja.

Jón er sonur Sigurðar Jónssonar endurskoðanda og Jófríðar Halldórsdóttur. Hann er elstur þriggja systkina, á systurina Brynju og bróðurinn Árna. Eiginkona Jóns heitir Björg Fenger og saman eiga þau synina Sigurð sem er fimm ára og Styrmi, sem er nýorðinn eins árs. Þau búa á Seltjarnarnesi.

KOSTUR OG LÖSTUR

Jón er mörgum góðum kostum búinn, sagður eldklár, en um leið hógvær og skynsamur. Hvergi er á Jóni veikan blett að finna, utan það smáræði að einhverjir bentu á að hann væri lítt viðræðuhæfur þegar kæmi að íþróttum, en á þeim hefur hann ekki mikinn áhuga.

HVAÐ SEGIR FÓLK UM HANN?

„Jón er með gáfaðri mönnum sem ég hef hitt og hefur þann sjaldgæfa eiginleika að hafa bæði kunnáttuna til að reikna verkefni í botn og leggja gott mat á allar forsendur, um leið og hann hefur getuna til að vinna í og ganga frá samningum. Hann getur því bæði komið á góðum samningum og greint aðstæður og þetta eru eiginleikar sem sameinast ekki í mörgum hér á landi."

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

KÓSÝ JÓL MEÐ
KARMAMEJU

GJAFAVÖRUR FYRIR JÓLIN

DIMMT ÚTI, BJART INNI

Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu.

Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga.
Jólatími: 8. - 9. des. **10-18** / 10. - 14. des. **11-16** / 15. des. **11-18** / 16 des. **12-18** / 17. - 22. des. **10-22** / 23. des. **10-23**

ENNEMM / SÍA / NM31249

Betra verð!
201-250sm
Normannsþinur
4990

HÚSASMIÐJAN

Stærri jólatré betra verð

OPIÐ í Skútuvogi til kl 22:00 fram til jóla

Kaupauki!
Jólakaktus
fylgir öllum
jólatrjám
í dag laugardag
á meðan birgðir endast

Gott verð
Normannsþinur

100-150sm 2190
151-200sm 3990
201-250sm 4990

jólatrén gætu selst upp í ár

Rafrænt gjafakort

Þægileg og einföld gjöf!

Jólaljósasprengja

6. - 9. desember

ótrúlegt verð **1.699**
verð áður 4.292

Jólasveinar
Margar gerðir, sama verð
2701361/2701491/2701493/2701780

Jólasveinn/snjókarl
2 m
2702309/2702310

ótrúlegt verð **999**
verð áður 2.999

Rafhlöðujólaljós
Margar gerðir
2702330-1/2702347/2702332/270233
3-46/2702348/2702349/2702350/270
2351/2702352/2702353

ótrúlegt verð **4.999**
verð áður 11.472

30% afsláttur
af öllum inni- og útiseríum

verð frá **299**

Jólasveinn í stiga
Fleiri gerðir, sama verð,
í strompi, með poka og fl.
2701366/2701438/2701781/2702311-3

Dúndur verð **1.999** kr/50 m

Slöngusería
50 m pakkning, glær, rauð, marglit
2701574-6

blómaval

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

Þrettán jólameyjar

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá frændgarði á Langanesi, menningarorkuveri Austurlands, næsta seðlabankastjóra Rússlands, dásamlegri kvikmynd, femínisma í álfheimum og alþjóðlegum tossalista.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 30. NÓVEMBER.

Menningarmegavött

Hún heitir Sigga Dóra, konan sem í samvinnu við fleira fólk skipuleggur upplestrarferð rithöfunda um Norðausturland.

Við skautum milli staða á stórum Landcruiser-jeppa sem er eins og yfirbyggður jólasveinasleði með hreindýrin samanþjöppuð undir vélarhlífinni. Ég er svo bílhræddur að ég bið um að fá að keyra. Félagar mínir Kristín Svava, Jón Kalman, Pétur Blöndal og Vigdís Grímsdóttir láta það eftir mér.

Fyrsti upplesturinn var á Skriðuklaustri á miðvikudagskvöld, 28. nóv. Þar eru myndarleg

húsakynni og mæting var góð. Halldóra og Skúli hafa skipulagt þetta út í hörgul. Skemmtileg stemming.

Gisting á Egilsstöðum, flott bændagisting og kálfur í fjósi hinum megin við hlaðið baular vinalega og minnir mig á náttþrafna í miðbænum.

Þaðan til Vopnafjarðar, upplestur, fimmtudagskvöld, 29. nóv. Þar fæ ég loks að hitta Siggu Dóru. Hún er það orkuver sem framleiðir menningarmegavött sem ná að lýsa langt út fyrir landsfjórðunginn. Gistum á Hótel Tanga.

Leggjum af stað til Þórshafnar næsta morgun. Þar á ég frændgarð.

Guðni Hauksson sparisjóðsstjóri á Þórshöfn og Sigurður skipstjóri taka á móti okkur þegar við förum að nálgast byggðina. Guðni er dóttursonur Guðnýjar Oddsdóttur móðursystur minnar. Að sjálfsögðu er okkur vísað til gistingar að Ytra Lóni hjá Sverri Möller og Mirjam konu hans en Sverrir er sonarsonur Rannveigar Oddsdóttur móðursystur minnar.

Það er 30. nóvember og deginum lýkur með afmælisveislu því að ég er fæddur á Andrésarmessu. Þetta var því miður ekki nein orgía því að veitingarnar voru aðeins tvær rauðvínsflöskur og fjórir bollar af tyrknesku kaffi sem ég sauð handa listhafendum.

LAUGARDAGUR, 1. DESEMBER.

Um nánasarhátt

Löng ferð til Seyðisfjarðar. Við fikrum okkur lúshægt yfir Fjarðarheiði.

Hótel Alda heitir gististaðurinn. Fallega uppgert gamalt hús.

Við lásum upp í Skaftfelli sem er líka fallega uppgert gamalt hús. Þetta var síðasta upplestrarkvöldið í ferðinni.

Ljóðskáldið Kristín Svava slær alls staðar í gegn þar sem hún kemur. Þetta sakleysislega yfirbragð! Þessi nakti sannleikur!

Flug heim áætlað kl. 10.40, mæting 10.10 á Egilsstöðum.

Þarf að skrifa bakþanka fyrir Fréttablaðið áður en ég fer að sofa. Þetta er orðinn langur dagur. Hugurinn er svo bundinn við þetta ferðalag að ég get ekki slitið mig frá því að hugsa um listamenn á flakki.

Skrifa bakþanka um kjör listamanna; förumanna nútímans.

Ég veit ekki hvort skýringin á durgslegum nánasarhætti Alþingis við listamenn er sú að hvorki menntamálaráðherrann okkar né óbreyttir þingmenn hafa sálargáfur til að skilja nauðsyn þess að tryggja að í þjóðfélaginu sé til fjölbreyttur hópur listamanna sem er fjárhagslega sjálfstæður og getur sinnt list sinni óháð markaðslögmálum og öðrum öflum en eigin sannfæringu – eins og dómarar, alþingismenn og fleiri stéttir sem þurfa að hafa efni á að hugsa sjálfstætt.

SUNNUDAGUR, 2. DESEMBER.

Pútín seðlabankastjóri?

Vöknuðum í rauða bítið og fengum staðgóðan morgunverð á Hótel Öldu áður en við lögðum á heiðina. Flugið var á áætlun eins og allt annað í þessu ferðalagi. Reyndar hefði mér ekki leiðst að verða veðurtepptur einhvers staðar með Kristínu Svövu, Jóni Kalman, Pétri Blöndal og Vigdísi Grímsdóttur.

Kom heim um hádegisbil hafandi kvatt mitt góða samferðafólk með þakklæti fyrir samveruna.

Heimsfréttirnar hafa farið framhjá mér undanfarna daga en nú er komið í ljós að Pútín Rússaforseti hefur unnið yfirburðasigur í þingkosningunum þar í landi.

Forsetakosningar verða svo í Rússlandi í mars á næsta ári og þá er Pútín ekki kjörgengur þar sem hann hefur setið í embættinu í tvö kjörtímabil. Hann hefur hins vegar sagt, að fengi Sameinað Rússland góðan stuðning muni það veita honum „siðferðislegan styrk“ til að halda um einhverja stjórnartauma áfram.

Ég spái því að Rússar sem eru óvanir lýðræði geri Pútín að seðlabankastjóra þegar honum er ekki lengur sætt sem forseta.

MÁNUDAGUR, 3. DESEMBER.

Í stað vinnufélaga

Sem betur fer virðist bókmenntaáhugi ekki vera minni á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Það er gaman að lesa upp. Jafnvel þrisvar á dag.

Rithöfundur fer á mis við að eiga vinnufélaga. Lesendur og áheyrendur koma í þeirra stað.

ÞRIÐJUDAGUR, 4. DESEMBER.

Tossalisti og jólameyjar

„Staða Íslands miðað við aðrar þjóðir hefur versnað í öllum námsgreinum sem svonefnd PISA-könnun nær til, mest í lesskilningi en minnst í stærðfræði. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi í menntamálaráðuneytinu í morgun.“

Það er fremur dapurlegt að vera kominn á tossalista.

Sami stjórnmálaflokkurinn hefur farið með menntamálin í landinu í sextán ár. Það ber vott um mikið agaleysi að hann skuli ekki ennþá hafa verið settur í skammarkrókinn.

Það er margt sundurlyndið í mannheimum. Nú er hnakkrifist um „femínisma“. Huldufólk virðist vera þroskaðra en mannfólkið því að nú hefur jafnréttisráð í álfheimum ákveðið að næstu þúsund ár verði jólameyjum falið að taka að sér það fyrirkvíðanlega verkefni jólasveina að heimsækja mannheima einu sinni á ári á tímabilinu 12. desember til 6. janúar.

Jólameyjar eru systur jólasveina og er Grýla móðir þeirra prófessor í uppeldisfræði og faðir þeirra, dr. Leppalúði, er með MBA-gráðu og starfar hjá greiningardeild í banka.

Tólfta desember næstkomandi er fyrsta jólamærin Súlutrutt væntanleg í stað Stekkjarstaurs; þrettánda desember kemur svo Gilitrutt í stað Giljagaurs; og þann fjórtánda kemur Ögn í stað Stúfs og þannig hver af annarri til jóla.

MIÐVIKUDAGUR, 5. DESEMBER.

Duggholufólkið

Í dag var okkur frú Sólveigu boðið að mæta með barnabörnin á frumsýningu á alveg dásamlegri bíómynd eftir Ara Kristinsson.

Myndin heitir því dularfulla nafni DUGGHOLUFÓLKIÐ og fjallar um börn í lífsháska, drauga og óargadýr og yfirnáttúrulega atburði á tölvuöld.

Andri og litla Sól sátu eins og bergnumin allan tímann nema hvað sú litla ákvað að tylla sér í fangið á ömmu sinni rétt á meðan ísbjörninn var hvað mest í essinu sínu.

Ekkert okkar kippti sér upp við beinafundinn, nema hvað okkur brá augnablik þegar við sáum hauskúpuna.

Við Andri vorum sammála um að við hefðum báðir verið pínusmeykir þegar draugurinn byrjaði að tala. Það var svo óhugnanlegt hvað hann var blestur á máli.

Litla Sól kvaðst hins vegar aldrei hafa orðið hrædd og ég held hún sé að segja satt því að hún er að mörgu leyti ákaflega lík ömmu sinni.

Eins og önnur góð ævintýri endaði þetta allt saman vel að lokum og við frú Sólveig skemmtum okkur örugglega jafn vel og börnin, sem er eini rétti mælikvarðinn á hvort barnaefni sé börnum samboðið.

FIMMTUDAGUR, 6. DESEMBER.

Jólastemming

Hundslappadrífa úti og jólastemming í húsinu. Smáfólkið er farið að hlakka til jólanna.

Ég líka.

ÓMISSANDI BÓK
FYRIR ALLA GESTGJAFA

„Skemmtileg og fyndin ... sjarmerandi eins og höfundurinn.“
Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Í þessari fallegu bók eru gefin fjölmörg góð ráð um hvernig gera skal góða veislu ógleymanlega. Fjallað er um val á gestum, boðskort, borðbúnað, móttöku gestanna, hvernig best sé að skipa þeim til sætis, samræðulist og tækifærisræður, líkamsstöðu og klæðnað, borðsiði og skálaræður og ótalmargt fleira. Jafnframt er lögð áhersla á að hlýlegt og létt viðmót skipti meira máli en reglur og siðvenjur.

Hagkaup

bjóða einfaldlega meira úrval

Fasana bringur

Kengúra

Dúfa

Hreindýr

Hamborgarhryggur Hagkaupa

Villigæsabringur

Andabringur

Kalkúnaskip smjörsprautað

Fasani

Lynghænur

Rjúpa skosk

Frönsk berberieönd

Strútskjöt

Einiberja hátíðarlambalæri

Reyktur hátíðarkjúklingur

Krónhjörtur

Gæsalifur Feyel

Hangikjöt í suðupoka

Pólsk gæs

Reykt dádýr og andabringur í sn.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

SHARP

19" LCD sjónvarp
SHARP Shlc19A1EBK

· HD Ready (1366x768)
· DVB-T stafrænn móttakari
· Skerpa: 800:1
· Skjáform: 16:9
· Sjónsvið: 160°/160°
· Stærð: 46,2 x 36 x 19,6 cm
· Tengi: 1x HDMI, 1x SCART, S-Video, Component

Verð kr. 59.900 kr.

42" Plasma sjónvarp - áttunda kynslóð
Pioneer PDP-428XD
KURO – þetta tæki hefur dýpri svartan lit en áður þekkist

· HD Ready - 1024x768 pixlar
· Intelligent Brightness Control
· DVB-T stafrænn móttakari - með CI rauf fyrir afruglara kort
· Mynd í mynd (PIP) - 2 móttakarar
· Contrast: 16.000 :1
· HD Digital Film Direct 24 - tækið birtir 24 ramma á sekúndu
· Tengingar: 3x HDMI, 1x component, 1x S-video, 1x RCA AV, 3x Euro-SCART, 1x RCA audio, 1x CI slot, 1x PC inntak, 1x USB tengi

Verð kr. 399.900,-

42" LCD sjónvarp
SHARP LC42WD1E

· HD Ready - 1366x768 punkta upplausn
· Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
· Svartími: 6ms
· Sjónsvið: 176°/176°
· DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
· Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
· TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
· Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

Listaverð kr. 219.900,-
Tilboðsverð kr. 189.900,-

SAMSUNG

Frábær upplifun

42" PLASMA sjónvarpstæki
Samsung PS42Q96HDX

· Tilbúið í HD útsendingar
· Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
· Upplausn 1024x768
· 13 bita myndvinnsla
· Kontrast 1:15.000
· Birta 1300 cd/m2
· 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-
Tilboðsverð kr. 189.900,-

SAMSUNG

37" LCD sjónvarpstæki
Samsung LE37R87BDX

· Digital sjónvarpsmóttakari
· Upplausn: 1366 x 768
· 10 bita litvinnsla
· Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
· Svartími: 8 millisekúndur
· Contrast: 8000:1
· Sjónsvið: 178°/178°
· Mynd í mynd (1 tuner)
· 3 HDMI, Component, SCARTx2

Listaverð kr. 189.900,-
Tilboðsverð kr. 169.900,-

20% AFSLÁTTUR
af ýmsum vörum

home art

Í ORMSSON SMÁRALIND

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar

VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

Solis OF SWITZERLAND

Mínútugrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.

Verð kr. 10.900,-

(Minni stærðin)

Solis OF SWITZERLAND

Nýr og flottur 1200w blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.

Verð kr. 19.900,-

Solis OF SWITZERLAND

Hágæða Espresso kaffivél. Fyrir fullorðna.

Verð kr. 29.900,-

AEG

Sterkur blandari. Ómissandi í matargerðina.

Verð kr. 6.900,-

AEG

Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél – enda frá AEG.

Verð kr. 89.900,-

AEG

AEG AT260 Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.

Verð kr. 5.990,-

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

TEFAL

KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR - úr stáli.

Verð frá kr. 5.990,-

TEFAL

JAMIE OLIVER KANN AÐ META GÆÐI

EÐAL POTTAR OG PÖNNUR FRÁ JAMIE OLIVER OG TEFAL

Jólaverð frá kr. 5.600,-

AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít

ZWILLING

Úrvals hnífar - vönduð matargerð.

Færustu matreiðslumeistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki af ástæðulausu.

Emile Henry Poterie culinaire FRANCE

Þú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.

Emile Henry Poterie culinaire FRANCE

Emile Henry Flame



FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA

Eftirsótt um alla Evrópu.

Framsýni og metnaður síðan 1922

85 ÁRA ORMSSON 1922-2007

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

HÓRAS (QUINTUS HORATIUS FLACCUS) FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 65 F.KR.

„Sá sem frestar þeirri stundu að lifa réttilega er eins og sveitadurgur sem bíður eftir að fljótið renni til þurrðar áður en hann fer yfir.“

Hóras var eitt helsta ljóðskáld Rómverja á tímum Águstusar. Eftir að Júlíus Sesar var myrtur gekk Hóras í herinn þar sem hann barðist undir stjórn Brútusar. Að eigin sögn bjargaði hann lífi sínu með því að kasta frá sér skildinum og flýja.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 8. DESEMBER 1980

John Lennon skotinn til bana

Að kvöldi dags sneri John Lennon heim til sín ásamt spúsu sinni og vildi fá sér eitthvað að borða og segja góða nótt við son sinn Sean, áður en hann sneri aftur í stúdíóið. Í staðinn fyrir að láta limósínuna keyra inn í öruggan bakgarð stigu hjónakornin út fyrir framan húsið.

Í því sem Lennon gekk á eftir Yoko í átt að stigahúsinu tók hann eftir lágvöxnum og þybbnum manni standa fyrir framan húsið. Maðurinn virtist frekar skrítinn og Lennon greikkaði sporið, en þá kallaði maðurinn „Mr. Lennon!“ Lennon sneri sér að manninum, sem var þá kominn í vígastellingu með skammbyssu í höndunum og skaut Lennon umsvifalaust. Fjögur skot af fimm hæfðu og hvert fyrir sig olli alvarlegum innvortist meiðslum, eitt þeirra tók í sundur ósæðina.

Byssumaðurinn settist á gangstéttarbrún og beið rólegur eftir lögreglunni á meðan Lennon staulaðist upp nokkrar tröppur og hné niður.

Lennon var fluttur í snarhasti upp á spítala. Á leiðinni reyndi sjúkraliðinn að halda athygli Lennons og spurði „Veistu hver þú ert?“ Hann kinkaði veiklulega kolli, reyndi að tala en gat aðeins komið upp úr sér hryglum. Samkvæmt Yoko Ono voru engin hinstu orð. John Lennon missti meðvitund stuttu seinna og var úrskurðaður látinn á Roosevelt-spítalanum.

MERKISATBURÐIR

1931 Ný lög um notkun bifreiða tekin í gagnið. Í þéttbýli er leyfilegur hraði aukinn úr 18 kílómetrum á klukkustund í 25 kílómetra en annars staðar í 45 kílómetra. Í dimmu má þó undir engum kringumstæðum aka hraðar en á 30.

1941 Bandaríki Norður-Ameríku lýsa yfir stríði á hendur Japönum, degi eftir árás þeirra á Perluhöfn, og gerast þar með þátttakendur í seinni heimsstyrjöldinni.

1991 Sovétríkin líða endanlega undir lok er Rússland, Hvíta-Rússland og Úkraína lýsa yfir endalokum sovéskrar ríkisstjórnar.

†

Vinur okkar,

Jón Pálmi Karlsson (Jónsi),

verkamaður, Heiðarbraut 37, Akranesi, áður til heimilis í Skorholti, Melasveit,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 2. desember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 11. desember kl. 13.00.
Jarðsett verður í Saurbæjarkirkjugarði á Hvalfjarðarströnd.

Jón Sveinsson **Guðrún Magnúsdóttir**

†

Elskulegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,

Kristinn Veigar Sigurðsson

Birkiteig 17, Keflavík,

lést af slysförum laugardaginn 1. desember.
Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. desember kl. 14.00.

Anna Guðbjörg Kristinsdóttir **Birgir Stefánsson**
Sigurður Óskar Sólmundarson **Vilborg Rós Eckard**
systkinin, afar, ömmur, langamma og langafi.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ástráður Valdimarsson,

Hraunsholtsvegi 2, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn 5. desember. Útförin auglýst síðar.

Kristjana Margrét Guðmundsdóttir
Guðrún Ástráðsdóttir **Már Þorvaldsson**
Hjördís Ástráðsdóttir **Peter Tompkins**
Brynja Ástráðsdóttir **Pétur Bjarnason**
og afabörn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður,afa og langafa,

Jóns Guðjónssonar

rafvirkjameistara, Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Brautarlandi 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir einstaka umönnun og hlýlegt viðmót.

Arndís Guðjónsdóttir
Guðjón Magnús Jónsson **Sigríður Þorláksdóttir**
Margrét Katrín Jónsdóttir
Hrönn Guðjónsdóttir **Björn Baldvinsson**
Magnea Ólöf Guðjónsdóttir **Halldór Kjartansson**
Björnsson
Arndís Guðjónsdóttir **Magnús Örn Guðmarsson**
Jón Þór Guðjónsson **Eva Björg Torfadóttir**
Hrafn Eyjólfsson
Hrafnhildur Eyjólfsdóttir **Halldór Ingi Hákonarson**
Jón Örn Eyjólfsson
og barnabarnabörn.

NÝ DÖGUN, SAMTÖK UM SORG OG SORGARVIÐBRÖGÐ: 20 ÁR FRÁ STOFNUN

„Í döguninni er líka nýtt upphaf“

Í dag eru liðin tuttugu ár frá stofnun Nýrrar dögunar, sem eru samtök um sorg og sorgarviðbrögð.

Ný dögun var formlega stofnsett 8. desember árið 1987 og starfsemi þess felst í stuðningi við þá sem eiga um sárt að binda vegna ástvinamissis.

Séra Elínborg Gísladóttir er formaður samtakanna og sér um að skipuleggja almenna fræðslufundi og samverustundir, vinna að stofnun stuðningshópa og standa fyrir námskeiðahaldi og þjálfun stuðningsaðila sem hjálpa syrgjendum.

„Við erum alltaf með átta fræðslufundi á ári, fjóra að hausti og fjóra að vori. Fyrir jól buðum við upp á fyrirlestur sem hét jólin og sorgin, fyrir þá sem eru að ganga í gegnum sín fyrstu jól eftir ástvinamissi. Það hefur staðið kirkjunni nálægt að sinna þessu fólki. Þó bjóðum við ekki upp á bein viðtöl. Í febrúar höfum við alltaf verið með fræðslu um sjálfsvíg og bjóðum þá fólki að vera í hópavinnu í sex til átta skipti,“ segir Elínborg.

Hjá Nýrri dögun er til ákveðið hugtak sem heitir „sorgarvinna“. Að missa ástvin er áfall og því fylgir sorg. Maður þarf að leggja á sig vinnu til að komast í gegnum hana og fyrir suma er gott að gera slíkt í hópum. Þar liggur eitt helsta svið Nýrrar dögunar; að koma á stofn slíkum hópum.

Samtökin eru með heimasíðu á netinu sem heitir sorg.is. Þar má finna fréttir, upplýsingar og greinargóðar lýsingar á starfi félagsins. Meðal annars eftirfarandi:

„Fyrir syrgjandann verður nótt sorgarinnar löng og ljós vonarinnar víðs fjarri um sinn. En við lifum samt dagana. Við höfum ekki stjórn yfir þeim. Dagarnir líða þótt við upplifum þá sem í þoku og myrkri. Svo lifum við nýja dögun: Þegar hin langa ganga í gegnum langa nótt sálarinnar tekur endi förum við að greina örlitla birtu. Það er ekki vegna þess að við séum búin að gleyma sorginni heldur hefur hún færst inn í nýja vídd þar sem dauðinn einn, nóttin ein, ræður ekki lengur.“

Klausan er tekin úr texta á heimasíðunni sem útskýrir tilurðina á nafni samtakanna. Þar er „sorgarvinnunni“ líkt við það þegar forfeður okkar Íslendinga ýttu bátskeljum sínum úr vör þegar dögunin var ennþá aðeins örlítil skíma í austri og ætluðu út á haf að leita sér lífsbjargar: samtökin eiga að vera vettvangur nýrrar dögunar fyrir syrgjendur.

SORG OG SORGARVIÐBRÖGÐ Séra Elínborg Gísladóttir er formaður samtakanna Ný dögun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný dögun eru frjáls félagasamtök sem byggja tilvist sína og starfsemi á fjárframlögum og félagsgjöldum.

niels@frettabladid.is

†

Elskuleg systir mín og móðursystir,

Guðbjörg Sigurðardóttir

ljósmóðir, frá Kárastöðum í Helgafellssveit,

lést á Hrafnistu v. Brúnaveg 2. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 14. desember kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju, reikningur 309-18-930076 kt. 630269-0839. Minningarkort fást í Heimahorninu, s. 438 1110.

Fyrir hönd aðstandenda,

Aðalheiður Sigurðardóttir
Margrét Sigurðardóttir

70 ára afmælí

Í tilefni af sjötugsafmælinu býður

Sigurdór Eggertsson

ættingjum og vinum í kaffi sunnudaginn 9. desember kl. 16.00 í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar, Laufásvegi 13.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

EDGE

Ford

Nýtt tákn um gæði

FORD EDGE SEL PLUS AWD
Verð 4.790.000 kr.*
3,5i V6 265 hö 339 Nm
6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 11,8 l/100 km

Jólatilboð Brimborgar

Ammríkskur jólasveinn kemur við í Brimborg

Sveinki lækkar gengi dollars svo um munar. Ford Edge lækkar um hundruð þúsunda íslenskra jólakróna. Komdu núna í Brimborg. Þú færð að auki 104.000 króna jólapakka í formi gæða vetrardekkja frá Nokian. Og sumardekkin í skottið. Verðmæti dagsins eru 304.000 íslenskar jólakrónur. Komdu og heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg.

Tugir þúsunda íslenskra jólakróna í jólagjöf
Heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg

Jóladollarinn lækkar og lækkar:
- Hundruð þúsunda í verðlækkun: 200.000 íslenskar jólakrónur
- Finnsk gæða vetrardekk frá Nokian: 94.000 íslenskar jólakrónur
- Undir bílinn: 10.000 íslenskar jólakrónur
- Sumardekkin í skottið: verðmæti alls, tugir þúsunda

Skoðaðu jólasveinatilboðið á Ford Edge SEL Plus AWD: V6, 3,5 lítra, 265 hestafla jólapakki með 6 þrepa sjálfskiptingu á aðeins **4.790.000** íslenskar jólakrónur. Plús vetrardekkin. Var áður 4.990.000 kr. Verðmæti vetrardekkja **104.000** íslenskar jólakrónur.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

WORLD

SKREFI NÆR ÞÉR

Á næstu vikum mun World Class opna fjórar glæsilegar heilsuræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Nýju stöðvunum er ætlað að koma til móts við vaxandi þörf viðskiptavina World Class fyrir heilsuræktarstöð í sinni heimabyggð.

SKREFI NÆR

Hafnarfjörður
10. desember

Dalshraun 1

SKREFI NÆR

Mosfellsbær
15. desember

Við Lágafellslaug

World Class® ICELAND

CLASS

Seltjarnarnes
29. desember

Við Seltjarnarneslaug

Kópavogur
7. janúar

Turninn á Smáratorgi, 15. hæð

Til hamingju!

Eftirtaldir aðilar óska World Class til hamingju með glæsileg húsakynni. Jafnframt óska þeir Hafnfirðingum, Mosfellingum, Seltirningum og Kópavogsbúum til hamingju með nýja heilsuræktarstöð í heimabyggð.

HÚSBYGG

actavis

LANDIC PROPERTY

NÝSIR

smi
Real Estate Group

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes
Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

FEÐGAR RÆÐA MÁLIN Þeir Kristján Jónsson og Jón Ólafsson segja aðra vatnsframleiðendur hafa gert þau mistök að ætla að höfða fyrst til fjöldans. Kristján segir þá sem fyrstir voru í útflutningi á vatni hafa verið nokkrum árum of snemma á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég sakna tónlistarinnar

Jón Ólafsson, athafnamaður og fyrrum stjórnarformaður afþreyingarveldisins Norðurljósa, er snúinn aftur. Hann sér lítinn hag í því að horfa til fortíðar, kýs fremur að horfa fram á veginn. Hann segist sakna einskis fyrir utan tónlistina. Umhverfismál eru Jóni hjartans mál þessa dagana en hann segir *Jóni Aðalsteini Bergsveinssyni* að Íslendingar þurfi lítið að leggja á sig til að verða leiðandi á sviði umhverfismála í samfélagi þjóðanna.

Þeir eru annasamir dagarnir hjá Jóni Ólafssyni, fyrrum stjórnarformanni Norðurljósa og Skífukóngi. Hann drekkur te og talar hratt þegar hann sest loks niður hjá okkur Kristjáni, syni hans, í afdrepi á áttundu hæðinni á Hilton Nordica. Hann hefur í nógu að snúast í tengslum við vatnsútflutning þeirra feðga undir merkjum Icelandic Glacial beggja vegna Atlantsála. Erfitt er að bóka hann í viðtal. Ýmist er Jón ekki á landinu eða með of þétta dagskrá til að koma því fyrir. Við höfðum upphaflega tvo tíma. Vegna tafa styttust þeir í einn.

Á meðan við Kristján biðum eftir föður hans, fyrrum stjórnarformanns afþreyingarrisans Norðurljósa, segir hann frá því að vatnsframleiðslan hafi byrjað sem óheppni, næstum fyrir mistök. Hann var upphaflega miðlari, hafði keypt gjaldþrota vatnsframleiðslu með húsi og lóð í Ölfusinu fyrir Sádi-Araba árið 2003. Fyrr en varði voru viðskiptin fyrir bí. Ekkert bólaði á greiðslunni og sat Kristján því uppi með óstarfhæft fyrirtæki fyrir austan fjall. Hann settist upp úr því niður með föður sínum og saman rýndu þeir í möguleikana sem fólust í verkefninu. Eins og svo oft áður sá Jón fljótlega allt það sem framtíðin hafði upp á að bjóða í nágrenni Þorlákshafnar og saman stofnuðu þeir fyrirtækið Icelandic Water Holdings utan um starfsemina.

Seldi eignir sínar

Jón Ólafsson bjó á þessum tíma í Lundúnum, nýverið alfarinn af landi brott eftir að hópur fjárfesta undir forystu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, þáverandi forstjóra Baugs, og Kaupþings-Búnaðarbanka, keyptu allar eignir hans hér á landi, meira að segja einbýlishúsið í Stigahlíðinni. Stærsta eignin lá í fjölmiðlasamsteypunni Norðurljósum sem hélt utan um Stöð 2, Bylgjuna og fleiri útvarpsstöðvar. Þá skiptu sömuleiðis um hendur aðrar fasteignir Jóns og lóðir á Arnarneslandi sem hann hafði fjárfest í nokkru áður. Inni í kaupunum var sjálf Skífan, sem líta má á sem eitt af börnum athafnamannsins.

Vart þarf að minnast á að Jón hefur um árabil verið umdeildur. Ekki aðeins á hinum eldheita stóli stjórnarformanns Norðurljósa heldur í hverju því sem hann tók sér fyrir hendur. Ekki bættu ýmis ummæli orðstír hans. Sum hver féllu á opinberum vettvangi í hitaumræðu ráða- og menntamanna og fékk Jón þeim hnekkt, oftar en ekki fyrir dómstólum. Slíkt tók á, bæði á budduna og þolinmæðina. Mál Jóns gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor í stjórnmálafræðum, velkist enn um í dómskerfinu vegna tæknilegs galla. En brátt sér fyrir endann á málinu, sem hefur verið báðum aðilum kostnaðarsamt. Það er háð í Bretlandi hvar Jón hefur verið búsettur frá árinu 1998.

> Ég hef gert margt skemmtilegt um ævina og það er mikil gleði í þessu starfi. Fátt annað veitir mér jafn mikla lífsfyllingu og vatnið.

Jón sagði í samtölum við fjölmiðla á þessum tíma nafna sinn, Jón Ásgeir, höfðingja í viðskiptunum og hafi Jón sjálfur fengið það sem honum bar.

Tilviljun ræður því að á sama tíma og samtalið á sér stað, rétt rúmum fjórum árum síðar, situr þessi höfðingi, nú starfandi stjórnarformaður Baugs, sex hæðum neðar á þessu sama hóteli. Tilefnið; róteringar innan FL Group og tug milljarða sala á fasteignum Landic Group, áður Stoða, í skiptum fyrir næstum 70 prósent hlutafjár í fjárfestingafélaginu. Hannes Smárason stiginn úr stólnum og enn einn Jón-inn kominn inn.

En saknar Jón Ólafsson þessa tíma í stjórnarformannsstólnum, einhver eftirsjá, þörf til að líta til baka? „Nei," svarar hann afdráttarlaust. „Það er enginn hagnaður í fortíðinni. Hann er allur í framtíðinni. Ég hef gert margt skemmtilegt um ævina og það er mikil gleði í þessu starfi. Fátt annað veitir mér jafn mikla lífsfyllingu og vatnið. Nema ég sakna tónlistarinnar," segir hann en Skífan, sem Jón setti á laggirnar, átti réttinn að einu stærsta tónlistarsafni landsins.

➜ SELDI ALLT SITT OG HVARF Á BRAUT

Jón Ólafsson tók þá ákvörðun síðla árs 2003 að selja hópi fjárfesta allar eignir sínar hér á landi. Jón byggði upp umsvifamikinn tónlistarrekstur með stofnun Skífunnar. Fyrir tilstuðlan hræringa innan útgáfugeirans og aðrar róteringar var fyrirtækið komið með með útgáfuréttinn að einhverju stærsta tónlistarsafni landsins. Undir Norðurljós, sem stofnað var í kringum utanumhald Stöðvar 2 og tilheyrandi útvarpsstöðva voru Regnboginn, Stjörnubíó, Smárabíó í Smárlind, upptökuverið Grjótnáman, Stúdíó Sýrland og fjöldi verslana Skífunnar. Er þá fátt eitt nefnt. Auk þessa átti Jón sjálfur stóra hluti í Aðalverktökum en hafði áður verið í Orca-hópnum svonefnda, sem festi sér ráðandi hlut í Íslandsbanka við einkavæðingu hans, stóran hlut í Flugleiðum og lóðir í Garðabænum. Fyrir söluna voru skuldir orðnar himinháar og stefndi allt í gjaldþrot Norðurljósa. Í ofanálag sætti hann rannsókn skattayfirvalda vegna gruns um vantalda skatta á árabilinu 1998 til 1999 og 2000 til 2003 upp á um þrjá milljarða króna. Heldur grynnkaði á undanskotinu eftir því sem á leið en ríkisskattstjóri komst að þeirri niðurstöðu síðla árs 2004 að Jón þyrfti að greiða rúmar þrjú hundruð milljónir króna vegna endurálagningar skatta til viðbótar tæpum 97 milljónum sem hann hafði áður greitt. Endurálagningin er vegna vanframtaldra tekna, eigna, hlunninda og söluhagnaðar.

Þrátt fyrir þetta sat rannsóknin í Jóni: „Ég hef ekki orðið fyrir meira áfalli í lífinu en þessari skattrannsókn," segir hann í ævisögu sinni, sem Einar Kárason ritaði.

MÓGÚLLINN SELUR EIGUR SÍNAR Jón Ólafsson kom hingað til lands frá Bretlandi um miðjan nóvember 2003 til þess að selja hópi fjárfesta eigur sínar. Hann stoppaði stutt við, flaug aftur utan eftir undirritun samninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Sexfaldur lottóvinningur óskar eftir góðu heimili fyrir jólin.

Náðu þér í Lottómiða fyrir kl. 18.40 á laugardag.

Lottó

Taktu Lottó í áskrift! 580 2530 Sölustaðir lotto.is

ENNEMM / SÍA

FRAMHALD AF SÍÐUSTU OPNU

Vatn í hæsta gæðaflokki

En aftur að vatninu. Breska viðskiptablaðið Financial Times birti í enda síðasta mánaðar langa grein og viðtal við Jón. Þar er ævi Jóns spunnin saman við endurkomu í viðskiptalífið og mikla útrás Icelandic Water Holdings. Afar sterkt er til orða tekið, sagt að fyrirtækið eigi sér vart hliðstæðu í þessum geira. Þvílíkur er uppgangurinn. Jón er hæstánægður með umfjöllunina.

Þeir feðgar segja að snemma í ferlinu hafi verið ákveðið að vatnið skyldi verða í hæsta gæðaflokki. „Það besta í heimi," líkt og Jón orðar það, og verðlagt eftir því. Jón segir línu sem þessa greina Icelandic Water Holdings frá öðrum íslenskum fyrirtækjum í vatnsútflutningi. „Hinir reyndu að ná til fjöldans. En þótt markaðurinn sé stór þá þarf að framleiða geysilegt magn af átöppuðum vatnsflöskum svo það takist," segir hann og bætir við að slík markaðssetning sé erfið. Það liggur beinna við að markaðssetja dýrari vöru en ódýra. „Þegar vara er fjöldaframleidd fyrir stóran markað þarf að selja mikið til að standa undir kostnaði," segir hann. Áætlanir annarra íslenskra vatnsútflytjenda hafi einmitt steytt á skeri af þessum sökum. „Það er vandasamt að gera þetta rétt," segir hann.

Kristján tekur undir þetta. Segir það fjarri því auðvelt verk að markaðssetja nýja vöru á jafn erfiðum og stórum markaði og í Bandaríkjunum. „Í mínum huga vönduðum við mjög til verks frá öllum hliðum. Svo var tímasetningin rétt hjá okkur," segir hann og bendir á að fyrir aldarfjórðungi hafi ekkert vatn verið yfirhöfuð selt á flöskum vestan hafs. „Þeir sem voru í þessu fyrir áratug voru líka of snemma á ferðinni."

Vatnið kynnt í Cannes

Þegar þeir feðgar höfðu lagt línurnar, teiknað upp fyrirtækið sem Kristján hafði í höndunum, hófu þeir mikla uppbyggingu og endurbætur á vatnsframleiðslunni í Ölfusinu. Markið var sett hátt, aðstaðan fyrir austan gerð óaðfinnanleg með það fyrir augum að ná vatninu í þann gæðaflokk sem þeir vildu. Þá var breskt fyrirtæki fengið til að hanna flöskurnar.

Flöskurnar eru einkar flottar, ferkantaðar með þrívíðri mynd af Jökulsárlóni. Efsta lagið, rétt neðan við stútinn, minnir á jökul með djúpar sprungur en Kristján og sérlegur sérfræðingur í plasti, sem kallaður var til, eiga heiðurinn að honum. Jón bendir á að þeim feðgum hafi verið bent á að slík hönnun væri klúður, flöskurnar myndu falla saman þegar þeim væri hlaðið mörgum upp í gáma til útflutnings. Sú varð ekki raunin. Enda hefur flaska Icelandic Glacial hlotið verðlaun fyrir meistaralega hönnun. Fyrstu verðlaunin féllu fyrirtækinu í skaut í harðri vatnskeppni í Dúbaí ári síðar og þar með birtust flöskurnar á radarnum.

Varningurinn var tilbúinn tíu dögum fyrir kvikmyndahátíðina í Cannes í Frakklandi. Jón var öllum hnútum kunnugur eftir áratuga starf í afþreyingargeiranum og setti stefnuna þangað. Þar var markhópurinn. „Við vorum tilbúnir með allt og hugsuðum: „Hvað eigum við að gera?" Við ætluðum beint á toppinn og fórum auðvitað til stjarnanna," segir Jón, en eitt af þremur heimilum hans er þar í borg. Hin í Reykjavík og Lundúnum.

Að fengnu samþykki lögreglustjóra borgarinnar útbjuggu feðgarnir hjólreiðavagn sem flutti farþega eftir lokaðri aðalgötu Cannes og fengu allir þeir sem þurftu á skutli að halda fyrstu tíu dagana gratís lindarvatn úr Ölfusinu í flöskum. Þá vættu stjörnurnar þurrar kverkar með íslenska vatninu hvar sem þær stigu niður fæti meðan á hátíðinni stóð. Markaðssetningin tókst afar vel en helsti samkeppnisaðili Icelandic Water Holdings í Frakklandi, þarlendi vatnsrisinn Avian, sat eftir með sárt ennið. „Við stálum senunni í túnfætinum hjá þeim. Sagan segir að þeir hafi þurft að senda tvo gáma til baka sem þeir höfðu ráðgert að selja þarna," segir Jón og bendir á að markaðssetningin hafi vakið heilmikla lukku.

Barið á dyr risans

Eins og kunnugt er keypti bandarískt drykkjarvöruframleiðandinn Anhauser-Busch, sem þekktast er hér á landi fyrir bjórinn Budweiser, fimmtungshlut í fyrirtæki þeirra Jóns og Kristjáns að undangengnu löngu og ströngu samningaferli. Kaupverð hefur ekki verið gefið upp. En hluturinn felst í fjármögnun fyrirtækisins á nýrri og stærri átöppunarverksmiðju sem nú er verið að reisa í Ölfusinu og dreifingu á vatni Icelandic Glacial í Bandaríkjunum.

Erfitt er að gera sér í hugarlund hversu stór samningurinn er í raun og veru og engin leið að draga virði hans upp úr þeim feðgum. Skiljanlega, fyrirtækið í einkaeigu að mestu og þeim frjálst að greina frá tölulegum upplýsingum eða halda þeim út af fyrir sig. „Þetta eru „double digits" í hverjum mánuði," segir Kristján upp á ensku og bætir við að samstarfið sé svo nýtt af nálinni að allar tölur eigi eftir að skýrast. Söluaukningin í hverjum mánuði nemur tveimur tölustöfum. Þó megi reikna með örum vexti á næstu mánuðum. „Við munum selja margfalt á næsta ári miðað við síðasta ár," segir Jón.

Svo lesendur geti glöggvað sig á umfangi Anhauser-Busch má geta þess að fyrirtækið hefur um helmingshlutdeild á bandarískum bjórmarkaði. Sem er geysimikið.

Í dag starfa um þrjátíu manns hjá Icelandic Water Holdings um heim allan en gert er ráð fyrir því að þeim fjölgi í sjötíu til áttatíu í ágúst á næsta ári. Þar af verður helmingurinn á Íslandi.

Annasamt líf

Kristján stýrir vatnssölunni í Bandaríkjunum. Hann er búsettur í Los Angeles en Icelandic Water Holdings er með skrifstofu í kvikmyndaborginni Beverly Hills. Hann er fjarri Jóni föður sínum, sem búið hefur í Lundúnum í Bretlandi síðastliðin níu ár. Það er mikið að gera og þeir þurfa báðir að halda aftur af sér að svara ekki í símana. Á endanum slökkva þeir á þeim eða setja á hljóðlaust.

Eins og áður sagði býr Kristján í Bandaríkjunum. Hann fór frá heimili sínu til fundarhalda og markaðssetningar í byrjun nóvember og stefndi að því að snúa aftur tveimur vikum síðar. En vindar breyttu för og heimferðin því ekki á dagskrá fyrr en um miðjan jólamánuðinn. Aðspurður hvort hann eigi fjölskyldu sem bíði eftir honum heima við segir hann ekki svo vera: „Þá væri ekki hægt að standa í þessu," segir hann.

> „Við erum fyrsta drykkjarvörufyrirtækið sem hefur vottun fyrir því að vera kolefnisjafnað. Með því höfum við riðið á vaðið með innleiðingu þessarar hugsunar.

STOLTUR MEÐ SKÓFLUNA Fyrsta skóflustungan að nýrri verksmiðju Icelandic Glacial var tekin í ágúst. Fyrirhugað er að framleiðsla hefjist seint í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ

Ekki Bangkok norðursins

Þeir Jón og Kristján taka undir gagnrýni Financial Times um íslenskar auglýsingar á erlendri grund þar sem gert hafi verið út á kynferði. „Kúnnahópur vatnsins er ekki að leita eftir kynferðislegri umfjöllun," bendir Kristján á. Faðir hans tekur í sama streng. „Við erum að kynna og selja Ísland," segir Jón. „Það er mjög vandasamt verk svo vel sé og lítið má út af bregða. Við stöndum ekki fyrir því að lyfta upp pilsfaldi og heilla hingað fólk á þeim forsendum," bætir hann við og minnist þess að fyrir nokkru hafi Ísland verið kallað Bangkok norðursins. Hann hristir höfuðið: „Því hafna ég alfarið."

Fyrirtæki þeirra feðga er tilbúið með auglýsingaherferð sem ýtt verður úr vör snemma á næsta ári. Í forgrunni eru þrjár stúlkur, þar á meðal Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrum Ungfrú heimur. „Við stillum þeim upp eins og fjallkonunni, tignarlegar og elegant. Þær fá að njóta sín sem íslenskar stúlkur í náttúrufegurðinni en ekki sem kyntákn," segir Jón.

Umhverfið hjartans mál

Jón segir Icelandic Glacial hafa gengið langt í því augnamiði að tengja hreina ímynd landsins við vörumerki sitt. Í því felast skuldbindingar, nýr hugsunarháttur sem allir verða að undirgangast.

„Við erum fyrsta drykkjarvörufyrirtækið sem hefur vottun fyrir því að vera kolefnisjafnað. Með því höfum við riðið á vaðið með innleiðingu þessarar hugsunar," segir Jón og bendir á að öll vara Icelandic Water Holdings sé endurnýtanleg, allt frá flöskum til stærri kassa. Um vatnið þarf ekki að hafa mörg orð. Fleiri fyrirtæki í geiranum hafa tekið Icelandic Water Holdings til fyrirmyndar og gripið til svipaðra ráða.

Hlutur feðganna felst í samstarfi við breska fyrirtækið Carbon Neutral sem fjárfestir í ýmsum verkefnum. Fyrirtækið tekur út alla starfsemi Icelandic Water Holdings einu sinni á ári og liggur öll vinnslan undir. Þar er sömuleiðis flutningur á flöskum fyrirtækisins með skipum og bílum, meira að segja, og ferðir starfsmanna. Ferð þeirra Jóns og Kristjáns í viðtalið kallar á greinagerð. Þeir greiða fyrir kolefnisnotkun í samræmi við allt umfang sitt og stúss, allt frá fyrsta ári. Gjaldið er greitt á hverju ári. Síðasta greiðsla var reyndar hærri en reikningurinn kvað á um. „Við vildum eiga nóg inni. Þetta er sífellt verkefni sem við endurskoðum á þriggja mánaða fresti til að bæta okkur," segir Jón og bendir á að Íslendingar gætu tekið hugsunarhátt sem þennan sér til fyrirmyndar. Hann eigi sér þann draum að ríkisstjórn Íslands ákveði að landið verði leiðandi í grænu samfélagi þjóðanna. Hingað mætti jafnvel bjóða fyrirtækjum og veita skattaívilnanir fyrir græna og sjálfbæra hugsun. „Aðalatriðið er að fara alla leið," segir hann en Icelandic Water Holdings hlaut í september verðlaun fyrir umhverfisstefnu sína.

Greinilegt er að umhverfismálin liggja nálægt hjarta Jóns. Aðspurður hvort þetta sé ný hugsun, nýr Jón, segir hann: „Ég held að ég hafi bara alltaf verið svona síðan ég var í sveit. Ef ég sá tóma flösku í grasi í hestaferð þá tók ég hana með mér," segir hann.

Þá er tíminn úti og Jón á hraðferð. Ætlar til fundar við ferðalanga er skipuðu hljómsveitina Björgvin Halldórsson Ensamble, sem Sovétmenn buðu í sex vikna sögulegan en erfiðan túr árið 1982. Bandið það fyrsta frá Vesturlöndum sem þangað kom. Með í för var Arnaldur Indriðason, nú rithöfundur en þá rétt yfir tvítugu, sem fenginn hafði verið til að rita ferðasöguna. „Þetta var fyrsta sagan hans," segir Jón og hlær. Þetta er 25 ára afmælið og fundarstaðurinn Óðinsvé hjá Sigga Hall. Þrátt fyrir góðan hug og stóra drauma tókst Jóni ekki að leggja óplægðan austantjaldsakurinn að fótum sér með stórband Björgvins Halldórssonar á þeim tíma. Aðstæður sáu til þess. En nú er Jón kominn á nýjan vettvang með vatnið á lofti og nýja sýn.

VATNIÐ KYNNT Í CANNES Fyrirtæki þeirra Jóns og Kristjáns beitti óvenjulegum aðferðum við markaðssetningu á fyrstu vatnsflöskum fyrirtækisins á kvikmyndahátíðinni í Cannes. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR LOGI VIGNISSON

Seiðandi samspil ljóss og lita

Láttu fegurð og áhrifamátt ljóssins umbreyta sjónrænni upplifun þinni með Philips Aurea Flat TV LCD flatskjánum. Ambilight Spectra tæknin með Active Frame skjáumgjörðinni framkallar samspil ljóss og lita er skapar nýjar víddir í áferð og skerpu. Um flatskjá með Perfect Pixel HD Engine tækni og Full HD 1080p LCD upplausn er aðeins eitt að segja – sjón er sögu ríkari.

PHILIPS

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

PHILIPS VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008
FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ**

European Full-HD LCD-TV 2007-2008
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9732D**.

TÆKIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM

United LTV15L42
15" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ **34.995**

Dantax 19LCDDVDP3
19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innb. DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesari SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa ofl.

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic TX32LE7F
32" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni, Progressive Scan, 3.000:1skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi ofl.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ **129.995**

Philips 37PFL5332
37" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með 1366x768 pt., Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt., USB, textavarpi ofl.

TILBOÐ **139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

Philips 42PFL5322
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með 1366x768 pt., Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **169.995**
FULLT VERÐ **189.995**



Philips 42PFL7662D
42" LCD Pixel Plus Full HD BREIÐTJALDmeð 1920x1080 pt., Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi ofl.

TILBOÐ **229.995**
FULLT VERÐ **269.995**

Philips 50PFP5532D
50" Plasma Pixel Plus HD BREIÐTJALD með 1366x768 pt., 15.000:1 skerpu, Pixel Plus HD 2i, HD Ready, Progressive Scan, Active Control, 2 x 20w Nicam Stereó með Incredible Surround, 2 Scart 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, ofl.

TILBOÐ **219.995**
FULLT VERÐ **299.995**

Philips HTS3357
Fjölkerfa HEIMABÍÓKERFI með DivX DVD SPILARA, 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari, Video Upscaling, 2 framhátölurum, miðju, 2 bakh. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 stöðvam., USB og Line-In að framan, SCART (með RGB) og HDMI tengi og fjarstýringu.

VERÐ **37.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Philips HTS6510
HEIMABÍÓKERFI með AmiSound Surround kerfi, fjölkerfa DVD spilara með Progressive Scan, 500w RMS magnara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i, útvarpi með stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart, HDMI,, Component, SVHS og CVBS tengi, USB tengi, Aux in og Digital Coaxal in ofl.

VERÐ **59.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic - SCPT850
HEIMABÍÓKERFI með 1000w (4x125w og 2x250w RMS Digital magnara, fjölkerfa DVD SPILARA, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, Auto Speaker setup, 4 gólfh., miðjuh. og bassabox, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvam., RCA inng., Digital Optical inng., USB tengi, Scart, HDMI og Component tengi ofl.

VERÐ **69.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Kenwood og Dali Heimabíópakki - 1S
Kenwood KRF-V5200D 5x100w RMS Dolby Digital / DTS MAGNARI, **Kenwood** DVF-3300-B Fjölkerfa DivX DVD SPILARI, **Kenwood** KS-3200HT 5x120w HÁTALARASETT og **Dali** AW10 60w BASSABOX.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ **109.995**

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700

Heimilistæki ht.is

Vaxtalaus jólatilboð

Jólagjöfin þín

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439

Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

Hlífðardýna og lak fylgja

Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gafli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 51.663

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516

Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

www.betrabak.is

TEMPUR® inniskór

Jólagjöfin

Jólagjöfin sem allir vilja fá. Tempur inniskórnir eru hlýir og notalegir, með gúmmísóla og Tempur þrýstijöfnunarefni í innleggi.

Tempur inniskór

Jólatilboð

7.700,-	22%
Áður kr. 9.926	afsláttur

Original heilsukoddi

Jólatilboð

8.075,-	15.200,-
1 stk. 15% afsl.	2 stk. 20% afsl.



Yes! sængurver

Jólatilboð

8.010,-	15.130,-
1 stk. 10% afsl.	2 stk. 15% afsl.

Hitajöfnunarsæng 140x200

Jólatilboð

24.900,-	18,5%
Áður kr. 30.550,-	afsláttur

TempraKon dúnsokkar

Jólatilboð

5.015,-	15%
Áður kr. 5.900,-	afsláttur

Jólagjöfin frá þér

Mette Ditmer rúmteppi

Jólatilboð

18.610,-	20.682,-
240x260 cm	260x280 cm

Mette Ditmer púðar

Jólatilboð frá kr.

3.085,-	15%
fullt verð	Afsláttur

Scala teppakista

Jólatilboð

35.910,-	10%
Áður kr. 39.900,-	afsláttur

Fleiri frábærar jólagjafir í verslun okkar

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-18
Sunnudag frá kl. 13-18

Lendingarnar í skjóli hersins

Mörgum spurningum um svonefnt fangaflug bandarískra stjórnvalda, einkum leyniþjónustunnar CIA, er enn ósvarað. Árum saman var eftirlit með lendingum flugvéla á svæði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli ekki neitt samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. ***Magnús Halldórsson*** skoðaði fangaflugið.

Hinn 4. október 2001, rúmlega þremur vikum eftir mannskæðar árásir hryðjuverkamanna al-Kaída á tvíburaturnana í New York, hittust fulltrúar NATO á fundi í Brussel sem bandarísk stjórnvöld höfðu óskað eftir við Norður-Atlantshafsráð NATO. Á fundinum var rætt um leiðir til þess að efla eftirlit og aðgerðir gegn hryðjuverkaógn.

Samþykktar voru aðgerðir í átta liðum, að beiðni bandarískra stjórnvalda, sem miðuðu að því að víkka út möguleika NATO og stjórnvalda aðildarþjóða í „baráttunni gegn hryðjuverkaógninni“. Fallist var á að efla upplýsingaflæði, samstarf við eftirlit, varnir á landamærum, verkaskiptingu milli þjóða og eftirlit með höfnum og flugvöllum. Einnig var samþykkt að herskip og fallhlífahersveitir skyldu vera til þjónustu reiðubúin í sértækum aðgerðum bandarískra stjórnvalda gegn hryðjuverkaógnum.

Þessi stefnumörkun NATO er talin vera forsenda þess að bandarísk stjórnvöld, einkum leyniþjónustan CIA (Central Intelligence Agency), hófu í kjölfarið að handtaka meinta hryðjuverkamenn og fljúga þeim á starfstöðvar sínar víðs vegar um heim til yfirheyrslna og fangelsunar án aðkomu dómstóla. Umfangsmesta starfsemi CIA í Evrópu, sem tengdist þessum handtökum, fór fram í Póllandi og Rúmeníu.

Nefnd á vegum Evrópuþingsins, sem stýrt var af svissneska þingmanninum Dick Marty, upplýsti um margvíslegar aðgerðir CIA sem fólu í sér leynileg flug með menn sem teknir höfðu verið til fanga þar sem talið var að þeir gætu mögulega tengst hryðjuverkastarfsemi. Í flestum tilvikum höfðu dómstólar enga aðkomu að því þegar mennirnir voru handteknir og þeir fangelsaðir, meðal annars í leynilegum fangelsum í austurhluta Rúmeníu og miðju Póllandi. Frumkvæðið að rannsóknum á starfsaðferðum bandarískra yfirvalda hefur að mestu komið frá fjölmiðlum, meðal annars staðbundnum dagblöðum í Rúmeníu og Póllandi, og mannréttindasamtökum. Í kjölfar frétta af leynilegri starfsemi CIA í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ tóku alþjóðastofnanir og stjórnvöld einstakra landa að skoða hvort alþjóðalög hefðu verið brotin. Íslensk stjórnvöld voru þar á meðal.

Ekkert eftirlit árum saman

Langflestar lendingar bandarískra flugvéla á Íslandi, sem taldar eru tengjast fangaflugi á árunum 2001 til 2007, voru innan svæðis á Keflavíkurflugvelli sem tilheyrði bandaríska hernum. Ekkert eftirlit var með þessum lendingum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og er „nánast ómögulegt“, svo vitnað sé til heimildarmanns, að upplýsa um hvort fangar hafi verið fluttir um flugvöllinn, nú nokkrum árum síðar. Ræður þar mestu sú afstaða bandarískra stjórnvalda að upplýsa ekki hvort fangar hafi verið fluttir með tilteknum flugvélum þar sem starfsemin er sögð leynileg.

Samkvæmt ströngustu verklagsreglum á eftirlit með öllum flugvélum sem koma hingað utan Schengen-svæðisins að vera fyrir hendi. Það er vegabréfaskoðun og almenn skoðun á vélinni. Lendingar innan hersvæðisins voru aftur á móti látnar afskiptalausar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. „Þetta voru samstarfsþjóðir (Bandaríkin og Ísland), áttu í góðu pólitísku sambandi og því var þetta [eftirlit með flugumferð á hersvæðinu] einfaldlega ekki á dagskrá,“ segir heimildamaður Fréttablaðsins.

Á Reykjavíkurflugvelli, þar sem þekktar fangaflugvélar hafa einnig lent, hefur eftirlit verið með öllum flugvélum en eftirlitsdeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt því. „Við skoðum einfaldlega allar flugvélar sem hingað koma,“ segir Jóhann Karl Þórisson, yfirmaður eftirlitsdeildarinnar. „Allar flugvélar sem koma utan Schengen-svæðisins inn í íslenska lofthelgi og lenda á Reykjavíkurflugvelli þurfa að fara í gegnum vegabréfaeftirlit og skoðun.“ Alls eru starfsmenn eftirlitsdeildarinnar sjö talsins.

Frá Kaíró og Búkarest

Amnesty á Íslandi kom upplýsingum um ferðir þekktra fangaflugvéla til utanríkisráðuneytisins með beiðni um að skoðað yrði hvort bandarísk stjórnvöld hefðu nýtt sér íslenska flugvelli í fangafluginu. Jóhanna Kr. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastýra Amnesty á Íslandi, segir ólíðandi ef mannréttindabrot hafi verið framin með fangafluginu. „Það er vitaskuld ólíðandi ef bandarísk stjórnvöld hafa nýtt sér íslenska lofthelgi til að stunda mannréttindabrot. Hins vegar virðast málin standa þannig nú að afar erfitt eða ómögulegt er að upplýsa um hvort fangar hafi verið fluttir í fangavist eða yfirheyrslur um Ísland. Meginmarkmiðið núna ætti því að vera að að fordæma ólöglegt framsal og önnur mannréttindabrot sem því tengjast. Og krefjast nákvæmra upplýsinga um flugvélar sem lenda á Íslandi og eru á vegum CIS. Nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld fordæmi aðferðir bandarískra stjórnvalda sem fela í sér brot á alþjóðalögum, svo sem fangaflugið og Guantánamo-fangabúðirnar á Kúbu.“

Meðal upplýsinga sem Amnesty kom til utanríkisráðuneytisins voru gögn um flugferðir CIA frá Kaíró í Egyptalandi til Íslands og áfram til Houston í Texas. Margar slíkar ferðir voru farnar frá því í desember 2001 og fram í september 2005. Einnig var sérstaklega tekið fram að flug véla frá Búkarest í Rúmeníu til Íslands og áfram til Washington gætu hugsanlega verið fangaflug þar sem vitað væri að meintir hryðjuverkamenn hefðu verið yfirheyrðir þar, samkvæmt upplýsingum sem Evrópuþingið aflaði. Í flestum tilfellum virðist sem vélarnar hafi lent hér einungis til að taka eldsneyti þar sem þær stoppa hér í aðeins einn til þrjá klukkutíma.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ákvað í kjölfarið, 27. júní síðastliðinn, eftir að nefnd Dicks Marty hafði lokið störfum og gefið frá sér skýrslu, að skipa starfshóp til þess að kanna hvort svonefnt fangaflug bandarískra stjórnvalda hefði farið um íslenska lofthelgi og þá hvernig eftirliti með því hefði verið háttað. Starfshópurinn tók saman lista með rúmlega 200 flugum sem hugsanlega gætu verið fangaflug. Einnig var upplýsingum um verklagsreglur safnað saman í tengslum við eftirlit með flugferðum af því tagi sem um ræðir. Ingibjörg Davíðsdóttir sendiráðunautur stýrði starfinu en sendiráðsritararnir Erlingur Erlingsson og Finnur Þór Birgisson áttu einnig sæti í hópnum.

Meginniðurstaða starfshóps utanríkisráðherra er sú að „utanríkisráðuneytinu [sé] ekki kunnugt um ferðir loftfara um íslenska lofthelgi, Keflavíkurflugvöll eða Reykjavíkurflugvöll, með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem hvorki njóta verndunar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum“. Í niðurstöðukafla samantektar starfshópsins er sérstaklega tekið fram að í vinnu starfshópsins hafi ekki falist „viðleitni til þess að staðfesta eða kanna frekar hvort um ólögmæta fangaflutninga um íslenskt yfirráðasvæði hafi verið að ræða“. Sagt er að slík rannsókn „væri tímafrek og flókin í framkvæmd og ljóst [...] að væri hún framkvæmd einhliða myndi slík rannsókn ekki leiða til óyggjandi niðurstaðna“. Þá segir: „Ef ólögmætur flutningur fanga hefur átt sér stað um Ísland með umræddum loftförum, eða öðrum, þá er vart mögulegt að sannreyna slíkt eftir á nema með fullri samvinnu þeirra sem að slíku flugi stóðu.“

Alþjóðalög brotin

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var formaður Íslandsdeildar Evrópuráðs Alþingis og átti sæti í áðurnefndum starfshóp. Hann segir flesta sem hafi komið að skoðun þessara mála vera sammála um að bandarísk stjórnvöld hafi brotið alþjóðalög með starfsaðferðum sínum, að minnsta kosti í einhverjum tilvikum. „Það má deila um það hvort innistæða hafi verið fyrir öllum þeim fullyrðingum sem hafa oftar en ekki komið fram í umræðu um þetta fangaflug. Ég held þó að skýrslan sem unnin var undir stjórn Martys sýni að það séu komnar fram afar sterkar vísbendingar, og jafnvel sannanir, fyrir því að alþjóðalög hafi verið brotin í mörgum tilvikum. Það hafa ekki fundist nein gögn ennþá um það hvort Ísland hafi blandast með einhverjum hætti inn í þetta fangaflug, nema þá helst með þeim hætti að einhverjar tilteknar flugvélar hafi lent hér, sem hafi áður verið notaðar til þess að flytja fanga milli landa.“

Starfsaðferðirnar umdeildu, sem talið er að CIA hafi beitt, eru taldar fara gegn lögum um meðferð fanga og fela því í sér mannréttindabrot. Birgir segir vitaskuld mikilvægt að fá upplýsingar fram eins og unnt er. „Vitaskuld er mikilvægt að þau atriði sem geta verið uppi á borðum séu það. En aðferðirnar sem verið er að rannsaka eru leynilegar og því er erfitt upplýsa um það hvernig þessum málum var háttað.“

Deilt hefur verið um það hvort fyrrnefndar samþykktir NATO, frá 4. október 2001, hafi veitt bandarískum stjórnvöld heimild til þess að nýta flugvelli í Evrópuríkjum í stríðinu gegn hryðjuverkum. Utanríkismálanefnd Alþingis ræddi þessi mál á fundum í október og nóvember. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru nefndarmenn almennt sammála um að ef fangaflugið fæli í sér brot á alþjóðalögum samrýmdist það ekki samþykktunum frá 4. október þar sem ekki væri með nokkru móti hægt að greiða fyrir athæfi sem fæli í sér brot á alþjóðalögum.

FANGAFLUGVÉL Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Hér sést það sem kallað er fangaflugvél á Reykjavíkurflugvelli. Á undanförnum árum hafa margar vélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA lent á vellinum en ekki hefur tekist að upplýsa hvort fangar, sem hefur verið haldið í trássi við alþjóðalög, hafi farið um íslenska flugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ MEINT FANGAFLUG VÉLA TIL OG FRÁ KEFLAVÍK

Starfshópur utanríkisráðherra lét taka saman upplýsingar um ferðir flugvéla sem tengdar hafa verið við meint, og ekki meint, fangaflug víða um heim.

TEGUND:	N404AC
BROTTFARARSTAÐUR:	Kaíró, Egyptalandi
ÁFANGASTAÐUR:	Keflavík, Ísland
ÁFRAMFLUG:	Houston, Texas, Bandaríkin

Dagsetning	Koma til Íslands	Brottför frá Íslandi
5.12. 2001	11.33	13.08
16.4. 2002	12.20	12.59
25.9. 2002	12.12	12.45
11.12. 2002	12.49	13.29
10.8. 2003	11.01	11.43
23.4. 2004	12.21	13.04
3.8. 2004	17.34	18.21
24.10. 2004	11.21	12.14
7.6. 2005	10.57	11.55
10.9. 2005	18.01	18.58
6.6. 2006	10.59	11.57

TEGUND:	N368CE
BROTTFARARSTAÐUR:	Búkarest, Rúmenía
ÁFANGASTAÐUR:	Keflavík, Ísland
ÁFRAMFLUG:	Washington, Bandaríkin

Dagsetning	Koma til Íslands	Brottför frá Íslandi
24.5. 2006	13.13	14.23
28.5. 2006	13.10	14.24
31.5. 2006	12.37	13.58
4.6. 2006	12.33	13.49
7.6. 2006	12.37	13.56
14.6. 2006	12.48	14.06
18.6. 2006	13.17	14.29
21.6. 2006	13.06	14.15
25.6. 2006	12.40	13.55
28.6. 2006	12.37	13.52
2.7. 2006	12.48	14.02
5.7. 2006	12.52	14.04
9.7. 2006	12.43	13.56
23.7. 2006	12.38	13.44
26.7. 2006	13.02	14.13
30.7. 2006	13.02	14.07
2.8. 2006	12.50	14.05
6.8. 2006	12.13	13.21
9.8. 2006	13.02	14.13
13.8. 2006	12.48	13.59
16.8. 2006	13.26	14.33
20.8. 2006	13.52	15.00
23.8. 2006	21.40	22.44
27.8. 2006	13.40	14.47
30.8. 2006	13.30	14.43
3.9. 2006	17.17	18.27
6.9. 2006	13.20	14.32

FLUGVÖLLUR Á VARNARSVÆÐINU Flugvélar sem notaðar hafa verið til fangaflugs, samkvæmt skýrslu Evrópuþingsins, lentu margsinnis á flugvelli varnarliðsins.



Góða skemmtun

Við óskum 9.000 tónleikagestum góðrar skemmtunar um helgina á þrennum tónleikum í Laugardalshöllinni.

DAGSKRÁIN UM HELGINA

Laugardagur 8. desember:

15:00 / 19:00 Húsið opnar. Djasstríóið JólaBo leikur jólalög í anddyri. Léttar veitingar.
16:00 / 20:00 Tónleikar hefjast.

Sunnudagur 9. desember

19:00 Húsið opnar. Djasstríóið JólaBo leikur jólalög í anddyri. Léttar veitingar.
20:00 Tónleikar hefjast.

Tónleikar hefjast stundvíslega og standa yfir í um tvo tíma

Meðlimir JólaBo eru: Björn Thoroddsen, Jón Rafnsson og Sigurður Flosason.

Mætið snemma og njótið jólastemmningar í anddyri Laugardalshallarinnar með góðri tónlist, heitu kakói og piparkökum.

Djasstríóið JólaBo leikur jólalög frá því að húsið opnar og þar til tónleikar hefjast. Mætið snemma!

Jólagestir

Björgvins Halldórssonar

Jólagestir

Bjarni Arason
Björgvin Franz
Edgar Smári
Eyjólfur Kristjánsson
Helgi Björnsson
Ragnar Bjarnason
Sigga Beinteins
Stefán Hilmarsson
Svala Björgvins

Hljómsveitin

Einar Scheving
Eyþór Gunnarsson
Matthías Stefánsson
Róbert Þórhallsson
Tatu Kantoma
Vilhjálmur Guðjónsson
Þórir Úlfarsson

Kórar og strengir

Barnakór Kársnesskóla
Gospelkór Reykjavíkur
Karlakórinn Fóstbræður
Reykjavík Sessions Orchestra

Kynnir: Logi Bergmann Eiðsson
Sviðssetning: Björn G. Björnsson **Útsetningar & hljómsveitarstjórn:** Þórir Baldursson
Konsertmeistari: Roland Hartwell **Kórstjórar:** Árni Harðarson, Óskar Einarsson, Þórunn Björnsdóttir
Sviðsstjórn: Ingólfur Magnússon og Ágúst Ágústsson **Gæsla:** Venue
Hljóð: Exton **Ljós & sviðsmynd:** Luxor **Myndvinnsla:** Sagafilm **Hár:** Supernova **Förðun:** EMM Reykjavík
Verkefnissstjóri: Jón Þór Eyþórsson **Framkvæmdastjóri:** Ísleifur B. Þórhallsson

Fáanlegar í anddyri Laugardalshallar á sértilboði

CONCERT MasterCard skemmtilegri Coca-Cola

Kraftaverkakarlinn frá Selfossi

Umboðsmaður Íslands, Einar Bárðarson, hefur í gegnum tíðina staðið fyrir ótrúlegustu atburðum og komið fólki á framfæri sem sjálft hefði aldrei látið sig dreyma um að verða stjörnur. Afrekaskráin er löng og margir velta því fyrir sér hvort Einar hafi margar aukaklukkustundir í sólarhringnum sínum. Út er komin bókin Öll trixin í bókinni þar sem Einar fer í gegnum hvað hann gerði og með hverjum. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* heyrði í nokkrum af nánustu vinum og samstarfsmönnum Einars sem hann segir meðal annars sögur af í bókinni og fékk þá til að segja sér sögur af Einari.

200 manns urðu að 2000

Samstarfsfélaginn, Jakob Frímann Magnússon

Ég hef lesið Öll trixin í bókinni og þótt mörg þeirra séu sannarlega færð til bókar eru nokkur þeirra meira að segja ennþá mér sjálfum hulin ráðgáta þótt ég hafi verið vinur, samstarfsmaður og sambýlingur Einars um árabil. Mér er sérstaklega minnisstætt með hvaða hætti hann leysti stórkostlegt vandamál sem fólst í einu af hins fyrstu tónleikaævintýrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu þegar hann flutti inn hljómsveitina Slade til landsins. Ég og ýmsir aðrir höfðum talið það nokkuð örugga viðskiptahugmynd en einhverra hluta vegna náði þessi víðfræga hljómsveit, þrátt fyrir miklar auglýsingar og kynningarstarf, aðeins að selja tvöhundruð miða. Á hádegi á sjálfum tónleikadegi voru rétt um 200 miðar seldir og það var áhyggjugretta á annars brosmildu og pattaralegu andliti Einars Bárðarsonar þennan dag. Hann auðvitað hringdi og hringdi og reyndi að fá fólk til að kaupa miða eða jafnvel þiggja þá með afslætti. En ekkert gekk. Mér rann blóðið til skyldunnar og ákvað að mæta þarna svo það yrðu alla vega 202 í salnum, ég tók konuna mína með mér. En þegar ég mætti á staðinn örfáum klukkutímum síðar þennan sama dag, þá voru ekki tvöhundruð manns í salnum heldur tvöþúsund manns. Og ég þekki engan mann á Íslandi eða annars staðar sem getur breytt tvöhundruð manns í tvöþúsund manns á einum eftirmiðdegi. Það trix er örugglega ekki tilgreint í bókinni og ég hef aldrei fengið það upp úr honum hvernig hann fór eiginlega að þessu. Þetta eru hreinir töfrar.

> Ég sá fyrir mér að þær kæmu bara og árituðu þetta og búið en Einar segir bara: Nei, nei, nei, þetta verður sko forsíðufrétt! Á Mogganum! „Nylon áritar mörg hundruð bækur“.

Einar Breik

Bróðirinn, Arngrímur Fannar Haraldsson

Einar hefur alltaf reynst mér góður bróðir en það er fjögra ára munur á okkur þannig að hann var alltaf stóri bróðir fyrir mér. Hann var mikill töffari þegar hann var yngri og útlit hans og klæðaburður var alltaf mín fyrirmynd en hann var svolítið til fara eins og George Michael. Og þar sem stóri bróðir stofnaði hljómsveit vildi ég líka stofna hljómsveit. Um tíma gekk hann undir nafninu Einar Breik á Selfossi en þá gekk hann um í kúkalabbabuxum og Millet-dúnúlpu og kenndi breikdans í Heilsusporti á Selfossi. Hann var mjög ungur þegar hann var farinn að kenna á breikdansnámskeiðum og ef vel liggur á honum tekur hann nokkur spor.

Það er svo eitt sem hefur ekki komið fram og Einar hefur ekki haft hátt um en hér áður var hann einn efnilegasti borðtennisspilari landsins og er eiginlega nýhættur að spila borðtennis. Meira að segja tekið þátt í Norðurlandameistaramóti í borðtennis og þá í tvíliðaleik með Vidda í Greifunum en þeir hafa gjarnan verið teymi. Síðan Einar hætti skíðaferlinum um tólf ára gamall hefur hann spilað borðtennis grimmt og hann hætti ekki að æfa hann fyrr en fyrir um tveimur árum. Ég veit að hann er eitthvað reyndar að spila úti í London og er með borð í bílskúrnum. Ef ég er með einhvern með mér getum við kannski verið tveir á móti honum, hann er svo ansi skotfastur.

Þær verða á baksíðu!

Útgefandinn, Kristján B. Jónasson

Hann er einn besti drengur sem ég hef hitt, mjög vafningalaus í samskiptum og mjög einfalt að eiga við hann. Ég vann með honum að útgáfu Nylon-bókarinnar og sjálfur hafði ég ágæta reynslu af því að koma bókum á framfæri og plögga þeim í fjölmiðla, koma höfundum í Kastljósið og svo framvegis. Og það gekk alltaf upp og ofan. En ég man að þegar bókin kom út var maður algjörlega gáttaður hversu langt var hægt að ganga í að koma þessari hljómsveit og það sem hún gerði á framfæri. Við höfðum ákveðið að láta hljómsveitarmeðlimi árita bækur fyrir þá meðlimi í bókarklúbbi sem áttu að fá bókina. Þetta voru um þrjú til fjögurhundruð manns sem áttu að fá þessar bækur áritaðar. Ég sá fyrir mér að þær kæmu bara og árituðu þetta og búið en Einar segir bara: Nei, nei, nei, þetta verður sko forsíðufrétt! Á Mogganum! „Nylon áritar mörg hundruð bækur“. Það kæmi ekki annað til greina. Ég hélt auðvitað að þetta væri algjört rugl. Mogginn færi ekkert að slá þessu upp á forsíðu. „Já, ef ekki forsíðan, þá baksíðan!“ segir Einar. Við áritunina er svo ljósmyndari mættur og jú, jú, ég sá fyrir mér að mynd af þessu myndi birtast einhvern tímann í næstu viku, inni í blaðinu við hliðina á tombólukrökkunum sem safna fyrir Rauða krosinn. Svo hringir Einar þegar áritunin er búin og segir mér að kíkja á Moggann í fyrramálið og það stóð heima. Manni hafði ekki einu sinni dottið í hug að láta sig dreyma um þetta. En þetta lýsir Einari mjög vel.

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Jólabók golfarans!

eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson

Fæst í helstu bókabúðum og víðar!

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 - www.heimur.is

Haraldur sest glaðbeittur upp í Mini Cooperinn sem hann hefur eignað sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gæti lagt inni í herbergi

Mini Cooper er snaggaralegur bíll, ekki síst með blæju. Haraldur Guðmundsson, nemandi í Flugskólanum, ekur um á einum slíkum.

„Ég fékk dellu fyrir svona bíl þegar ég sá myndina Italian Job," segir Haraldur um Mini Cooper bílinn sem hann keyrir á. Segir slíkan bíl hafa komið mikið við sögu í þeirri mynd og staðið sig mjög vel. „Hann keyrði inn í hús og allan pakkann. Þá hugsaði ég að einn svona yrði ég að fá. Ég gæti lagt honum inni í herbergi," segir Haraldur hlæjandi. Þvertekur samt fyrir allar slíkar æfingar enn sem komið er.

Tekur líka fram að hann sé ekki löglegur eigandi gripsins. „Pabbi er skráður fyrir honum en ég er búinn að eigna mér hann nokkurn veginn," segir hann grallaralegur.

Bíllinn er af árgerð 2005 og Haraldur segir hann reynast mjög vel. „Þetta er fínn bíll, gott að keyra hann. Svo eyðir hann mjög litlu. Ég hef ekki mælt hversu litlu en veit bara að tankurinn dugar alveg rosalega lengi. Maður er ekkert alltaf á bensínstöðvunum eins og á sumum bílum."

Auk þess segir hann Cooperinn kraftmikinn. „Hann er 115 hestöfl og léttur enda með blæju," útskýrir hann og bætir við að hann hafi ekki séð aðra blæjubíla af þessari tegund hér á landi og heldur ekki appelsínugula. Þeir geti þó leynst einhvers staðar.

Haraldur er í Flugskólanum og segir það mjög gaman. Þangað ekur hann á Coopernum og er búinn að setja vetrardekk undir hann en hefur ekki reynslu af honum í vetrarakstri því sjálfur var hann í Bandaríkjunum í fyrravetur. „Þá var litli bróðir minn á bílnum en var ekkert hrifinn af honum enda er hann hausnum hærri en ég.

Hann þurfti hálfgert að troða sér inn í hann," segir Haraldur skellihlæjandi.

gun@frettabladid.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR
Bíldshöfða 10 - 112 Reykjavík - Sími 587 8888 - Fax 587 8891 - br@br.is

Nýjir Suzuki Grand Vitara Luxury diesel
Á GÓÐU VERÐI

Eigum til nokkra nýja diesel bíla
með öllum aukabúnaði

TIL SÝNIS OG SÖLU Á BÍLASÖLU REYKJAVÍKUR
S: 587-8888 OG 860-1998

HÚSGAGNA - LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar
- Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Símahleðslutæki í bíla getur oft komið sér vel. Oftar en ekki er rafhlaðan í símanum við það að tæmast á ögurstund og getur það stundum bjargað málum að hafa hleðslutæki í bílnum.

Þórir Garðarsson, sölu- og markaðsstjóri Iceland Excursions Allrahanda, segir að kerfið veiti bílstjórum mikið aðhald en sé um leið besti vinur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nákvæmt eftirlitskerfi tryggir öryggi allra

Iceland Excursions Allrahanda tekur í notkun nákvæmt eftirlitskerfi með bílaflota sínum.

Ferðaþjónustufyrirtækið Iceland Excursions Allrahanda hefur nýlokið við að innleiða SAGA flotastýringarkerfi í allan bílaflota sinn sem er um á fimmta tug bíla. „Með kerfinu tryggjum við öryggi og þægindi farþega okkar en það gefur okkur kost á því að hafa nákvæmt eftirlit með flotanum," segir Þórir Garðarsson, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins.

Kerfið virkar þannig að boxi með sendi er komið fyrir í hverjum bíl. Þannig er hægt að sjá hvar bílarnir eru staddir og hversu hratt þeir keyra. Kerfið segir einnig nákvæmlega til um hámarkshraða á hverjum stað. „Við vorum með eldri útgáfu af kerfinu í mörg ár og gaf það mjög góða raun. Nýja kerfið býður þó upp á svokallaða rauntímastaðsetningu og ekki þarf að taka boxið úr bílunum til að lesa af því. Í það eru auk þess settar formúlur varðandi góðakstur sem er besti mögulegi akstur sem viðskiptavinurinn getur fengið," segir Þórir. Hann segir kerfið mæla of snögga hröðun, of mikla hemlun og krappar beygjur.

„Þetta er nánast eins og svarti kassinn í flugvélum nema kerfið tekur ekki upp samtöl. Þegar við innleiddum gamla kerfið kölluðu menn það í gríni KGB þar sem menn litu svo á að þeir væru undir stöðugri smásjá. Í dag eru allir mjög ánægðir með eftirlitið. Það veitir bílstjórunum mikið aðhald en er um leið besti vinur þeirra," segir Þórir. Hann segir kerfið hafa hjálpað til við að leiðrétta menn í akstrinum og að það hafi auk þess dregið úr eldsneytiskostnaði. „Þá getur kerfið staðfest hvort kvartanir viðskiptavina um seinkomur eða aksturslag séu á rökum reistar," segir hann og getur það komið sér vel fyrir bílstjórana.

„ND á Íslandi framleiðir kerfið og á það sér enga hliðstæðu í heiminum," segir Þórir. Það eru til kerfi sem mæla hraða en ekkert sem býður upp á jafn gott eftirlit með góðakstri," segir Þórir. Hann segir svipuð kerfi fáanleg í lausasölu og hefur foreldrum verið ráðlagt að setja það í bíla sína til að fylgjast með akstri barna sem eru nýbúin að taka bílpróf.

vera@frettabladid.is



Saga Harley Davidson fyrirtækisins er rakin alla leið aftur til ársins 1901.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Byrjaði allt í litlum skúr

Saga Harley Davidson-risans er löng og farsæl en hófst með gerð mótors í litlum garðskúr árið 1901.

Stofnun Harley Davidson-fyrirtækisins er rakið aftur til ársins 1903 þegar fyrsta mótorhjól þess leit dagsins ljós, en segja má að hún nái þó aftur til 1901 þegar æskuvinirnir William S. Harley og Arthur Davidson hönnuðu mótor í kasthjól. Árið 1905 hófu þeir síðan eiginlega framleiðslu á mótorhjólum, sem var fyrst í takmörkuðu upplagi og fór fram í litlum skúr í bakgarði Davidson-fjölskyldunnar.

Þessi skúr var síðar fluttur og komið fyrir í fyrstu eiginlegu verksmiðju Harley Davidson á Juneau Avenue í Milwaukee, þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins standa enn. Þá hafði framleiðslan aukist til muna og var fyrirtækið farið að sjá lögreglunni fyrir mótorhjólum og síðar bandaríska hernum þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á. Fyrirtækið var þá orðið stærsti mótorhjólaframleiðandi heims, og framleiddi 28.189 hjól á ári, en í kreppunni sem fylgdi hrundi salan úr 21.000 árið 1929 niður í færri en 4.000 hjól árið 1933.

Harley Davidson beitti ýmsum brögðum til að halda velli, meðal annars með framleiðslu á þriggja hjóla þjónustubílum, og var aðeins annar af tveimur mótorhjólaframleiðendum sem lifði kreppuna af.

Fyrirtækið rétti aftur úr kútnum í seinni heimsstyrjöldinni vegna aukinnar eftirspurnar hersins eftir mótorhjólum og fór þá aftur að framleiða hjól fyrir almenning í stórum stíl.

Á sjötta áratugnum fékk fyrirtækið síðan annan stóran skell. Forráðamennirnir voru sakaðir um fjársvik og ímynd fyrirtækisins beið hnekki með tilkomu Hollywood-kvikmynda um mótorhjólaútlaga. Næstu þrjá áratugi var ímyndin samofin Vítisenglum og ræflum sem höfðu orð á sér fyrir að berja gamlar konur með keðjum, eins og einhver orðaði það.

Vegna þessa og samkeppni frá japönskum framleiðendum mótorhjóla, sem þóttu taka þeim bandarísku fram í flestu, var framtíðin ekki björt fyrir Harley Davidson allt þar til forsvarsmennirnir hysjuðu upp um sig buxurnar snemma á níunda áratugnum og hófu framleiðslu á vandaðri hjólum í retróstíl, sem svipaði í útliti til fyrstu mótorhjóla fyrirtækisins.

Síðan hefur leiðin legið upp á við hjá Harley Davidson, og náði sölulegum hátindi á seinni hluta tíunda áratugarins og á upphafsárum 21. aldarinnar.

Þrátt fyrir nokkur bakslög heldur fyrirtækið enn velli og verður aðdáendahópurinn sífellt fjölskrúðugri.

roald@frettabladid.is

Hjá Mótormax fá allir áhugamenn í mótorsportinu draumagjöfina sína.
Allt frá skóm upp í hjálm og allt þar á milli.

Mundu að gjafabréf Mótormax er tilvalin jólagjöf.

MotorMax
Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
www.motormax.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

LEON JEANTET
Handsmíðuð hlífðargleraugu frá Frakklandi

DAVIDA
Handsmíðaðir hjálmar frá Englandi

Hjá okkur færðu jólagjöf vélhjólamannsins. Hágæða vörur, framleiddar af evrópskum og bandarískum handverksmönnum. Mikið úrval mótorhjóla - ný sending á leið til landsins. Ótrúlegt verð á frábærum hjólunum!

WESCO
Handsaumuð mótorhjóla- göngu- og vinnustígvél

LOOKWELL
Hollenskur mótorhjólafatnaður úr leðri og vefnaði

DYNAMO REYKJAVÍK

Þú vilt það besta! Af hverju gera málamiðlanir?

MOTORS
Sérverslun vélhjólamannsins ::: Laugavegi 168
Sími 511 2121

Slaufur eru flott hárskraut og nú er tilvalið að draga fram gömlu slaufuspennurnar frá tíunda áratugnum og punta sig með þeim. Þær eru þrælmóðins sem stendur.



Gefðu mér gott í skóinn

Allir vilja fá eitthvað gott í skóinn um jólin og hægt er að beita ýmsum brögðum til að lokka sveinka að glugganum.

Fallegir skór úti í glugga geta alveg staðið sem jólaskraut út af fyrir sig. Þeir setja sinn svip á heimilið í gluggakistunni við hliðina á aðventuljósunum um jólin og geta laðað glysgjarnan Stekkjastaur sérstaklega að glugganum þínum.

heida@frettabladid.is

Jólalegir gullskór ættu að freista sveinka til að skilja eftir í þeim eitthvað gott. Þeir fást í GS skóm á 9.990 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svartir, glæsilegir og perlum skreyttir hælaskór fást í Evu á Laugavegi á 31.990 krónur.

Dömulegir og fallegir gullskór fara vel á hverjum fæti. Þeir fást í versluninni Monu Laugavegi á 10.400 krónur.

Fjólublár er litur jólanna í ár og engin hætta á að fá kartöflu í þennan skó. GS skór 9.990 krónur.

Eldrauðir satínskór úr versluninni Drangey á krónur 6.900.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. *Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Tískuföt fyrir fasmiklar konur
StreetOne Uldahl
Stærðir 36-44

20% afsláttur af öllum vörum til 10. des.

YSJA
Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131

visa euro
Ás accessories heildverslun
RISA LAGERSALA
opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16
FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.
ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI
DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774

NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Gefðu góða jólagjöf
Gjafakort á snyrtistofu ársins

ANDLITSBAÐ ÁRSINS!
Við kynnum með stolti andlitsbað ársins. Þetta andlitsbað er einstakt í sinni röð. Heitir og kaldir steinar eru notaðir til að auka áhrif meðferðarinnar. Yndislegt andlitsbað þar sem hendur og fætur fá einnig kornakrem og nudd. Þessi meðferð er afslappandi en um leið gefur hún aukna orku.

Þetta andlitsbað sigraði í keppni sem haldin var á vegum Samtaka iðnaðarins.

SNYRTISTOFAN ÁGÚSTA
Hafnarstræti 5
Reykjavík
sími: 552 9070
snyrtistofanagusta.is

Hugvit og falleg hönnun

Opið hús verður á skemmtistaðnum Organ í Hafnarstræti mánudagskvöldið næstkomandi milli 19 og 22 þar sem nokkrir ungir hönnuðir kynna það nýjasta sem þeir eru að gera.

Á Organ verða til sýnis bæði föt og fylgihlutir og geta áhugasamir eignast vörurnar. Auk þess verða nýstárleg jólakort eftir Hildi Björk Yeoman á boðstólum. Hönnuðirnir eru allir útskrifaðir úr Listaháskóla Íslands og eiga það sammerkt að starfa við sitt fag.

Bryndís Sveinbjörnsdóttir er einn hönnuðanna og hannar hún undir merkinu Garmur. Hún er með aðstöðu á vinnustofu á Seljavegi ásamt 13 öðrum hönnuðum. „Þarna er fólk úr öllum áttum og má nefna arkitekta, þrívíddar hönnuði, grafíska hönnuði og fatahönnuði. Þarna er mjög góð aðstaða og frábært að fá innblástur frá fólki sem er að gera mismunandi hluti," segir Bryndís. Hún hefur hingað til séð um að sauma sína línu sjálf en nú er svo komið að hún annar varla eftirspurn og nýtur því aðstoðar saumakonu og klæðskera. „Framtíðarplanið er svo að láta framleiða línuna í útlöndum," segir Bryndís sem er með ýmis spennandi verkefni á prjónunum.

vera@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Helicopter-hálsmen úr bómullarefni með olíuprenti.

Guðjón Tryggvason hannar undir merkinu Go with Jan og er þessi svart-hvíti kjóll úr bómullarjersey.

Bryndís Sveinbjörnsdóttir starfar í versluninni Trilogiu og er með vinnuaðstöðu á Seljavegi ásamt 13 öðrum hönnuðum.

Helga Lilja Magnúsdóttir hannar undir merkinu Helicopter. Þessi kjóll tilheyrir útskriftarlínu hennar.

Kragi úr bómullarefni með plíseruðum satínborðum eftir Áróru Eir Traustadóttur sem hannar undir merkinu áRóRa.

Grár kjóll úr bómullarblöndu eftir Bryndísi Sveinbjörnsdóttur sem hannar undir merkinu Garmur.

Viktor & Rolf og vorlínan

HOLLENSKU TÍSKUHÖNNUÐIRNIR VIKTOR OG ROLF ERU ÞEKKTIR FYRIR ÝKT FORM OG HRESSILEGAN FATNAÐ OG ÞAÐ ER ALLTAF SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ ÞEIR BJÓÐA UPP Á NÆST.

Vorlínan þeirra fyrir 2008 sem sýnd var í París nú á dögunum, veldur ekki vonbrigðum en þar kveður við örlítið annan tón þótt séreinkenni þeirra skíni enn í gegn. Í línunni er að finna klæðilega stutta kjóla og pils, rómantík er í efnisvali og perlur, pífur og einfaldir litir ráða ferðinni. Litirnir eru svart, hvítt og bleikt og formin einföld og settleg. Demantsmunstraðir kjólar og rómantískar svartar dragtir eru áberandi en helst má þekkja þá í stórum, efnismiklum krögum sem ramma inn andlitið annaðhvort í miklum fellingum eða í formi fiðla í fullri stærð. Yfirbragð nýju línunnar er hljóðlátt og markaðsvænna en oft áður en þó skín skopskyn hönnuðanna í gegn. *- rt*

Efnismikill kragi með fiðlum í fullri stærð er dæmigerður fyrir hönnun Viktors og Rolfs.

Einfaldar og dömulegar dragtir í hefðbundum lit, kryddaðar með dúskum í hálsmálinu.



Jaguar úrin fást hjá úrsmiðum

allt jólin koma

Piparkökuhús er gaman að gera saman fyrir jólin og getur það orðið hin ánægjulegasta samverustund fyrir fjölskylduna að baka og skreyta piparkökuhús. Hjá mörgum er þetta orðið að hefð fyrir jólin.

Ótrúlegt tilboð - 19 nátta ferð
- með allt innifalið

Dóminíska lýðveldið

30. des.

frá kr. 73.560

Takmörkuð gisting í boði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 19 nátta ferð til Dóminíska lýðveldisins 30. desember. Njóttu lífsins við ótrúlegar aðstæður í Karíbahafinu á þessari fögru paradísareyju sem býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn. Heimsferðir bjóða einstakt tækifæri til að upplifa stórkostlegar strendur, frábæra tónlistarmenningu, fjölbreytta afþreyingu og einstakt mannlíf. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

Verð kr. **73.560**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11 ára í 19 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 30. des..

Verð kr. **89.790**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 19 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 30. des..

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Jólastuð í Bergvík

Opið hús verður í verkstæðinu Gler í Bergvík á Kjalarnesi nú um helgina frá 10 til 15.

„Hér eru glervörur til sölu á afslætti, bæði útlitsgallaðar og aðrar. Það er kaffi á könnunni og piparkökur með og svo verður lifandi tónlist á staðnum. Menn úr South River Band, meðal annars Kormákur Bragason, eru með grúppu sem þeir kalla Gæðablóð og svo er einn síungur öldungur með heimasmíðaða munnhörpu sem spilar ásamt öðrum," segir Sigrún Einarsdóttir í Gler í Bergvík. Sigrún hefur haft opið eina helgi fyrir jólin öll þau ár sem hún hefur rekið glerblástursverkstæðið sitt á Kjalarnesinu sem nú eru orðin yfir tuttugu. Gler í Bergvík er staðsett milli Klébergsskóla og Grundarhverfis. *-gun*

Ólgurnar eru meðal listaverka Sigrúnar. Þær eru til í mörgum litum.

Jólakötturinn er skelfilegt gæludýr þeirra Grýlu og Leppalúða sem leggur það í vana sinn að éta þá sem ekki fá ný föt fyrir jólin.

Kötturinn fer á kreik

Á hinu stóra heimili Grýlu og Leppalúða búa þrettán jólasveinar sem hafa verið þekktir hér á landi um aldir. Yngsti og jafnframt ógnvænlegasti meðlimur þessarar fjölskyldu er jólakötturinn sem varð fyrst þekktur á nítjándu öld.

Jólakötturinn er alls ekkert venjulegt gæludýr því hann hefur þann óskemmtilega ávana að éta eða taka þá sem fá enga nýja flík til að klæðast á aðfangadag.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar frá árinu 1864 segir um jólaköttinn: „Þó gátu menn ekki notið jólagleðinnar með öllu áhyggjulausir því auk jólasveinanna var það trú að óvættur væri á ferð sem kallaður væri jólaköttur. Hann gerði reyndar engum þeim mein sem eignuðust einhverja nýja flík að fara í á aðfangadagskvöldið, en hinir sem ekkert nýtt fat fengu „fóru allir í jólaköttinn" svo hann tók þá eða að minnsta kosti jólarefinn þeirra og þótti þá góðu fyrir goldið ef kötturinn gerði sig ánægðan með hann."

Það hefur lengi eitthvað verið á reiki hvort ólukkans kötturinn æti þá sem ekki fengu nýja flík eða léti sér nægja jólarefinn, sem er það sem hverjum heimilismanni var skammtað af mat til jólanna á aðfangadagskvöldið.

Þrátt fyrir að ekki sé lengur trúað á jólaköttinn þá er enn í dag gjarnan talað um að fólk fari í jólaköttinn ef það fær ekki nýja flík og því er það vani að allir fái að minnsta kosti eina nýja flík fyrir jólin. *-sig*

hús&heimili

LAUGARDAGUR 8. DESEMBER 2007

HEIMILIÐ

Glitrandi kertajól

FAIR TRADE

Sanngjörn jólahátíð

INNLIT

Bústaður í bláum skugga

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði

Sígild húsgögn

Sófsett 3+1+1 - Þykkt nautaleður
Litir: Ljóst og brúnt - Verð kr. 289.000.-
Tilboðverð kr. 239.000.-

Kommóða/náttborð
m/3 skúffum úr hnotu
Breidd:52cm/Dýpt:32cm/Hæð:79cm
Verð kr. 11.900.-

Kommóða
m/5 skúffum
úr hnotu
Breidd:78 cm
Dýpt:38 cm
Hæð:90 cm
Verð kr. 24.900.-

Afar vandaðir stólar
með dralon plussi
Verð kr. 19.900.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga 11-16
Sunnudaga kl. 13-16

HEIMILISHALD
JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

Jói og Gugga flytja út

Síðustu mánuði, í önnum og of stuttum sólarhring, hefur heimilishald hér um bil lotið sömu lögmálum og meðalgott greni á Rauðarárstíg. Metnaðurinn fyrir fallegu heimili hefur náð að innstungunni, það er að segja, þegar allt var komið í óefni, voru ljósin einfaldlega slökkt og kveikt á rauðum jólaseríum – í október. Húsbóndann hef ég kallað Jóa og mig hefur hann kallað Guggu. Og við Jói og Gugga höfum bara verið vel sátt við að sofna á Ritz-kexmylsnu og henda einnota borðbúnaði í ruslið.

Nema hvað. Þar sem ég reyndi að skorða aðventukrans milli Ningsboxa og dagblaðastafla varð mér ljóst að jólin voru að koma og parið sem var búið að hafa það náðugt og flott þarna í íbúðinni yrði að flytja út. Jóa var skipað að henda KFC-fötunni í ruslið og henda í þvottavél og Gugga skrúbbaði og henti sér þar næst í bakstur. Og brátt var heimilið sem gegnt hafði hlutverki bælis síðustu misserin orðið að aðventuvænum mannabústað.

Húsbóndann hef ég kallað Jóa og mig hefur hann kallað Guggu. Og við Jói og Gugga höfum bara verið vel sátt við að sofna á Ritz-kexmylsnu og henda einnota borðbúnaði í ruslið.

Lengi vel hélt ég að við Jói værum nær eina parið í Reykjavík sem legðist í svona híði þar sem ástandið á heimilinu verður þannig að maður verður að „þykjast vera ekki heima“ ef einhver kemur óvænt í heimsókn. Ég hef án gríns – þegar ég bjó að vísu neðar en á fjórðu hæð – þurft að fleygja mér í gólfið og skríða eins og hermaður í runnagróðri þegar dyrabjallan hringdi óvænt. En þetta virðist gerast á bestu bæjum.

Vinafólk mitt trúði mér fyrir því um daginn (fyrirmyndar Saltfélags-heimili) að þegar ástandið yrði verst tækju þau upp á því að þykjast vera að „endurskipuleggja skápana“ ef einhvern bæri óvænt að garði á róna-tímabilinu í heimilishaldinu. Atburðarásin er þá svona:

A) Dyrabjallan hringir. B) Hjónin opna alla skápa upp á gátt og hrúga glösum og einhverjum dóti úr þeim á borð og gólf, setja á sig opinmynnt framkvæmdabros. C) Opna dyrnar og hanga svo hálf inni í skápunum, „leikandi tiltekt“ meðan gestir staldra við.

Best er þó auðvitað að þurfa ekki að standa í einhverjum yfirhylmingum og taka sig taki. Ekki lýgur maður á aðventunni?

hönnun

● **BORGARMYND Á HERÐATRÉ** Þetta skemmtilega herðatré kemur frá CityScape Coat Hangers og hægt er að velja úr fimm gerðum. Hvert herðatré táknar eina af fimm helstu tísku- og hönnunarborgum heims og er hægt að velja úr London, Mílanó, New York, París og Tókýó. Hægt er panta herðatrén á vefsíðunni: http://www.sixixis.com/product_16,CityScape+Coat+Hangers.

-hs



● **Forsíðumynd:** Völundur Jónsson tók þessa mynd á heimili Jóhanns Frímanns Traustasonar verslunarstjóra í Mótor. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Allt er þegar þrennt er

● Helga Möller fylltist valkvíða þegar kom að því að velja uppáhaldshlutinn og endaði á því að nefna þrjá til sögunnar. Hlutirnir hafa allir tilfinningagildi og tákna merka áfanga í lífi eigandans.

„Maður á svo mikið af uppáhaldshlutum og því valdi ég þrjá. Fyrst ber að nefna styttu af g-lykli sem vinkona mín gerði fyrir mig og afhenti mér eftir að ég var búin að taka upp fyrsta lagið sem ég samdi. Þar er grafin á litla plötu áletrunin „Helga Möller – fyrsta lagið“. Þetta var í tilefni þess að ég tók þátt í söngkeppni á Sauðárkróki sem Kvenfélag Sauðárkróks hefur alltaf haldið í kringum Sæluvikuna sem þar er. Ég var valin besti flytjandinn í þessari keppni með þetta lag,“ útskýrir Helga ánægð og eru fjögur ár síðan þetta var. Helgu þykir afskaplega vænt um gjöfina og segist hafa nýtt sér gott ráð til að minnast hennar. „Pabbi minn kenndi mér gott ráð til að gleyma ekki hlutum og einhverju sérstöku sem gerist í lífi manns. Ég vélritaði söguna, setti hana í plast og límdi undir styttuna þannig að mínir ættingjar í framtíðinni eiga eftir að geta lesið hvað þessi hlutur fjallar um.“

Helga á marga uppáhaldshluti en tókst á endanum að velja þrjá úr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Annar hluturinn er lítill stallur sem á stendur „Helga Möller – hola í höggi 14. október“ en Helga segir þennan hlut vera sér ofarlega í huga þar sem atvikið átti sér stað í október á þessu ári. „Á stallinum hvílir golfkúlan sem ég sló í holu í höggi á Islantia á Spáni.

Þetta var mín fyrsta hola í höggi og mér er alveg sama þó þetta verði sú eina þar sem þetta var svo frábær upplifun og á ég eftir að lifa á henni lengi,“ segir Helga glöð í bragði en hún hefur mikinn áhuga á golfi og hefur stundað það í sjö ár. „Þetta var draumahringur. Ég spilaði á 84 höggum og fékk 39 punkta og þetta var á móti þannig að þetta gat ekki verið fullkomnara,“ segir Helga dreymin og má svo sannarlega segja að þetta hafi verið hennar dagur.



Síðast en ekki síst er það nýr geisladiskur sem Helga gaf út nú fyrir jólin. „Þessi jólaplata er nýjasta barnið mitt og var þetta erfið fæðing þar sem það er búið að taka mig ein tíu ár að koma henni á legg síðan hugmyndin fæddist. Á plötunni má finna klassíska slagara eins og Aðfangadagskvöld og Ég kemst í hátíðarskap. Svo er þarna afskaplega fallegt lag sem heitir Íslensku jólin með texta eftir Ómar Ragnarsson og er það í miklu uppáhaldi hjá mér. Síðan er lag eftir Magnús Kjartansson sem Pálmi Gunnarsson söng og heitir Náin kynni og finnst mér það eiginlega vera orðið mitt lag þar sem ég er búin að syngja það í svo mörg ár og Pálmi á ekkert í því lengur,“ segir Helga kímin. Þetta er fyrsta sólóplata Helgu þótt ótrúlegt megi virðast og syngur dóttir hennar, Elísabet Ormslev, bakraddir á plötunni og þykir Helgu mjög vænt um það. „Platan er í augnablikinu uppseld hjá útgefanda og er ég náttúrulega í skýjunum með það. Það var í raun ágætt að ég gerði ekki þessa plötu fyrr en nú svo dóttir mín gæti sungið með mér. Hún er fjórtán ára gömul og þrælefnileg, mikil tónlist í henni og hefur gaman af þessu.

Hún er að læra í söngdeildinni í FÍH og ég fékk hana með mér í þetta skemmtilega verkefni,“ segir Helga sem er mikið jólabarn. „Jólin eru minn tími. Mér líður mjög vel á þessum árstíma og finnst rólegheitastemningin afskaplega notaleg en ég er ekki mikið fyrir ys og þys og að vera í mikilli mannmergð.

Heldur vil ég vera heima, kveikja á kertum og vera með fólkinu mínu,“ segir Helga einlæg. - hs

Vörn gegn brunaslysum • Tvöfalt brunaöryggi
Termix hitastýring fyrir setlaugar frá Danfoss

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Ódýr og hagkvæm lausn
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu

Danfoss
www.danfoss.is
STILLUM HITANN HÓFLEGA
www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Sofðu vel um jólin

JÓLATILBOÐ Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

Hágæða hlífðardýna, lak og konfektkassi fylgja öllum heilsudýnum.



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Þrýstijöfnun er lykilorðið

iq-care com

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

Queen rúm kr. 129.900,-
King rúm kr. 159.900,-

Tugþúsundir Íslendinga elska IQ-CARE

Svæðisskipting tryggir réttan stuðning og fullkomna þrýstijöfnun.

Chiropractic®

Queen rúm kr. 159.900,-
King rúm kr. 209.900,-

Sú besta

samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.

Sængur, sængurverasett og teppasett í miklu úrvali.
Svefnsófar, svefnherbergishúsgögn og hægindastólar.

Svefn & heilsa ★★★★★

Veldu það besta

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Mæðgurnar Ásdís Ósk og Arndís Harpa reka saman verslun þar sem sanngjörn viðskipti eru í hávegum höfð. Þær verða með vörur í Jólaþorpinu í Hafnarfirði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Sanngjörn jólahátíð

● Samhugur og æðri hugsjón um að láta gott af sér leiða einkenna jólin. Mæðgurnar í Fair Trade-búðinni vinna allt árið að því markmiði með verslun sinni og um jólin vilja þær aðstoða aðra við að gera slíkt hið sama.

Á Laugavegi 20b er Fair Trade-búðin til húsa en þær mæðgur Ásdís Ósk Einarsdóttir og Arndís Harpa Einarsdóttir eiga og reka verslunina. Um helgina ætla þær að vera í Jólaþorpinu í Hafnarfirði með vörur til sölu.

„Nú fyrir jólin erum við með alls konar fallegar vörur víðs vegar að úr heiminum. Við erum með mikið af leikföngum eins og tréleikföng, fallegar taudúkkur frá Indlandi og prjónaða bangsa frá Perú. Svo erum við með mikið af skálum, tréskálar frá Víetnam og keramikskálar frá Ekvador sem hafa verið mjög vinsælar. Við erum með alls konar búsáhöld, kerti, baðvörur, trommur, kaffi og fleira," útskýrir Ásdís Ósk og ljóst er að af nógu er að taka. Mikið af vörunum kemur frá Indlandi, Suður-Ameríku og Afríku og helgast það af því að vörurnar koma frá stöðum þar sem þörfin er hvað mest fyrir sanngjarna viðskiptahætti. Þróunarlöndin eru því áberandi í þessu samhengi.

„Mér finnst fólk vera að kaupa svo mikið fyrir jólin og með því að kaupa vörur af þessu tagi er maður að gera eitthvað meira í leiðinni. Oft er verið að leita að gjöfum handa fólki sem á nóg fyrir en með því að stunda sanngjörn viðskipti er hægt að láta þá sem minna mega sín njóta góðs af," segir Ásdís Ósk einlæg. En út á hvað ganga þessir sanngjörnu viðskiptahættir? „Sanngjörn viðskipti eða samskipti ganga út á það að greiða sanngjörn laun til framleiðenda. Þetta er gert með því að borga til dæmis framleiðendum á kaffi yfir heimsmarkaðsverði og greiða aukalega fyrir alla vinnu. Það er sem sagt greitt fyrir hráefni og vinnu en það er meira í þessu. Þær vörur sem fá „fair trade" stimpilinn eru þær vörur sem eru frá litlum framleiðendum í þróunarlöndum og framleiðendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði sem tryggja réttindi starfsmanna, góða vinnuaðstöðu, jafnrétti kynjanna, að það sé engin barnaþrælkun og önnur réttindi sem okkur finnst í raun vera sjálfsögð. Flest fyrirtækin eru sameignarfyrirtæki þannig að flestir sem vinna þar eiga hlut í fyrirtækinu," útskýrir Ásdís Ósk.

Til þess að varan verði ekki óheyrilega dýr er reynt að hafa sem fæsta milliliði og kaupa sem beinast frá framleiðanda. „Við erum ekki enn komnar í þá aðstöðu að geta flutt inn beint þannig að við erum að gera þetta í gegnum Fair Trade-samtökin í Danmörku og Bretlandi. Stefnan er samt að geta flutt inn beint frá framleiðanda," segir Ásdís Ósk.

Verslunin opnaði síðastliðið sumar og hefur að sögn Ásdísar gengið vel. „Það gengur í raun alltaf betur og betur. Við höfum ekki eytt miklu fé í markaðssetningu og auglýsingar heldur höfum við frekar treyst á að þetta spyrjist út." Þær mæðgur hafa annars mörg járn í eldinum þar sem Arndís Harpa er skólastjóri, en er reyndar í leyfi núna, og Ásdís Ósk er í meistaranámi í þróunarfræðum. „Við eigum náttúrulega góða að þannig að þetta gengur allt saman vel og um helgina verðum við með úrval fallegra muna í Jólaþorpinu í Hafnarfirði," segir Ásdís Ósk glaðvær.

- hs

Allt þetta, miklu meira
...og enn meira á leiðinni!

Verið velkomin!
Hjá Spilavinum er hægt að kíkja í kassann og jafnvel prófa spilið, áður en það er keypt!

Spilavinir
Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna

Langholtsvegur 126 · 104 Reykjavík · Sími 553 3450
spilavinir@spilavinir.is · www.spilavinir.is

OPIÐ Í DAG
FRÁ KL. 11-17
og á morgun, sunnudag
FRÁ KL. 13-17

JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 98.500

JÓLATILBOÐ
Dúnsæng og koddi
fylgir öllum Comfort Solutions heilsurúmum
á meðan byrgðir endast

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 74.900

JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 135.900

JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.500

Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
CLOW (200x120)
kr. 64.000

Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
SOPHIA (190x120)
kr. 55.000

Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
T160
kr. 129.500

JÓLATILBOÐ
FRANCISCO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)
kr. 195.000

JÓLATILBOÐ
PABLO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (80x200)
kr. 117.500

JÓLATILBOÐ
S CAPE WALLHUGGER
með heilsudýnum
frá King Coil (97X203)
kr. 285.000

Bjóðum upp á vaxtalausar greiðslur í 6 mánuði á Wallhugger.

MYNDIRNAR Í AUGLÝSINGUNNI ERU EKKI ALLTAF NÁKVÆMLEGA ÞÆR SEM EIGA VIÐ TILBOÐSVERÐIÐ

COMFORT solutions®
By King Koil®

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping
Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Bústaður í bláum skugga

Í Skuggahverfinu er lítil og notaleg íbúð sem er mikil andstæða við drungalegt nafn hverfisins. Þar hefur Jóhann Frímann Traustason verslunareigandi komið sér vel fyrir með einstaka muni sína.

Jólatréð í stofu stendur. Jóhann hefur nú þegar skreytt jólatréð til að nýta tímann en hann er önnum kafinn í verslun sinni fyrir jólin. Í fyrra skreytti hann tréð í svarthvítum stíl en fékk fljótt leiða á því og skipti nú yfir í hefðbundnari skreytingar. Hann minntist á að tréð væri fremur ameríska nú enda er ekki laust við að skreytingarnar minni á bandaríska fánann.

Jóhann er mörgum að góðu kunnur vegna verslunarinnar Mótor sem hann hefur rekið ásamt bróður sínum Páli Traustasyni í fimmtán ár. Búðin var fyrst til húsa að Laugavegi 39 en er nú í Kringlunni. „Það er erfitt að standa í búðarrekstri þar sem það er mikil samkeppni en mér finnst það samt gaman. Það er alltaf eitthvað nýtt og ég hef mikinn áhuga á tísku og hönnun," segir Jóhann sem hefur gaman af að skreyta í kringum sig. „Ég hef mjög gaman af krúttlegum hlutum og svo breyti ég mikið. Þá raða ég öðruvísi upp og skipti út hlutum. Mér finnst aðalatriðið að heimilið sé persónulegt en ekki eins og sýningargluggi í búð," segir Jóhann ákveðinn.

Jóhann hefur búið í íbúð sinni í Skuggahverfinu í rúmt eitt og hálft ár og líkar vel. „Ég hef ekki alltaf búið miðsvæðis en ég hef mikið verið í 101," segir Jóhann og bætir við: „Þrátt fyrir að þetta sé miðsvæðis þá er mjög rólegt hérna og ég finn aldrei fyrir neinum hávaða." Jóhann valdi sjálfur innréttingar, hurðir, flísar og gólfefni. „Ég reyndi að hafa grunninn einfaldan og innréttingar og þess háttar er því frekar stílhreint en svo skreyti ég með húsgögnum og aukahlutum. Vandamálið er kannski að ég er hrifinn af ýmsum stíltegundum. Mér finnst allt gamalt fallegt en þó líka nýtt og ég reyni að blanda þessu smekklega saman. Íbúðin er lítil og því þarf að vanda sig við að raða inn í hana," útskýrir Jóhann sem hefur augljóslega næmt auga fyrir smáatriðum. Þrátt fyrir að Jóhann segist ekki aðhyllast neinn stíl fram yfir annan þá er íbúðin að mörgu leyti í art deco-stíl með stórum speglum, hyrndum formum, krómi og gleri, glansandi efnum, mótífum úr náttúrunni eins og blómum og skeljum og leikrænum andstæðum. Má þar nefna lakkaðan við og svart lakk með háglans í bland við loðskinn, satín og kristalljósakrónur. Einnig má finna skemmtilega smáhluti eins og bílamódel, Eiffelturninn og frelsisstyttuna og ýmsa hluti sem minna á sjötta og sjöunda áratuginn. „Ég hef alltaf verið frekar mikill dótakarl og haft gaman af ýmsum smáhlutum. Fyrir nokkrum árum var svo lítið til á Íslandi en ég ferðast mikið og hef því keypt mikið af þessu úti," segir Jóhann kíminn. -hs

Jóhann lætur fara vel um sig í bláum hægindastól upp við bláan vegg en liturinn er í miklu uppáhaldi. Í baksýn er listaverk eftir Jón Magnússon. Lampinn var keyptur í London.

Þessir voldugu amerísku lampar voru keyptir í Marco sem heitir nú Lystadún Marco. Myndirnar eru af fjölskyldu Jóhanns og má þar meðal annars finna myndir af dóttur hans, honum sjálfum og fermingarmynd af móður hans. Það má því segja að þarna sé fjölskyldualtarið.

Í eldhúsinu svífur andi sjötta og sjöunda áratugarins yfir vötnum þó svo innréttingin sé nýtískuleg.

Á baðherberginu er svart, hvítt og silfur ráðandi og kennir þar ýmissa grasa í smekklegum smámunum.

Yfir stofunni svífur óneitanlega art deco-stemning en þar má finna rúmfræðileg form í sófum, lömpum, speglum og málverkinu lengst til hægri auk þess sem speglarnir, svartur lakkaður skápurinn, blómin, glerborðið, silfruðu púðarnir og aukahlutirnir ásamt loðskinninu á gólfinu tóna við umræddan stíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Myndaklemmur Elephant
3 í pakka 466547
áður 990,-
nú **590,-**

Púði Floral Square
510790
3.990,-

Kommóða Amason lítil
H34cm 311953
áður 2.990,-
nú **1.990,-**

Hirsla GRANITE 6 skúffur
H16 x B19cm 1982337
áður 3.490,-
nú **2.990,-**

Stytta Sasay Dancer
H52cm 519137
áður 2.990,-
nú **1.990,-**

Púði Cornelli Stitch
535939 áður 2.990,-
nú **2.490,-**

NOLA handskorinn fíll með unga
H52cm 517720 áður 12.900,-
nú **9.990,-**

Rúmteppi Patchwork
225x250cm 537056
áður 19.900,-
nú **14.900,-**

Stjörnukertastjakar
3 í pakka
543972
690,-

Púði Spice Patches
514958
2.990,-

Skartgripaskrín Trinket
3 stk gyllt
541855 áður 1.290,-
990,-

Blævængur Oriental Bloom
540698 áður 1.990,-
nú **1.490,-**

Vasi Sakura fjólublár
503648
áður 2.490,-
nú **1.990,-**

Púði Bugle Bead
536233
3.590,-

Stytta Barrel Buddha
H35cm 484114
áður 2.990,-
nú **2.490,-**

Gjafabréf

the PIER komdu - sjáðu - upplifðu

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | við hlið Toys'r'us
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00
tilboð gilda á meðan birgðir endast

allt að 30% afsláttur
JÓLAGJAFIR

LUCIANO DUTRA HANNAÐI

Auglýst er eftir tilnefningum til viðurkenningar Alþjóðahúss

Alþjóðahús auglýsir eftir tilnefningum fyrir viðurkenninguna „Vel að verki staðið“ fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Viðurkenningin, sem forseti Íslands afhendir, verður veitt í árslok og er þetta í fimmta skipti sem hún er veitt. Viðurkenningin er tileinkuð Thor Jensen en hann flutti hingað til lands ungur að aldri, vann sig upp úr sárri fátækt og markaði rekstur fyrirtækja hans innreið tæknialdar í íslenskt atvinnulíf og hafði hann gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag á fyrri hluta 20. aldar.

Viðurkenningin þjónar þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. Veittar verða viðurkenningar fyrir lofsverða frammistöðu í þremur flokkum; til einstaklings af íslensku bergi brotinn sem hefur lagt sitt af mörkum til innflytjenda á Íslandi, til einstaklings af erlendum uppruna sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins og til fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka fyrir framlag til málefna innflytjenda og fjölmenningarsamfélagsins.

Vinsamlega sendið tillögur til Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, á einar@ahus.is fyrir miðvikudaginn 12. desember. Tillögur skulu innihalda rökstuðning að hámarki 200 orð um hvers vegna viðkomandi skuli fá viðurkenningu.

AHÚS
ALÞJÓÐAHÚS

Alþjóðahús er miðstöð innflytjenda sem veitir upplýsingar, ráðgjöf, fræðslu, túlka- og þýðingaþjónustu og íslenskukennslu. Alþjóðahús stefnir að því að jafnréttis sé gætt, mannauður nýttur og veitir aðhald á þessu sviði, til þess að allir geti notið þeirra kosta sem fjölmenningarlegt samfélag býður upp á.

Landsbankinn

Landsbankinn er bakhjarl viðurkenningarinnar.

NÝ OG GLÆSILEG BÓKAVERSLUN!

Ein glæsilegasta bókaverslun landsins, Bóksala stúdenta, hefur verið opnuð á hinu nýja Háskólatorgi Háskóla Íslands. Við bjóðum alla hjartanlega velkomna – það verða frábær tilboð á jólabókum og ýmsar uppákomur í versluninni fram að jólum.

35% afsláttur

Tilboð: 2.919kr.
Alm. verð: 4.490 kr.

25% afsláttur

Tilboð: 3.368 kr.
Alm. verð: 4.490 kr.

20% afsláttur

Tilboð: 2.944 kr.
Alm. verð: 3.680 kr.

30% afsláttur

Tilboð: 1.883 kr.
Alm. verð: 2.690 kr.

30% afsláttur

Tilboð: 3.493 kr.
Alm. verð: 4.990 kr.



20% afsláttur

Tilboð: 1.344 kr.
Alm. verð: 1.680 kr.

25% afsláttur

Tilboð: 3.360 kr.
Alm. verð: 4.480 kr.

20% afsláttur

Tilboð: 3.584 kr.
Alm. verð: 4.480kr.

- Mikið úrval bóka við allra hæfi
- Óvænt opnunartilboð á hverjum degi til jóla
- Lesið verður úr nýjum bókum
- HÁMA, nýr veitingastaður á næstu grösum, með kaffi og meðlæti

Afgreiðslutími til jóla:

Virkir dagar	9–18
Laugardagur 8. des.	11–16
Laugardagur 15. des.	11–16
Laugardagur 22. des.	11–18
Þorláksmessa	11–18

Vefverslun opin allan sólarhringinn
www.boksala.is

bóksala stúdenta

Háskólatorgi Sæmundargötu 4 101 Reykjavík Sími 570 0777 boksala@boksala.is www.boksala.is

PLANETAN 2007

GARMIN

jólagjöfin
2007

01 - 10432

OPIÐ
Á LAUGARDÖGUM
FRÁ 10 - 16
Í DESEMBER

Rataðu í óbyggðum úthverfanna, styttu þér leið á ferðalögum erlendis, Garmin Nüvi línan vísar þér örugga leið á áfangastað. Vegleiðsögutæki í miklu úrvali frá kr. 16.900. ***GPS Íslandskort 3.5 fáanlegt: kr. 16.900.***

R. SIGMUNDSSON EHF. | KLETTAGÖRÐUM 25
104 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | GARMIN.IS

R. SIGMUNDSSON

Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DRAUMAHÚSIÐ

Kósí hús með háhraðatengingu

„Jú, ég á mér draumahús," segir Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi. „Reyndar fleiri en eitt eða þá hús sem væri sambland af því að vera kósí gamaldags „húsið á sléttunni"-hús og mjög nýtískulegt hús.

Ég átti reyndar einu sinni heima í húsi sem komst nokkuð nálægt því að vera draumahúsið mitt – þegar ég var með stærri fjölskyldu en nú. Þetta var (og er, því húsið er til enn) timburhús á tveimur hæðum með háu risi. Gott eldhús (alger nauðsyn), borðstofa nálægt eldhúsi, stofa rúmgóð og svo herbergi fyrir alla heimilismenn. Auðvitað snyrting á báðum hæðum og gott baðherbergi auk þvottahúss.

Í kring góður garður. Miðað við fjölskylduaðstæður mínar nú myndi ég eftir sem áður vilja eiga lítið sætt timburhús með rúmgóðu eldhúsi, borðstofu og stofu og auðvitað garði. Ég vil hafa heimilið vel búið tækjum og auðvitað með háhraða nettengingu, sem stingur svolítið í stúf við gamaldags „ömmutilfinninguna" sem svona timburhús gefur. Enda engin amma með ömmum nema vera nettengd!"

● SILFURKANNA SEM SÓMI ER AÐ.

Það liggur við að drykkir bragðist betur ef þeir eru bornir fram í fallegu íláti. Þessar forláta vatnskönnur frá Dorph-Jensen eru unaðslegar á að líta í einfaldleika sínum og fær maður á tilfinninguna að sá vökvi sem úr þeim er hellt hljóti að vera góður. Auk þess má nota könnurnar sem blómavasa.

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur

Skólavörðustíg 16
s: 562 4082

Eirberg

Betra loft betri líðan

Airfree lofthreinsitækið
- Byggir á nýrri tækni sem eyðir ryki, frjókornum og gæludýraflösu
- Eyðir ólykt, bakteríum, vírusum, myglu og öðrum örverum
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt – tilvalið í svefnherbergið og á skrifstofuna

www.airfree.com · www.eirberg.is · 569 3100 · Stórhöfða 25

Jólaveröld

...opin í dag hjá Inn X á Dalvegi 10

25% afsláttur af fataskápum í desember

Gafabréf

Allir sem staðfesta pantanir að lágmarki 500.000- fá gjaffabréf að verðmæti 50.000- krónur hjá BoConcept, Rönning eða Einar Farestveit

BoConcept urban design

JOHAN RÖNNING

Einar Farestveit & Co.hf.

Jólaveröld INNX Innréttingar

Komdu í Jólaveröld Inn X

Dalvegi 10 í dag á milli 11 og 16

- Kl. 13 koma **jólasveinarnir Stekkjastaur og Giljagaur** og halda uppi fjöri með leik og söng.
- Kl. 14 kemur **Barnakór Öldutúnsskóla** undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur.
- **Jólabíómynd** verður sýnd í barnahorninu.

Komdu, hvenær sem er **í desember**, og leyfðu hönnuðum okkar að **teikna fyrir þig draumaeldhúsið þitt, FRÍTT**.



Jólaveröld

INNX Innréttingar

Dalvegi 10-14 • 200 Kópavogur

Sími 577 1170 • Fax 533 1127 • www.innx.is

XEINN IX 07 12 003

● **ÓENDANLEIKI OG ÁREKSTUR** Breski húsgagnahönnuðurinn og smiðurinn Jason Heap er ungur á uppleið. Á heimasíðu hans http://jasonheapfurniture.com má líta nokkur verka hans sem eru mörg hver skemmtileg eins og þau tvö sem við sjáum hér.

Annað heitir „Infinity +1“ eða óendanleiki +1, og er úr heilli línu húsgagna eftir Heap. Hönnuðurinn hefur sérstakt dálæti á vatni sem endurspeglast í fljótandi hönnun borðsins.

Hitt verkið heitir „Impact“ sem gæti útfærst sem högg eða árekstur. Hér notar Heap brotið gler til að mynda fallegt og nýstárlegt borð.



Svíf þú inn í svefninn

Hágæða sælurúm

Það er ekki að ástæðulausu sem við köllum þessi rúm sælurúm.

Þessi geysivinsælu rúm eru mjög fullkomin, með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Þú getur valið um margar stærðir og mismunandi stífleika á springdýnum.

Allir fá þá eitthvað fallegt!

Sængurverasett,
sængur og koddar,
rúmteppi, náttborð og
margt fleira til að gleðja
þá sem að þér þykir vænt um.

Allt eftir þínum óskum!

Bólstraðir höfðagaflar og botnar í mörgum litum og margs konar áklæðum.

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla – Íslenskt, já takk!

Hágæðarúm á góðu verði. Sjá nánar á www.rbrum.is

Opið alla virka daga frá kl. 8 –18, laugardaga frá kl. 10-16 og á sunnudögum frá kl. 13-17

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943

Nýstárlegar tehefðir

Hin japansk-ættaða Ikuko Iwamoto hefur vakið nokkra athygli í Bretlandi þótt hún sé aðeins nýlega útskrifuð úr listaskóla. Sérstæðir keramikbollar, skálar og skúlptúrar lifna við með krassandi broddum, örmum og gróum. Iwamoto gerir þannig hinn ósýnilega heim örsmárra lífvera sýnilegan.

„Ég bý til undurfagra bolla og aðra hluti fyrir stórfurðulegar tehefðir,“ segir hin japanska Ikuko sjálf um verkin sín.

www.ikukoi.co.uk

fyrir börnin

● **KÚNSTUG KYNJADÝR** Þessi litli félagi kallast „sleepy pom“ og er hluti af tuskudýralínu sem Donna Wilson hannar. Línan einkennist af vingjarnlegum prjónadýrum sem hafa hvert og eitt fremur sérkennileg form. Verk Donnu Wilson eru full af leik og gleði og eru innblásin af því sem er öðruvísi og afmyndað. Wilson segist hafa gaman af að hugsa um hvert dýr sem persónu í sínu eigin undralandi þar sem leikið er með mælikvarða og skynjun. Dýrin hennar Donnu Wilson fást í Saltfélaginu og geta þau í senn þjónað hlutverki tuskudýrs og púða.



BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21 Reykjavík | Sími 581 1100 | **www.bang-olufsen.com**

Glitrandi kertajól

● Kerti eru sjálfsagður hluti jólanna, þau færa birtu inn í lífið þegar úti er dimmt og drungalegt. Til að lífga enn frekar upp á skammdegið má skreyta kertin enn frekar með undurfögrum kertahringjum sem fást af ýmsum gerðum. Glitrandi steinar, gull, silfur og greinar prýða margan hringinn, og einnig þá sem hér sjást.

1. Hvít og skínandi skreyting. Fallegur kertastandurinn setur sérstakan svip og sómir sér vel undir kertahringnum sem settur er perlum. Kerti, 1.350 krónur, kertastandur 3.490 krónur og kertahringur 990 krónur.

2. Frost og funi. Rautt kertið myndar skemmtilega andstæðu við frostkennda steinana á kertahringnum. Kertið er á 1.890 krónur en hringurinn sem er nokkuð stór og mikill kostar 1.780 krónur. Fæst hjá Unika.

3. Grófur en samt svo fínn. Villtur kertakrans úr skreyttum birkigreinum. Kransinn kostar 890 krónur og kertið 1.290 krónur og fást í Unika.

4. Glitrandi hátíðlegur kertahringur úr versluninni Hlíðarblómi. Rautt kertið samsvarar sér vel með rauðleitri skreytingunni. Kertið er á 990 krónur og hringurinn 990 krónur.

5. Einfaldir og flottir. Þessar kertaskreytingar útbúa konurnar í blómabúðinni Dalíu sjálfar. Hringirnir kosta 470 krónur stykkið en kertin kosta 1.100 krónur hvert.

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði



Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

MAX

Canon EOS 400D

10.1 Megapixel

Canon EOS 400D
- 10.1 Megapixel upplausn
- EOS innbyggð rykvörn
- 2.5" LCD skjár
- 9 sjálfvirkar fókusstillingar
- Tekur 3 ramma á sekúndu
- Allt að 27 rammar í raðtöku
- DPP RAW hugbúnaður
- 18-55mm linsu

4GB Compact Flash kort fylgir!

74.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

Gerið verð samanburð

Dúndur Disney TILBOÐ

1.289 kr.

Verð pr. stk.

Fullt verð ~~1.999~~

Aðeins brot af úrvalinu!

OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-19	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Miðvikudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
		Sunnudaga	kl. 12-18

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

BÍLAR & FARARTÆKI

CARMAX
Bílar með allt að 100% Láni

16 þús. á mánuði
Renault Laguna StW, árg.'01 ek. 113 þ., 5 gíra, sk. 08, CD, ný yfirfarinn bíll.

22 þús. á mánuði
Ford Focus StW árg. '03, 1600, 5 gíra, ek.75 þ., sk. 08, vetrardekk.

26 þús. á mánuði
Renault Laguna Berline, árg. '03, ek. 63 þ., 5 gíra, sk. 08, Cd.

22 þús. á mánuði !
Mmc Lancer árg. 02/'05. Ek. 25 þ., sk. 08, 1600. Vél. ssk., Abs, Airbag. Gott Lán.

16 þús. á mánuði
Þegar Nylon var að byrja. Þetta var hreinlega fyrsta vikan í sögu hljómsveitarinnar og við vorum bara búin að hittast einu sinni og funda. Þá var ég í Íþróttaskólanum í Garðabæ og við vorum að setja upp söngleik og ég var að leika í honum, Litlu hryllingsbúðinni, og það var búið að vera svakaleg vinna í kringum það, brjálaðar æfingar og svo framvegis. Um kvöldið er svo frumsýning og árshátíð seinna um kvöldið. Einar Bárðarson hringir þegar ég er nýkomin af frumsýningunni, að stíga inn í sturtuna og ætla að gera mig til fyrir árshátíðina. Hann hringir og segir að ég verði að mæta strax í stúdíó að taka upp Lög unga fólksins. Ég stend þarna inni á baði og það er bara: „Já, taka upp, núna, Lög unga fólksins, niðri í Thule stúdíói.“ Það skipti engum þótt ég segði honum að ég væri á leiðinni á árshátíð. Hann sagði að þetta gæti ekki beðið og þegar kemur að Einari Bárðarsyni - þá segir maður ekkert nei við hann. Þetta var auvitað æðislega gaman en þetta er mjög lýsandi fyrir Einar. Þegar hlutirnir eiga að gerast þá eiga þeir að gerast og hann kemur þeim í framkvæmd. Það er bara þannig. Hann er með allt sitt á hreinu. Og samt gerir hann allt í góðu því hann er mjög hjartahlýr maður. En það er engin tilviljun að hlutirnir gerast hjá honum og ég held að það sé þessi magnaða blanda sem hann er: Þessi ákveðni sem hann hefur í bland við gæsku. Sá kokkteill hrífur fólk.

Hjátrúarfullur fram í fingurgóma

Félaginn, Tryggvi Jónsson

Við Einar erum góðir vinir og höfum ferðast mikið saman undanfarið. Flestar sögurnar mínar eru af væntumþykju og virðingu við hann ekki prenthæfar. Hins vegar var það einu sinni þannig að við vorum búnir að mæla okkur mót úti í London á föstudegi en við vorum að fara að skrifa undir samninga og síðan fékk ég neyðarkall um að ég yrði að koma degi fyrr út og fundurinn yrði að vera haldinn á fimmtudagskvöldi klukkan tíu og því fylgdu engar skýringar - það væri bara eitthvað mikið um að vera. Síðan mæti ég og fleiri, þetta var fólk víða að, sem allt breytti sínum plönum fyrir Einar. Við göngum frá samningnum og aldrei fann ég út af hverju þessi þrýstingur var að breyta fundinum. Af hverju þessi hamagangur var, allir að koma fyrr út og við að kvöldi til að klára samninga. Þá var það vegna þess að daginn eftir var föstudagurinn þrettándi. Og hann er svo hjátrúarfullur að hann gat ekki hugsað sér að skrifa undir samning á föstudegi. Það myndi bara boða ógæfu þannig að hann setti allt á annan endann, bara vegna þessa. Einar hefur alltaf verið hjátrúarfullur, sama hvað hver segir honum, og labbar til dæmis ekki undir stiga og ef svartur köttur hleypur fyrir hann svitnar hann. En þetta hefur samt kannski komið honum áfram í lífinu. Allavega ekki skaðað hann.

Afnemum VSK af öllum húsgögnum

Nýtt kortatímabil!

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri

Mikið úrval af glæsilegum húsgögnum

Sófar
Tungusófar
Borðstofuhúsgögn
Hornsófar
Relax sófar

OPIÐ TIL 22:00 laugardag

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 11. desember

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ráðherrann sem tekur stræto

Ráðuneytið er sautján ára gamalt og **Þórunn Sveinbjarnardóttir** hefur verið kölluð fyrsti alvöru umhverfisráðherrann. Hún fór á sínum tíma mót flokksforystu sinni þegar hún greiddi atkvæði gegn Kárahnjúkavirkjun. Á morgun fer hún til Balí að semja fyrir Íslands hönd um loftslagsmál. Hún sagði *Klemensi Ólafi Þrastarsyni* frá virkjunum, landslögum og strætó.

UMHVERFISRÁÐHERRA Í JÓLASKAPI Það er gott að geta skroppið til indónesísku andfætlinganna á Balí í skammdeginu. Þórunn fær þó lítinn tíma til að sóla sig á ströndinni. Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar bíður hennar þar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþingismönnum finnst gaman að tala og hlátrasköll og málrómur þeirra og annarra starfsmanna Alþingis liggur í bakgrunni þessa viðtals, sem var tekið undir jólatrénu í Alþingishúsinu. Þórunn Sveinbjarnardóttir er tímabundin, eins og ráðherra er von og vísa. Við spjöllum þó dágóða stund meðan úti snjóar.

Ef þú lítur yfir feril þinn sem ráðherra og velur eitt verk sem þú ert stoltust af, hvert væri það?

„Þetta hálfa ár var nú fljótt að líða! En ég myndi þá nefna umhverfisþing sem við héldum í október. Það var stærsta umhverfisþing sem haldið hefur verið á Íslandi; um 300 manns mættu. Þar fann ég fyrir þeim meðbyr og grundvallarbreytingu sem hefur orðið í afstöðu fólks til umhverfismála. Ekki bara hjá almenningi heldur hjá stjórnmálamönnum líka. Það er afar ánægjulegt að fá að starfa við þær aðstæður."

En hvað hefði mátt fara betur á þessum tíma?

„Það situr eftir í mér að það þarf alltaf að hafa vakandi auga á öllum hliðum mála og gæta að lausum endum. Þessi mál liggja svo víða í stjórnkerfinu. Ég legg mikla áherslu á samvinnu við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og félagasamtök. Ef það má draga einhvern lærdóm af þessum sex mánuðum er það að gera enn betur í því."

Er yngsta ráðuneytið enn neðst í goggunarröðinni?

„Hafi svo verið, finnst mér það hafa breyst. Við stjórnarskiptin í vor lögðum við í Samfylkingunni til okkar umhverfisstefnu og hún er grundvallarmál í stjórnarsamstarfinu. Mitt verkefni er að fylgja henni fast eftir og ég hef til þess fullan stuðning í stjórninni. Ég gagnrýndi áður að umhverfisráðuneytið hefði ekki nægilegt vægi og lít á það sem mitt verkefni að auka þetta vægi. Umhverfismál ganga þvert á alla málaflokka og það segir sitt um mikilvægi þeirra."

Mörg sjónarmið innan stjórnar

Það hefur samt borið við að þið forsætisráðherra virðist tala tungum tveim. Hver var til dæmis niðurstaðan um Norðlingaölduveitu, var henni frestað eða hvað?

„Samfylking og Sjálfstæðisflokkur hafa bundist fastmælum um að stækka friðlandið í Þjórsárverum. En þetta eru ólíkir flokkar með ólík grunngildi og í umhverfismálum komum við úr ólíkum áttum. Því er mikilvægt að ná sátt um stærri málin. En innan samstarfsins rúmast ýmis sjónarmið.

Stjórn Landsvirkjunar hefur lagt verkefnið til hliðar og ég lít svo á að hún hafi engar fyrirætlanir um að ráðast í það. Það er svo verkefni stjórnvalda og sveitarfélaga að ljúka við friðlýsingu Þjórsárvera sem fyrst, þannig að hún standi undir nafni."

> Ég hef nú ekki orðið vör við mikinn vilja til að umhverfisráðherra verði alvaldur!

Þú gagnrýndir áður að friðlýsing svæða hefði ekki lagagildi, heldur mætti breyta þeim með pennastriki. Munt þú breyta þessu?

„Við erum að endurskoða náttúruverndaráætlun og á næsta ári munum við fara í gegnum náttúruminjaskrá, sem er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi.

Ég er ekki frá því að þau svæði, sem mest náttúruverndargildi hafa á Íslandi, þurfi að friða með lögum. Þetta á alls ekki við um öll svæði, við erum nú þegar að stofna stærsta þjóðgarð í Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð, og svæði eins og Þingvellir eru vernduð með lögum. Í mínum huga eru Þjórsárver ein þessara perlna og það kemur alveg til greina að friða þau samkvæmt lögum."

Um stóra jeppa og strætó

Síðasta ríkisstjórn auðveldaði fólki að kaupa stóra jeppa, en sjálfstæðismenn í borginni gáfu frítt í stæði fyrir minnstu bílana. Eru svona hlutir á þínu borði?

„Algjörlega. Þetta er eitt af mörgu sem við vinnum að vegna áætlunar um samdrátt gróðurhúsalofttegunda. Sú vinna fer fram meðal annars í fjármálaráðuneytinu með tilliti til skattlagningar. Það er allt undir í þeirri áætlun; allt sem mengar. Mikilvægur hluti hennar eru hagrænir hvatar sem beina einstaklingum og fyrirtækjum að leiðum sem menga minna. Það á að borga sig að velja grænar leiðir."

Stjórnarformaður Strætós hefur sagt að það kosti um 300 milljónir að gefa öllum frítt í strætó. Væri þetta ekki fínn hagrænn hvati?

„Mér finnst skipta miklu máli að ríki og sveitarfélög fari yfir skattlagningu almenningssamgangna og annað sem er mikilvægt er vegakerfið. Til að almenningssamgöngur þyki góður kostur þurfa vagnarnir að hafa forgang í umferðinni, svo strætó keyri fram úr þeim sem sitja í biðröðum.

En ég veit ekki hvort það er úrslitaatriði að gefa frítt í strætó. Það skiptir máli fyrir vissa aldurshópa en mér finnst eðlilegt að fullvinnandi fólk greiði fyrir að fá að fara í strætó. Aðalatriðið er að gera ráðstafanir fyrir þá sem eru efnaminni."

Tekur þú strætó? Þú veist þá að það er varla hægt að borga í hann þótt maður vildi, því hann tekur ekki kort og gefur ekki til baka?

„Já, ég tek strætó. Ekki oft en stundum. Og ég veit mjög vel að það er ekki hægt að fá til baka!" segir Þórunn og skellihlær. „Ég á aldrei akkúrat og borga stundum meira, bara til að sleppa inn!"

Hvað er ráðherra?

Fyrir kosningar töluðuð þið um beint lýðræði, til að koma í veg fyrir deilur um framkvæmdir. Verður þetta tekið upp í þinni tíð?

„Já. Skipulagsmál eru grundvöllur sáttar um framkvæmdir og ég mun leggja fram tillögu um breytingar á skipulagslögum. Í henni verður meðal annars lagt til að svokallað landskipulag verði sett í lög. Það er mikilvægt samræmingartæki sem tekur til almannahagsmuna."

Það þýðir að þú hefðir úrslitavald um skipulagsmál?

„Um ákveðin atriði. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og landskipulag verður að gera í náinni samvinnu við þau. Slagurinn sem hefur staðið um einstakar framkvæmdir hefur ekki síst verið vegna þess að menn hafa ekki unnið langtímaáætlanir, til dæmis um orkunýtingu. Það hefur verið unnið að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða síðan 1999 og við iðnaðarráðherra höfum ákveðið að ljúka henni á tveimur árum. Hún er lykillinn að því að þessum deilum linni. Þetta hefði kannski átt að gerast fyrir löngu en þannig er þetta bara."

En þegar tvö sveitarfélög deila, eins og Hveragerði og Ölfus út af Bitruvirkjun. Mun ráðherra geta skorið úr slíku?

„Það er auðvitað á ábyrgð sveitarfélaga að ná saman. En já, það er gerð tillaga um það í nýja frumvarpinu að þegar tvö sveitarfélög geta ekki komið sér saman um svona grundvallaratriði þá megi skjóta málinu til ráðherra."

Með breyttum lögum um umhverfismat er allt virkjunarvald í raun komið til sveitarstjórna og orkufyrirtækja …

„Leyfið er hjá iðnaðarráðherra en það er alveg ljóst að sveitarfélögin hafa úrslitavald, já."

Það stendur ekki til í væntanlegum lögum að umhverfisráðherra geti bara veifað hendi til að hindra framkvæmdir?

„Nei," segir ráðherrann og hlær. „Ég hef nú ekki orðið vör við mikinn vilja til að umhverfisráðherra verði alvaldur! Það má líka spyrja sig hvort skynsamlegt sé að einn ráðherra hafi svo mikið vald."

Bitra og álver á Bakka

Hvernig líst þér á Bitruvirkjun?

„Hún er í ákveðnu ferli og ég get ekki tjáð mig um hana því ég gæti þurft að fjalla um hana seinna. En almennt séð get ég sagt að það eru gríðarlega miklar framkvæmdir búnar að vera í gangi á Hellisheiði og líka mikil andstaða við þær. Það er því mikil ábyrgð á herðum Orkuveitu og Sveitarfélagsins Ölfuss að taka mið af því sem hefur komið fram í ferlinu."

Er rétt skilið að búið sé að ákveða að álver rísi á Húsavík?

„Nei, það er ekki rétt skilið. Það er búið að undirrita viljayfirlýsingu um þetta milli sveitarfélagsins og Alcoa og orkurannsóknir eru í gangi og það er það eina sem er að gerast í því máli."

Hvaða ný álver sérð þú fyrir þér næstu tuttugu árin?

„Ég sé fyrir mér að þegar við höfum lokið vinnu við rammaáætlun, orkustefnu og orkulög og náttúruverndarlög hafa verið styrkt, þá höfum við í höndunum tæki til að hafa stjórn á þessari þróun. Það hefði verið gott að hafa þau áður, en nú erum við bara að vinna í kappi við tímann."

➜ LÚFFAÐI EKKI FYRIR GEIR VEGNA BALÍ

Þórunn heldur á morgun á loftslagsþing Sameinuðu þjóðanna á Balí. Meðal markmiða Íslands er að losun gróðurhúsalofttegunda í iðnríkjum minnki um 25 til 40 prósent og að ríki geti keypt sér losunarheimildir, meðal annars með þátttöku fyrirtækja í verkefnum sem stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Stjórnarandstæðingar hafa talað um að þú hafir mátt lúffa fyrir sjálfstæðismönnum við stefnumótun fyrir Balí?

„Að ég hafi lúffað fyrir einhverjum? Nei!" segir ráðherra og hlær dátt.

„Ríkisstjórnin samþykkti markmiðin í samningaviðræðunum í Balí í upphafi vikunnar. Þau markmið eru í fullu samræmi við efni og tilgang ráðstefnunnar og líka í samræmi við stefnu þeirra landa sem fara fremst í flokki fyrir því að ná þar samningum. Markmiðin eru áþekk þeim sem jafnaðarmenn og vinstri grænir í ríkisstjórn Noregs hafa sett fram.

Aðalatriðið er að senda út pólitísk skilaboð um að við viljum gera okkar til að koma í veg fyrir að hlýnun loftslagsins verði meiri en tvær gráður á Celsíus. Meiri hitun gæti haft ógnvænlegar afleiðingar fyrir mannkynið."

Þurftirðu að hafa mikið fyrir því í nefnd fjögurra ráðherra að fá þessi markmið samþykkt?

„Nei, alls ekki. Þetta gekk vægast sagt mjög vel í ráðherrahópnum. Við viljum að iðnríkin dragi sem mest úr sinni losun fyrir 2020 og með því að leggjast á árarnar í því máli erum við að segja við þróunarlöndin að þau þurfi að vera með. Við getum ekki lagt sömu byrðar á þeirra herðar, en það skiptir máli að þau taki þátt. Það eru þessi skilaboð sem skipta mestu máli og fundurinn þarf að vinna úr. Balí snýst um að samningar náist um að semja, því ef ekki næst samkomulag um það á næstu tveimur árum þá er allur loftslagssamningurinn í uppnámi. Og þá tæki við erfitt samningaferli fram að fundi í Kaupmannahöfn 2009."

Íslenska sérákvæðið, er það enn þá inni?

„Það verður ekki rætt um neitt slíkt á Balí, heldur að ríku löndin leggi sitt til málanna. Balí snýst um að ná samstöðu um að fylgja leiðsögn Vísindanefndarinnar, þannig að svokallað íslenskt ákvæði er ekki uppi á borðinu."

Sveigjanleikaákvæðin, þau eru ekki af svipuðum meiði?

„Nei, það er einhver misskilningur í gangi um þau. Sveigjanleikaákvæðin hafa verið inni í Kyoto síðan 1997 og fjalla um að til verði markaður með kolefni og viðskipti með losunarheimildir. Til þess að svo megi verða eru sett upp ýmis verkefni, til dæmis um hreina þróun."

Er engin hætta á því að stærstu fyrirtækin eignist allar heimildirnar en þau minni sitji á hakanum?

„Ég fæ ekki séð að kerfið virki þannig og það er ekki sett upp til þess, heldur til að setja verðmiða á losunina. Þau borgi sem menga. Það er í samræmi við Ríó-samninginn og alveg sama hver á í hlut. Kerfið þarf að virka þannig að þeir sem menga meira, greiði meira."

TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Retró er í tísku

Flott retró útvarpstæki

Tækið er í svartlamíneruðum kassa. Málin eru 22x12x12 sm. Hljóðið er rúnnað eins og hátalarinn og stöðvavalshnappurinn. Þú stingur tækinu í samband og þá geturðu hlustað á fréttir, tónlist og spjall. 2000 krónur.

TIGER

Villidýr á verði

Friðarsúlan með augum fólksins

Fréttablaðið stóð fyrir ljósmyndakeppni í nóvembermánuði um bestu myndirnar af Friðarsúlu listakonunnar Yoko Ono í Viðey. Næstum hundrað myndir bárust til blaðsins og augljóst að Friðarsúlan hefur fangað ímyndunarafl og hjörtu borgarbúa. Hér eru vinningsmyndirnar auk annarra ljósmynda sem vöktu athygli dómnefndar.

Í dag, áttunda desember, eru 27 ár liðin frá dánardegi Johns Lennon og þá verður slökkt á súlunni sem hefur frá 9. október síðastliðnum lýst langar leiðir frá eyjunni sögufrægu í Kollafirði. Vinsældir Viðeyjar hafa aukist mikið með tilkomu Friðarsúlunnar en hún er hugarfóstur Yoko Ono, ekkju Johns Lennon. Friðarsúlan sést greinilega vel frá ýmsum áttum innan og utan höfuðborgarinnar og ótalmargar skemmtilegar myndir komu fyrir augu dómnefndar en í henni sátu þau Páll Stefánsson ljósmyndari, Pjetur Sigurðsson, yfirmaður ljósmyndadeildar Fréttablaðsins, og Anna Margrét Björnsson, umsjónarmaður helgarefnis á Fréttablaðinu. Verðlaunin eru öll frá Nýherja, umboðsaðila Canon á Íslandi. Í dag stendur yfir fjölbreytt dagskrá í Viðey, þar á meðal listasmiðja og tónleikar. Næst verður kveikt á súlunni á áramótum, hinn 31. desember.

SJÁ NÆSTU SÍÐU

1

Kyrrð og friður

Fyrstu verðlaun fær Snæþór Sigurbjörn Halldórsson fyrir mynd sem hann tók 21. nóvember frá Hafravatni. „Myndin er tekin á Canon 350D, rétt rúmlega ellefu um kvöldið. Hún er tekin á 30 sekúndum á ljósopi 4.0 með 16 mm brennivídd á Canon L 16-35 mm linsu," útskýrir Snæþór. Myndin hreif dómnefnd vegna vetrarkyrrðarinnar sem er að finna í myndinni og fallegs bláma súlunnar sem endurspeglast í frosinni jörð og stjörnubjörtum himni. Einnig þótti sjónarhornið óvenjulegt en myndin er tekin úr fjöru Hafravatns með Úlfarsfellið í baksýn. Snæþór hlýtur í verðlaun myndavélina Ixus 70 frá Canon en hún er með 7,1 megapixla CCD myndflögu, búin leiðandi tækni frá Canon og klassísku útliti. Ljósmynd Snæþórs var þar að auki valin „OSRAM-myndin" í tilefni af því að það eru OSRAM-perur sem knýja Friðarsúluna í Viðey. Það er VOLTI hf., umboðsaðili Osram, sem veitir Snæþóri 30 þúsund króna úttekt í verslun Volta hf.



➜ OG FLEIRI SKEMMTILEG SJÓNARHORN..

Blossi á Bessastöðum.
Þessi skemmtilega mynd með ljós beint upp úr kirkjunni er eftir Ólaf Magnússon.

Skammdegisblámi
Dularfull stemning eftir Telmu Hlín Helgadóttur.

Norðurljós, tungl og stjörnur
Friðarsúlan skín hér meðal allra náttúrufyrirbrigða á himnum. Mynd eftir Elsu Björg Magnúsdóttur.

Ertu í húsgagnaleit?

Leðursófasett 3+1+1

Verð kr. 290.000.-

Stækkanlegt borð f.20 manns

Tvíbreiðir svefnsófar m/rúmfatageysmlu
Margir litir

Verð kr. 54.900.-

Verð kr. 228.000.-

Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði

Corinne

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt
verð 239.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 219.000.-

Vandaður og þægilegur hornsófi með 2 skemlum
Verð m/leðri verð kr. 333.000.-

Slökunarstólar í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 39.000.-

Tilboðsverð m/leðri
kr. 59.000.-

Tilboðsverð aðeins kr.
59.500.-

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

Opið Sunnudag kl.13-16

Valhúsgögn

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**

Rafmögnuð borg

2

Önnur verðlaun hlýtur Guðmundur Brynjarsson. Mynd hans er tekin í Geldinganesi. Hún þótti sérstök og draumkennd og sýna bæði rafmagnað ljós Friðarsúlunnar við hlið borgarljósanna sem lýsa upp himin og haf. Í verðlaun hlýtur Guðmundur Canon MP610 fjölnota prentara sem skilar framúrskarandi prentunum á ljósmyndum.

Teikn á himnum

3

Þriðju verðlaun hlýtur Þorsteinn Benediktsson en hann tók þessa sérstæðu mynd við kajakskúrana á Geldinganesi klukkan tíu um kvöld.

Myndin þótti fallega uppbygð og fanga undarlega gula birtu borgarljósanna og Friðarsúlunnar. Hún minnir í senn á kjarnorkusprengju eða einhvers konar yfirskilvitlegt teikn á himni.

Þorsteinn hlýtur í verðlaun Canon Selphy ES1 ljósmyndaprentara.

➜ OG FLEIRI SKEMMTILEG SJÓNARHORN..



Strandlengjan
Falleg mynd með upplýstum grjótgarði og súlan í baksýn. Eftir Pál Pétursson.

Fákurinn og súlan
Þessi mynd barst frá óþekktum aðila undir netfanginu hestafrík, en höfundur er greinilega hrifinn af ökutæki sínu.

Vinningshafar geta nálgast verðlaunin á Fréttablaðinu hjá Önnu Margréti Björnsson.

Rauð ský og blár geisli
Falleg og frumleg ljósmynd eftir Ólaf Erling Ólafsson.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ FRÁ 10.00 - 18.00

HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR

KJÚKLINGAVÆNGIR ***239 kr/kg.*** *Merkt verð 399 kr*
KJÚLINGALEGGIR ***395 kr/kg.*** *Merkt verð 659 kr/kg.*
KJÚKLINGALÆRI ***395 kr/kg.*** *Merkt verð 659 kr/kg.*
KJÚKLINGABRINGUR ***1559 kr/kg.*** *Merkt verð 2599 kr/kg.*

Bónus kryddaðir KJÚKLINGABITAR ***349 kr/kg.***
30% afsláttur. *Merkt verð 499 kr/kg.*

Holta KJÚKL. HVERSDAGSSTEIK m/sólþurrkuðum tómötum
455 kr/kg. **40% afsláttur.** *Merkt verð 759 kr/kg.*

Ali hamborgarhryggur með beini
1252 kr/kg. *Merkt verð 1789 kr/kg.*
Ali hamborgarhryggur úrbeinaður
1623 kr/kg. *Merkt verð 2318 kr/kg.*

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐLAUS
10% VERÐLÆKKUN. VERÐ NÚ 808 KR/KG.

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf. Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
Sími. 588 8699 gjafakort@bonus.is

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.00

JUST 4 KIDS

9.990 kr.

RoboRaptor Fjarstýrð risaeðla, samruni tækni og persónuleika.

Eldra tilboðsverð: 11.990 kr.

1.990 kr.

Verkfærataska

Eldra tilboðsverð: 2.990 kr.

1.480 kr.

Skólabíll

Eldra tilboðsverð: 3.285 kr.

6.990 kr.

RoboPet Fjarstýrt gæludýr með ótrúlega mörgum skipunum.

Eldra tilboðsverð: 9.990 kr.

4.980 kr.

Mega Bloks Sjóræningjafleki.

Eldra tilboðsverð: 6.980 kr.

1.980 kr.

Star Wars Land-Speeder.

Eldra tilboðsverð: 2.980 kr.

1.980 kr.

Star Wars X-vængju bíll.

Eldra tilboðsverð: 2.980 kr.

9.980 kr.

Disney barnarúm - Blátt eða bleikt.

Eldra tilboðsverð: 15.980 kr.

3.990 kr.

Cintamani Supermicro flísgalli.

Eldra tilboðsverð: 4.671 kr.

Hringbrot — Tilboðin gilda til 24. desember 2007 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndabrengl og villur.

Meira en 100 brjáluð tilboð!

2.980 kr.

Star Wars Transformers.

Eldra tilboðsverð: 3.980 kr.

3.990 kr.

Star Wars Sjónvarpsleikur.

Eldra tilboðsverð: 6.980 kr.

9.980 kr.

LEGO Star Wars Stjörnuskip.

Eldra tilboðsverð: 10.990 kr.

3.990 kr.

My Little Pony Í göngugrind.

Eldra tilboðsverð: 5.990 kr.

2.980 kr.

Mega Bloks Spiderman hús.

Eldra tilboðsverð: 4.980 kr.

3.980 kr.

Fisher Price Little People.

Eldra tilboðsverð: 5.498 kr.

1.480 kr.

Chou Chou Dúkka.

Eldra tilboðsverð: 3.999 kr.

50% afsláttur

1.995 kr.

Stjórinn Knattspyrnuspilið.

Eldra tilboðsverð: 3.990 kr.

5.980 kr.

Jólafötin Kjólföt, skyrta, lindi og slaufa.

LEGO náttföt

1.980 kr.

Lego Náttföt.

Eldra tilboðsverð: 2.580 kr.

HAFNARFJÖRÐUR

IKEA

JUST 4 KIDS

DÝRARÍKIÐ

REYKJAVÍK

Just4Kids er risastór ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.

Just4Kids
Sími: 544 4424
www.just4kids.is

Laxness gaf mér blýant

Kristján Hreinsson, skáldið í Skerjafirði, er að vanda með mörg járn í eldinum. Hann segist líka vera eini boðberi réttlætisins í Eurovision. Dr. Gunni ræðir við hann um gamla og nýja tíma, og auðvitað Eurovision.

GÓÐAN DAGINN

Dr. Gunni tekur viðtal

Kristján Hreinsson er bókstaflega með Reykjavíkurflugvöll úti í garði hjá sér. Hann segist þó aldrei finna fyrir óþægindum af honum, ekki einu sinni þegar einkaþoturnar eru að ólmast á brautinni. Við setjumst niður með kaffi. Kötturinn Elvis sniglast í kringum okkur og Gufan malar inni í eldhúsi. Kristján er titlaður skáld í símaskránni svo ég byrja á að spyrja hann hvenær hann var síðast í almennri launavinnu.

„Það eru ein 16 ár síðan," segir Kristján. „Ég kom heim frá námi í Bergen og vann um skeið í lögfræðideildinni í Landsbankanum."

Saknarðu ekkert öryggisins og föstu teknanna?

„Stundum. Það eru tímar þar sem er engin innkoma og ekkert sem bendir til þess að það verði innkoma á næstu dögum. En síðan koma kaflar sem eitthvað slumpast inn. Ég er alltaf með svo margt í gangi. Reyndar ekki þetta árið því ég datt niður stigann hérna í lok sumars og var óvinnufær í tvo mánuði. Eini munurinn á mér og Jónasi er að hann var fullur þegar hann datt niður stigann en ég ekki. Ég gat ekki setið, sem var náttúrlega slæmt því starfið gengur út á það að sitja og lesa og skrifa og pæla. Það var ekki fyrr en ég leitaði á náðir kírópraktors að það fór að rofa til."

Við fótskör meistara

Kristján segir að hann hafi snemma ákveðið að verða skáld. „Á meðan samnemendur mínir fóru og heimsóttu slökkviliðið eða lögguna fór ég og kynnti mér rithöfundastörf. Þetta var í gagnfræðaskóla og ég fór og heimsótti Laxness, Tómas Guðmundsson, Gunnar Dal og Thor Vilhjálmsson."

Varstu aðdáandi þessara manna?

„Já, og sérstaklega náttúrlega Laxness, það opnuðust fyrir manni dyr þegar maður las hann. Hann tók mér mjög vel og gaf mér blýant. Hann lét mig þó bíða mjög lengi og var mikið í símanum. Talaði þýsku og ensku við einhverja gúrúa í útlöndum en svo var ég þarna kominn, ungur Kópavogsbúi við fótskör meistarans, og það var enginn munur á því hvernig hann spjallaði við mig og gúrúana. Eftir stutt spjall bauð hann mér að koma aftur seinna. Ég reyndi nokkrum sinnum og talaði mikið við hann í síma. Ég held honum hafi fundist sniðugt að það væri unglingur sem var svona ákveðinn í að verða skáld. Ég meina, ég var með alpahúfu og allan pakkann."

Kristján Hreinsson skáld: „Ég held Laxness hafi fundist sniðugt að það væri unglingur sem var svona ákveðinn í að verða skáld. Ég meina, ég var með alpahúfu og allan pakkann."

Fékkstu uppbyggileg ráð frá körlunum?

„Laxness vildi meina að maður þyrfti að eiga góða að og vera vinnusamur. Hann lagði mikla áherslu á vinnusemina, að maður ætti að stunda rannsóknarvinnu af kappi og sitja við skriftir löngum stundum. Tómas Guðmundsson sagði aftur á móti að það væri aumt hlutskipti að vera skáld og réð mér frá því. Ég talaði oft við Gunnar Dal og ég sat marga klukkutíma heima hjá Thor. Hann sagði mér margt merkilegt, til dæmis það að því meira sem maður hendir því meira bitastætt verður eftir. Að maður á ekki að hætta fyrr en ritsmíðin er orðin fullkomin. Ég tók reyndar lítið mark á þessu fyrstu árin enda hafði ég lesið um dadaistana og þeir vildu meina að maður ætti að taka það sem andinn blæs manni í brjóst og ekki breyta neinu. Og ekkert hnuð með það, eins og Afi ullarsokkur myndi segja."

Gamla Ísland / Nýja Ísland

Afi ullarsokkur já. Nú er að koma út fimmta bókin um þann skondna karl, Dalur drauganna, og ég bið Kristján að segja mér frá þessum barnabókaflokki sínum.

„Þessar sögur eru byggðar á þeim atburðum sem gerðust þegar ég var stráklingur í Kópavoginum. Það er sótt í fullt af fólki. Fyrirmyndin að Afa er faðir minn heitinn og ýmsir aðrir einstaklingar sem ég hef litið upp til og það er engin launung að Baddi, sem er aðalsöguhetja líka í bókunum, er sóttur í mig sjálfan."

Fyrir hvaða aldur eru þessar bækur?

„Frá 5-6 ára til 12-13 ára, gæti ég trúað. Umfjöllunarefnin eru þessi ár, frá 1960–1970, og það er mikið af þjóðlegum fróðleik í bókunum. Það er komið að ýmsum kennileitum sem voru algjörlega ómissandi en eru á undanhaldi. Það er margt af gamla Íslandi sem er alveg að hverfa og ég veit ekki hvort maður á að fagna því eða gráta það. Í bókunum er ég að halda við minningu sem ég vil ekki að glatist og ég er harður á því að þetta á erindi við ungt fólk í dag. Og auðvitað er svo dularfullur lykill í sögunum."

Er nútíminn verri en fortíðin?

„Minningin er ofsalega fögur. Það er gott hlutskipti að geta hugsað um Kópavoginn þegar við vorum með dúfnakofa sem hét Hótel Casanova og sjá fyrir sér alla þessa karla sem kunnu að flaka og gera við bíla. Í endurminningunni eru ekki til nein vandamál, bara ofboðslega mikið af duglegu fólki og gríðarlega mikið af öllu sem gengur upp. Það er auðvelt að falla í þá gryfju að segja að heimurinn fari versnandi en það er ábyggilega margt sem hefur batnað."

Enginn teikar í dag

Það er dapurleg staðreynd að bráðlega verðum við síðasta kynslóðin sem man hvernig heimurinn var áður en netið kom til sögunnar.

„Einmitt. Ég var að lesa fyrir krakka um daginn og strákur úti í sal rétti upp hönd og spurði í framhaldi af atburðum í bókinni – en af hverju notuðuð þið ekki farsíma? Það er talað um að þetta sé auðveldari heimur í dag og það er vissulega meira framboð af öllu. Spurning samt hvort þetta sé betri heimur. Í gamla daga voru bílar í götunni hjá mér sem voru 30–40 ára gamlir. Í dag er hending að maður sjái tíu ára bíl. Það er öllu hent. Ef maður kaupir sér magnara eða fartölvu þá deyr hún nokkrum dögum eftir að ábyrgðin rennur út og það er ódýrara að fá sér nýja en að láta gera við. Í gamla daga var gert við allt. Það voru fleiri verkstæði og fólk kunni sjálft að gera við. Nýtnin var mikil, krukkur undan barnamat voru notaðar til að gera við olíuverkið í bílum."

Og svo var safnað fyrir öllu – ekkert keypt á lánum.

„Jú, jú, og það var líka mikil söfnunarárátta í gangi. Krakkar í götunni hjá mér voru að safna frímerkjum, leikaramyndum, sælgætisbréfum, sígarettupökkum og ég veit ekki hvað og hvað. Söfnunarkynslóðin er alveg að hverfa. Það safnar enginn neinu í dag nema einhverjir kverúlantar. Í dag þekkist ekki heldur að menn teiki og maður sér aldrei krakka niðri í fjöru að fleyta kerlingar. Krakkar vita ekki einu sinni hvað „teika" og „fleyta kerlingar" þýðir. Orðaforði þeirra sem ég ólst upp með var margfaldur á við krakka í dag."

En eru þau ekki betri í ensku en við vorum?

„Ég veit það ekki, maður lærði ensku á Kananum. Ungt fólk í dag hváir bara ef maður notar orð eins og „grandgæfilega", sem var algengt orð í gamla daga. Sama með „orðspor". Krakkar vita ekkert um hvað maður er að tala. Já, ertu að meina „goodwill", segja þau á endanum."

> „Ég held að það hafi verið skrýtið að sjá skeggjað og úfið Skerjafjarðarskáldið þarna í miðju hommagerinu."

Boðberi réttlætisins

Kristján er afkastamikill dægurlagatextagerðarmaður. Hann byrjaði ferilinn um 1980 með að gera texta fyrir Start, Friðryk og á sólóplötu Björgvins Gíslasonar og hefur verið að síðan. Hann hefur ekki hugmynd um hversu marga texta hann á á plötum, einhvers staðar á milli 500 og 1.000, skýtur hann á.

„Eins og ég segi þá er ég alltaf með mjög margt í gangi. Akkúrat núna er ég með einar þrjár skáldsögur í smíðum og vona að ein þeirra komi að minnsta kosti út á næsta ári. Á lager á ég fullt af leikritum, einar 6–8 barnabækur og einar fjórar fyrir fullorðna, sem ég hef ekki einu sinni reynt að koma í útgáfu. Núna í jólaplötuflóðinu á ég líklega um tuttugu texta, t.d. á plötum Ragga Bjarna og á jólaplötu Helgu Möller. Það eru færri textar en vanalega af því ég hrundi niður stigann, í fyrra held ég að ég hafi átt akkúrat 52 texta á plötum. Svo er að koma út vísnasafnið Vísa var það heillin. Þar eru vísur nánast frá fyrstu dögum ævi minnar og síðasta vísan var ort nokkrum dögum áður en bókin fór í prentun. Og svo er ég að taka saman bók um golfvísur sem kemur út næsta sumar."

Hafandi verið viðloðandi Eurovision síðustu ár – og það með nokkurri fyrirferð – er fjarvera þín í keppninni í ár áberandi. Bað þig enginn um texta?

„Jú, jú, það báðu mig margir en ég hafði ekki áhuga. Þetta er sérkennileg keppni og vekur sérkennilega athygli. Málið með Silvíu Nótt var að ég lagði einfaldlega fram stjórnsýslukæru af því enginn annar þorði að gera það. Allt þetta fólk sem stóð við bakið á mér á meðan ég setti stjórnsýslukæruna í fangið á útvarpsstjóra hvarf eins og dögg fyrir sólu þegar átti að fara að spyrja út í kæruna. Þá stóð ég bara einn eftir sem boðberi réttlætisins."

Fór þetta mál alveg með þig?

„Nei, ekki þannig, en þetta var leiðinlegt og tók á mig. Það er erfitt að vera boðberi réttlætis eins og umræðan er orðin á netinu – ekkert nema baknag og óhróður á kolröngum forsendum. Það eina sem ég var að gera var að reyna að komast að hinu rétta af því einhver réttlætiskennd kallaði á það. Reglum var breytt í miðri keppni og einum aðila var leyft að sveigja reglurnar að sínu höfði."

Ertu þá að vísa til þess að lagið hennar Silvíu Nætur hafði lekið á netið áður en það var frumsýnt?

„Já, fyrst og fremst það. Þetta er bannað, en það skipti svo engu máli þegar til kom. Það hefði verið einfalt að komast að því hver lak laginu á netið en okkur var sagt að það væri ekki hægt. Í fyrra átti ég svo texta við sirka einn þriðja af lögunum og eitt þeirra sigraði, það sem Eiríkur Hauksson söng. Við höfundur lagsins vorum búnir að ákveða að ég myndi semja enskan texta við lagið en síðan fer eitthvað ferli í gang, bæði uppi í sjónvarpi og hjá höfundi lagsins, og ég fæ bara þær fréttir að það sé búið að hætta við og annar texti verði notaður í staðinn. Það hefði eflaust átt að hlakka í mér þegar úrslitin lágu fyrir en ég vorkenndi þeim bara sem stóðu að þessu."

Þú misstir óneitanlega spón úr aski þínum, fékkst ekki að fara með til Finnlands eða neitt.

„Það var nú samið þannig við mig að ég missti í sjálfu sér engan spón úr aski. Svo var ég nýbúinn að vera í Finnlandi svo ég saknaði þess ekki einu sinni. Ég held líka að það hefði verið skrýtið að sjá skeggjað og úfið Skerjafjarðarskáldið þarna í miðju hommagerinu."

➜ KRISTJÁN HREINSSON … fylla í eyðurnar

Ef ég væri einvaldur heimsins myndi ég byrja á að… hætta að vera einvaldur.

Mesti lúxus sem ég veiti mér er tvímælalaust… að kaupa mat á Íslandi.

Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera fastur við… skáldagyðju. ætti hún að

Mesta svaðilförin sem ég hef lent í var… þegar ég kom í heiminn.

Ef ég ætti tímavél myndi ég stilla hana á… núið.

Mér gæti barasta ekki verið meira sama um… millasleikjur.

Ég er feginn að ég er ekki… framsóknarmaður.

Ef safnplata bestu laga minna kæmi út eftir minn… dag

Europris

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 20 um helgina

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Lágvöruverslunin þín!

STEP2

Hágæða leikföng

7990

SNYRTIBORÐ M/STÓL - STEP2

- 3ja ára og eldri

3990

MÓTORHJÓL - STEP2

- 2,5 árs og eldri
- Bleikt/grænt

6990

BÍLL - STEP2

- 2,5 árs og eldri
- Tune Cupe

6989

BORÐ - STEP2

- Hægt að leggja saman

12.590

ELDHÚSSETT - STEP2

- 2ja ára og eldri

5590

SKRIFBORÐ - STEP2

- 1,5 árs og eldri

5989

BÍLL - STEP2

- Fyrir 9 mánaða til 3ja ára
- Með handfangi

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

AFMÆLISBARN Knútur fagnaði árs afmælinu sínu með því að gæða sér á afmælistertu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

THOMAS DOERFLEIN OG KNÚTUR Tilviljun réð því að Doerflein gekk Knúti í móðurstað. Dýrahirðar skiptast á að hugsa um afkvæmi sem þurfa sérstaka athygli og í tilviki Knúts var röðin einfaldlega komin að Doerflein. NORDICPHOTOS/AFP

UPPRÉTTUR Eins árs gamall hefur Knútur laðað um tvær milljónir gesta að dýragarðinum í Berlín. NORDICPHOTOS/AFP

GERALD R. UHLICH FORSTJÓRI DÝRAGARÐSINS Segir Knúts-æðið hafa byrjað sama dag og byrjað var að sýna hann í dýragarðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Knútur eins árs

Eftir að hafa verið hafnað af móður sinni vann þýski ísbjarnarhúnninn **Knútur** hug og hjarta fólks úti um allan heim. Á eins árs ævi sinni hefur Knútur dregið um tvær milljónir manna að dýragarðinum í Berlín, hann skráður sem vörumerki, heit umræða skapast um að aflífa hann og fjölmiðlar háð baráttu fyrir lífi hans. *Sigríður Dögg Guðmundsdóttir* ræddi við forstjóra dýragarðsins sem hefur fylgst með stuttri en viðburðaríkri ævi Knúts.

Ísbjörninn Knútur fagnaði afmælinu sínu í vikunni í dýragarðinum í Berlín í Þýskalandi þar sem hann fæddist 5. desember fyrir einu ári. Óhætt er að segja að Knútur hafi fangað athygli umheimsins á þessu eina æviári sínu. Meðal annars var fjölmiðlaherferð hrundið af stað fyrir því að ekki ætti að aflífa Knút eftir að móðir hans afneitaði honum við fæðingu. Þá vakti náið samband hans og dýrahirðisins Thomas Dörflein mikla athygli. Gerald R. Uhlich, forstjóri dýragarðsins, telur þessar sérstöku aðstæður skýra heimsfrægðina sem Knútur öðlaðist.

Fárið hófst 23. mars

„Tilkynnt var um fæðingu Knúts líkt og gert er með allar fæðingar í dýragarðinum. Svo þegar hann var þriggja mánaða fékk þýsk sjónvarpsstöð að taka af honum myndir og þegar þær voru sýndar varð hann strax þekktur meðal almennings. Hinn 23. mars byrjuðum við að sýna hann í dýragarðinum og þann dag má segja að æðið hafi byrjað.“

Aðsókn í dýragarðinn næstu mánuði jókst um 50 prósent, að sögn Uhlich.

Rætt um að deyða Knút

Stjórnendur dýragarðsins gerðu sér grein fyrir að Knútur yrði hugsanlega frægari en önnur afkvæmi í dýragarðinum vegna þess að móðir hans hafnaði honum, að sögn Uhlich.

Þá hafi atvik sem átti sér stað í dýragarði í Leipzig sérstaklega ýtt undir athygli í garð Knúts. „Þar gerðist það að letibjarnarhúni var hafnað af móður sinni og stjórnandi dýragarðsins ákvað að drepa húninn. Ég hef enga hugmynd um af hverju hann ákvað það og ég skil það ekki. Eftir á gaf hann í skyn að húnninn gæti hafa verið veikur, þegar hann lenti í miklum vandræðum með dýraverndunarsamtök. Þetta varð til þess að dýraverndunarsinni sneri sér til tímaritsins Der Spiegel og í grein þar sagði hann að ef það hefði verið í lagi að drepa letibjarnarhúninn þá ætti með réttu einnig að drepa ísbjarnarhúninn Knút. Ég held að þetta hafi verið upphafspunkturinn af fárinu í kringum Knút.“

Herferð fyrir lífi Knúts

Uhlich segir stærsta dagblað Þýskalands, Bild Zeitung, hafa gert mikið úr þessum umræðum og hóf það herferð til að reyna að bjarga Knúti. „Þar sagði að þessi dýraverndurnarsinni vildi láta drepa Knút þó að það hafi aldrei verið hans hugmynd heldur var hann einungis að benda á að ef að það hafi verið rétt að drepa letibjarnarhúninn í Leipzig þá væri rétt að drepa Knút einnig á sömu forsendum. Hann var aldrei á þeirri skoðun að það ætti í raun að drepa Knút og dýraverndunarsamtökin myndu aldrei tala fyrir slíkri skoðun.“

Þetta varð það frægt mál í Þýskalandi að fjölmiðlar í öðrum löndum tóku við sér og fóru að veita Knúti athygli. „Það getur enginn lagt á ráðin um svona markaðssetningu.“

Knútur skráð vörumerki

Þegar ljóst var hve frægur Knútur var að verða ákváðu dýragarðsyfirvöld að grípa til ráðstafana. Uhlich segir að fyrsta daginn sem Knútur birtist fyrir augu almennings í dýragarðinum hafi 500 fjölmiðlamenn hvaðanæva að úr heiminum og myndatökumenn frá hundrað sjónvarpsstöðvum verið á staðnum. „Við höfðum aldrei séð neitt þessu líkt áður. Þarna varð mér ljóst hvað væri á seyði og að nauðsynlegt væri fyrir okkur að vernda okkar rétt. Þennan sama dag, 23. mars, skráðum við Knút sem vörumerki og er það í fyrsta skipti í sögu dýragarðsins sem við gerum slíkt. Síðan byrjuðum við að bjóða upp á ýmsan söluvarning merktan Knúti á borð við boli, póstkort, bangsa og margt fleira.“

Dýragarðurinn hóf einnig samstarf við þýska umhverfisráðuneytið um að gera Knút að ímynd umhverfisverndar og er Sigmar Gabriel umhverfisráðherra guðfaðir Knúts. Meginástæðan fyrir því var að sögn Uhlich sú að margir töldu að ímynd dýragarðsins væri að breytast yfir í að vera gróðafyrirtæki vegna velgengninnar í kringum Knút. „Þess vegna taldi ég að við þyrftum að setja ímyndina í umhverfisvænt samhengi. Verkefnið snýst aðallega um verndun svæða sem dýr lifa á í náttúrunni.“

TÝNDUR! Það er engu líkara en að Knútur sé að reyna að fela sig þar sem hann hallar sér upp að klettavegg og tekur fyrir augun. Þarna er hann sjö mánaða. NORDICPHOTOS/AF

Dýrahirðir í móður stað

Dýrahirðirinn Thomas Dörflein öðlaðist heimsfrægð samhliða Knúti vegna sambands þeirra. Segja má að hann hafi gengið honum í móðurstað eftir að móðir Knúts afneitaði honum við fæðingu. Afleiðing þess var sú að ekki var hægt að hafa Knút ásamt hinum ísbjörnum dýragarðsins þar sem móðirin var ekki lengur fær um að vernda hann fyrir hinum ísbjörnunum sökum áhugaleysis. Því má segja að Dörflein hafi gengið Knúti í móðurstað.

„Þar sem Knútur var einn á sýningarsvæði þar sem eru vatn og klettar þurfti Dörflein að vera með honum til að gæta hans. Áhorfendur höfðu unun af að fylgjast með þeim tveimur leika sér saman og þannig varð þetta samband svona frægt. Það áhugaverðasta við alla þessa sögu er sambandið milli Knúts og Dörflein að mínu mati.“ Í júlí var tilkynnt að Knútur og Dörflein myndu hætta að koma saman fram og í fjölmiðlum var ástæðan sögð sú að Knútur, sem var orðinn 70 kíló, væri orðinn of stór og að dýragarðurinn vildi ekki hætta á að hann réðist á Dörflein frammi fyrir áhorfendum.

Þetta segir Uhlich rangt. „Ástæðan var sú að margir töldu að við værum að reyna að hagnast á sambandi þeirra sem var alls ekki raunin. Þetta er enginn sirkus. Og Dörflein leikur enn við Knút baksviðs og getur líklega gert það í hálft ár í viðbót ef hann er varfærinn.“

Þarfnast samneytis við aðra

Spurður um framtíð Knúts segir Uhlich að hún sé enn óljós. „Við höfum ekki ákveðið hvort hann verður áfram í Berlín eða færður í annan dýragarð. Það er mjög mikilvægt að hann hafi samskipti við aðra ísbirni en við getum ekki sett hann í hóp ísbjarnanna hér þar sem móðir hans getur ekki varið hann en faðir hans gæti ráðist á hann og drepið. Því erum við núna að leita úti um allan heim að dýragarði sem hefur fáa litla ísbirni þar sem hann gæti verið með.“

„... ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“

Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins

„... **unaðsleg bók**.
Ég naut hvers einasta kafla
og skældi þegar ég lauk við hana ...
Hafi höfundur og útgáfa
innilega þökk fyrir góða bók.“

Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is

„... [Sigurður Pálsson]
hefur einmitt náð rétta tóninum
... allt fram sett þannig að maður
nýtur þess allan tímann.“

Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING 2007

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Myndi vilja búa með Mary Poppins

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: ELVA DÖGG MELSTEÐ

FÆÐINGARÁR: 1979

Á HUNDAVAÐI: Mjólkaði kýr og keyrði traktor svo árum skipti, eldabuska í eldhúsinu á Rúv, blaðamaður, fegurðardrottning (ótrúlegt en satt), fyrirsæta, bjölluspilari, lottókynnir, klarínettuleikari og kórsöngvari, framkvæmdastjóri í ljósmyndastúdíói MAGG.

Botnaðu: Ef ég væri áskrifandi að einu tímariti þá væri það... Living – Martha Stewart. Er nýbúin að uppgötva þvílíkur snillingur þessi kona er. Vogue, GQ og W fæ ég í vinnunni í hverjum mánuði.

Hvaða kæki ertu með? Ég naga neglurnar, alveg ferlegt. Svo er ég mikið með hendurnar í andlitinu almennt, sem er líka voðalega hallærislegt.

Því eldri sem ég verð því ... skynsamari, fegurri og reyndari verð ég.

Hvaða frasa ofnotar þú? Ó mæ god ...

Eftirlætisbragð: Súkkulaði.

Hvaða hlutir á heimili þínu eru í rauðum lit? Tveir stólar í stofunni, Tivoli-ferðaútvarpið og síðan slatti í fataskápnum.

Ef þú ættir að velja þér haus einhverrar frægrar manneskju til að setja á búkinn þinn – hvaða haus yrði fyrir valinu?
Ef ég veldi út frá fegurð yrði það franska leikkonan Audrey Tatou.

Hvernig heilsarðu? Fer algjörlega efitr aðstæðum og viðmælanda. Nánast alltaf sæll í tölvupósti en allur gangur á því í töluðu máli.

Hvaða sjö hluti leggurðu til í góða sumarbústaðaferð? Lambalæri, rauðvín, sundföt, Trivial Pursuit, nuddolíu, ullarsokka og iPodinn.

Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks? Útgeisluninni. Þetta óáþreifanlega ...

Ef þú yrðir að eyða 20.000 krónum næsta hálftímann – hvernig myndirðu eyða peningnum? Þrátt fyrir að ég væri alveg til í nýja skó myndi ég skutla peningunum inn á bankareikninga hjá góðgerðastofnunum fyrir jólin. Búum til betri heim ...

Hundur eða köttur? Hundur, þeir eru hressandi og draga mann út að labba sem er ekkert nema frábært.

Hvernig slappar þú af? Heima hjá mér, síðla kvölds með góða tónlist á. Tónlistin er yfirleitt lykilatriði.

Hvaða lag geturðu hlustað á aftur og aftur? Samkvæmt tölfræðinni í iTunes í tölvunni hlusta ég mest á Time After Time með Cindy Lauper. En ef ég hunsa tölfræðina er það Söknuður með Vilhjálmi Vilhjálmssyni. Ég er frekar mikil lumma þegar kemur að tónlist. Hún verður helst að vera nokkurra ára gömul svo ég hlusti á hana.

Ef þú uppgötvaðir nýja plánetu í sólkerfi okkar – hvað myndirðu nefna hana? Ég myndi leyfa Plútó að koma aftur. Aumingja Plútó veit ekkert hver staða sín í sólkerfinu er.

Hver er frægasti ættinginn þinn?
Get ekki gert upp á milli þeirra: Páll Óskar, Diddú og Mugison. Óskaplega stolt af þeim öllum.

Þú færð þér karakter úr kvikmynd til að búa með – hvaða persóna yrði það og af hverju yrði hún fyrir valinu? Mary Poppins. Það gefur augaleið, mig vantar barnapíu sem getur auk þess tekið til með einni handahreyfingu.

ELVA DÖGG MELSTEÐ, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Partí í næsta húsi og einkaþoturaðlendaáReykjavíkurflugvelli á öllum mögulegum og ómögulegum tímum.

Hvaða ljósmynd eða ljósmyndari hefur haft sterkustu áhrifin á þig? Ari Magg og Annie Leibovitz. Ari því með honum vinn ég dag hvern, þekki hann vel og persónulega og hef lært heilan helling af honum. Hann er snillingur. Annie fyrir bókina sína A Photographer´s Life. Mjög áhrifaríkar myndir, alveg þannig að maður grætur.

Hvað var það besta sem foreldar þínir gerðu fyrir þig? Að treysta mér og láta mig læra sjálfa af mistökunum. Það er eina leiðin til að læra.

Hvar myndir þú helst vilja búa ef þú gætir valið úr öllum heiminum? Fyrst og fremst á Íslandi en ég væri til í að eiga íbúðir eða hús á völdum stöðum í heiminum til að geta flúið íslenska rigningar- eða kuldamánuði. New York, París og Bahamaeyjar hljóma mjög vel í því samhengi.

Hvaða bók getur þú lesið aftur og aftur og aftur? Ég les Nýja húsið hans Barbapabba næstum á hverju kvöldi.

Hver er magnaðasta fyrirsæta heims að þínu mati? Kate Moss kemst upp með allan fjandann en heldur alltaf sínu striki, og það er út af fyrir sig alveg magnað.

Hvað er það erfiðasta við starfið þitt? Þegar maður finnur ekki réttu módelin fyrir tiltekin verkefni. Hljómar kannski léttvægt en getur verið alveg ferlegt ...

Mesta tískufyrirmyndin þín: Af goðsögnum utan úr heimi finnst mér Audrey Hepburn standa upp úr, alltaf. Svo óendanlega fallega klædd og elegant. Úr nútímanum finnst mér Kate Moss oft flott og svo er ég heppin að eiga vinkonur sem eru mjög inspírerandi á þessu sviði.

amb@frettabladid.is

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Axlapúðar. Ekki bara grafnir í gleymsku níunda áratugarins heldur rokkaðir og nútímalegir.

Gæludýr. Svo notalegt að eiga eitthvað til að strjúka yfir vetrartímann. Loðnir karlmenn duga líka alveg.

Skreyttar skrifstofur. Jólatré í hverju horni og arineld varpað á vegginn. Hó, hó, hó, jólin eru að koma!

Manngæska. Poppaðu upp hátíðarnar með því að bjóða róna í mat. Orðtækið „enginn veit hvar hann dansar næstu jól“ var ekki fundið upp að ástæðulausu.

Guðni Ágústsson. Bókin rokselst og hann kemur út sem maðurinn sem missteig sig aldrei. Hann er líka svo jólalegur eitthvað.

■ Á niðurleið

Predikun um ekkert stress. Ekkert meira stressandi en eilífur boðskapur um að maður eigi að slappa af í desember.

Kærleikur og áfengi. Ekki blanda þessum tveimur hlutum saman í desember. Ekki segja náunganum að þú elskir hann á fjórða jólaglöggsglasi.

Heroes. Þessi þáttur var frábær í vor en er að drepa mann úr leiðindum núna þegar hann er bara endurtekning á síðustu seríu.

Tölvusímar. Drápu endanlega öll samskipti. Nú er fólk ekki bara að svara SMS-um endalaust heldur tékka á hverjum ruslpósti sem dettur inn.

Flottræfilsháttur. Meira að segja ríka fólkið er farið að finna fyrir aðþrengingu í fjármálum.

TOYOTA

TOYOTA HYBRID

TÆKNIBYLTING

Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Perlunni í dag og næstu daga. Opið frá 10-22 alla daga.

Islandus.com kynnir ***Toyota Highlander*** *og* ***Toyota Camry*** *með nýrri umhverfisvænni* ***HYBRID*** *tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!*

Toyota Highlander - 7,5 á hundraðið 280 hestöfl!
Toyota Camry - 5,8 á hundraðið 187 hestöfl!

KOMDU
í ***PERLUNA*** *í dag og þú gætir fengið* ***GARMIN GPS*** *tæki að gjöf*

TOYOTA Camry

HYBRID bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir benzín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju tækni og hafa verksmiðjurnar m.a. tilkynnt að á næsta ári verði hætt framleiðslu Toyota Landcruiser vegna of mikillar eldsneytisneyðslu og mengunar. Á hverju ári þeim bílum sem verksmiðjan býður uppá með nýju umhverfisvænu **HYBRID** tækninni. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel.

islandus.com

www.islandus.com - Sími 552 2000

„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur“
Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri

ego dekor

DIVANY

Borðstofuskenkur
Stærð: 180x50xH:85
Verð: 124.000,-

Borðstofuborð – hvítt háglans
Stærð: 200x100
Verð: 98.000,-

Quant skápur
stærð: 100cmX40cmX105cm
Einnig fáanlegur í háglans svörtu, rauðu og brúnu.
Verð: 77.000,-

Borðstofuskenkur
Stærð: 180x50xH:85
Verð: 124.000,-
Einnig fáanlegur í stærð: 240x50xH85
Verð: 168.000,-
Fáanlegir í svörtu og hvítu háglans

HOMEFEELING

Pink Dream tungusófi
Stærð: 360X150XTungubr:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-

Austria tungusófi
Stærð: 333X200XTungubr:112
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 188.000,-

Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305x220
Einnig fáanlegur í svörtu og hvítu leðri.
Verð: 249.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

ego dekor

COMO

Skápasamstæða
Stærð: 305x57xH:202
Háglans hvítt – tekk
Verð: 244.000,-

Einnig fáanlegt:
Sprautað svart gler - vengi
Sprautað svart gler - eik

Rio stóll
Fáanlegur í brúnum, rauður og fjólubláum lit
Verð: 14.800,-

Piano borðstofuborð
Stærð: 220x100 og 138x138
Verð frá: 79.000,-

Borðstofuskenkur
– hnota/hvítt lakkað
Br:170
Verð: 95.000,-

Leðurhægindastóll
Fáanlegur í svörtu
og brúnu leðri
Verð: 58.000,-

Zen leðurstóll
Verð: 16.500,-
Einnig fáanlegur í svörtu
og brúnu leðri

VIP leðurstóll
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri
Verð: 15.800,-

JÓLATILBOÐ

Havana leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og brúnu leðri

3+1+1
Verð áður: 253.000,-
-25%
Tilboðsverð: 189.750,-

3+2
Verð áður: 238.000,-
-25%
Tilboðsverð: 178.500,-

Palma leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Stærð: 250x175
Verð áður: 195.000,-
-20%
Tilboðsverð: 156.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Fjarlægjast landið

Þeir leggjast á árarnar og fjarlægjast landið. Það getur verið sárt að fjarlægjast land, það er eins og maður rói í átt að einsemdinni. Strákurinn horfir á fjöllin minnka, þau virðast sökkva í hafið. Fjöllin ógna okkur þegar við erum í landi, safna að sér illviðrum, drepa manneskjur með grjótkasti, þurrka út bæi með snjóflóðum og aurskriðum, en fjöllin eru líka verndandi lófi, þau fóstra okkur og halda utan um bátana inni á fjörðunum, en ekkert verndar sjómenn sem róa langt, nema bænin og hugvitið.
Jón Kalman Stefánsson: Himnaríki og helvíti (2007)

Allir þessir aðilar

Elsta dæmi um no. aðili í í ritmáli er frá síðari hluta 18du aldar. Orðið merkir að eiga aðild að einhverju, vera þátttakandi. svo sem aðilar vinnumarkaðarins. Einnig er talað um opinbera aðila, þ.e. ríki og sveitarfélög og embættismenn þeirra og stofnanir. En nú er þetta orð svo ofnotað, einkum í fleirtölu, að það er orðið hrein plága, og ýtir burt góðum og gildum og einföldum orðum. Hér koma nokkrir „aðilar“ sem ég hef rekist á nýverið:

byggingaraðilar (byggjendur), framkvæmdaraðilar (framkvæmendur), flutningsaðilar (flytjendur), deiluaðilar (deilendur), samningsaðilar (semjendur), samstarfsaðilar (samstarfsmenn), sóknaraðilar (sækjendur), söluaðilar (seljendur), varnaraðilar (verjendur), umsjónaraðilar (umsjónarmenn). Er þessi „aðilaárátta“ orðfærissmit eða partur af fáyrðistísku?

Margt og mikið

Áður hefur verið minnst á muninn á notkun orðanna margt og mikið. Ungur lærði ég þá einföldu reglu að margt væri haft um það sem telja má, en mikið um magn. Því blöskraði mér nýverið þegar ég heyrði talað í útvarpi um „mikið af bönkum“ og í sjónvarpsþætti um „mikið af spurningum“.

Álver í uppnámi?

Að vera í uppnámi er að vera í mikilli geðshræringu (þessi athugasemd kemur honum í uppnám) eða í vandræðum (málið er í uppnámi). En skrítið er að heyra það sagt um álver (Ekkert bendir til þess að álver þar sé í uppnámi (Stöð 2, 15.11.)). Í sama fréttatíma var rætt um mann sem tók sitt eigið líf (aulaþýðing úr ensku: took his own life). Við tölum um að svipta sig lífi. Þá var þar einnig sagt að fara fram úr hávaðatoppnum (vegna hávaða í leikskólum) og er furðu smekklaust.

Ganga göng vel?

„Héðinsfjarðargöng ganga vel“ segir í fyrirsögn í 24 stundum 24. nóv. og er auðvitað ekki rökrétt. Þarna er væntanlega átt við að vinnan við göngin gangi vel, en göngin ganga varla langt sjálf.

Braghenda

Hvað finnst þér um hugarástand
heillar þjóðar,
er sér lætur einlægt bjóða
afglöp sinna verstu slóða?

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir ...

... hrekkjalóma

Vífill Atlason, 16 ára framhaldsskólanemi á Skaganum, var á allra vörum undir lok vikunnar eftir að honum tókst að panta símaviðtal við George Bush Bandaríkjaforseta. Vífill þóttist vera forseti Íslands og minnstu munaði að hann fengi áheyrn hjá valdamesta manni heims. Í Bandaríkjunum er þetta vitaskuld litið alvarlegum augum en hérlendis hlæja allir að uppátækinu og fagna áræðni Vífils og félaga.

... ungan forstjóra

Hinn 29 ára Jón Sigurðsson fékk stöðuhækkun í vikunni og var gerður að forstjóra FL Group. Þeir eru ekki margir sem komist hafa jafn hratt upp metorðastigann, en forstjórinn ungi þykir hafa alla burði til að standa sig. Hann ætti nú sömuleiðis að slá flesta jafnaldra sína út hvað laun varðar. Sem aðstoðarforstjóri var Jón með fjórtán milljónir á mánuði í fyrra. Sú upphæð lækkar alla vega ekki þegar hann er orðinn forstjóri.

... ástfanginn fegurðarkóng

Keflvíkingurinn Ólafur Geir Jónsson baðst afsökunar á gerðum sínum og bað kærustu sína fyrirgefningar á bloggi sínu í vikunni. Ástarjátning Ólafs fór víða í netheimum og hluti hennar birtist hér í Fréttablaðinu. Einlægni Ólafs virðist hafa virkað því í gær mátti lesa um það í 24 stundum að kærastan hefði tekið aftur við honum.

Slæm vika fyrir ...

... einkaþotuforstjóra

Ólíklegt verður að teljast að Hannes Smárason verði í sama hlutverki í Áramótaskaupi Sjónvarpsins í ár og í fyrra. Þá var upplegg-ið að allir ættu að vera eða vildu vera eins og hann. Hrun á gengi hlutabréfa í FL Group og innkoma Baugs í vikunni hafa algjörlega sett Hannes út af sakramentinu. Spurning hvort hann ferðast áfram á einkaþotum hér eftir?

... íslenska menntakerfið

Íslendingar eru fyrir neðan meðaltal þjóða í Pisa-könnuninni. Unglingum okkar fer aftur í lestri og stærðfræði og þannig hefur þróunin verið frá aldamótum. Menntamálaráðherra heitir að sjálfsögðu úrbótum. Við bíðum spennt eftir þeim.

... stolta Íslendinga

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri voru meðal þeirra íslensku framámanna sem „teknir“ voru í vikunni. Norsk sjónvarpskona, eins konar Silvía Nótt þeirra Norðmanna, plataði þá í viðtal á þeim forsendum að nú væri orðið betra að búa á Íslandi en í öðrum löndum. Þjóðarstoltið kitlaði okkar menn en þeir hafa væntanlega dauðséð eftir þessu öllu saman. Enda sjónvarpskonan afar fær í að láta jafnvel klárustu menn líta kjánalega út.

HELGARKROSSGÁTAN

MP & BH 94	SKORDÝR	ALÞÝÐU		ELDFLAUG	SIGAÐ	ÞUSA	SPYRJA									
BRASKARI																
BOR			LOFT-TEGUND													
UMORÐUN / SVÍKJA								SKARÐ	SÝNISHORN	UNGUR FUGL	↓					
↓	HREYFING	KASTHJÓL	TITILL						LÍFFÆRI / MASSA-EINING				1			
GETA				4	TIGNA / GRIMMUR						HLÝJA / HRÓPA					
STARF			FUGL				RYKKORN / NAFN-BÆTUR			RANGT / UNG						
	MÆLI-EINING / NÝLEGA					DÁ / HLJÓTA						ÖGN / SLÉTTAST				
DREIFT			ILLGRESI / GUMS					LINA / UMFANG							FRUMEFNI	
ÁGÆTIS				GET-RAUNUM / RÁNDÝR		2				GUÐ / ÞRÍ			BÓKSTAFUR / GYLTA			
ÁTT		TEMJA				Í RÖÐ / LÍTIL BLÝKÚLA			ÓVISS Í TALI / SAMTALS							HLJÓÐFÆRI
FJALLS-TINDUR					VERKFÆRI / GOGG						EKKERT / BAR AÐ GARÐI			3		
			LÍÐA VEL				SVIPAÐ / TVEIR EINS						TVEIR EINS / GOLF ÁHALD			
										MJÓLKUR-AFURÐ						
			VEIÐI					SAMTÍÐIS								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

VIÐ GEFUM JÓLAGJAFIR MEÐ FARSÍMUM!

Sony Ericsson T250i
12.990 kr.
1.482 kr. á mánuði*

Motorola V3 RAZR
15.990 kr.
1.766 kr. á mánuði*

Nokia 6085
14.990 kr.
1.672 kr. á mánuði*

Við gefum pakka með öllum símum

Kauptu GSM síma í Farsímalagernum á einstöku verði og bílhleðslutæki með á 990 kr.
Þá færðu ókeypis einhverja af þessum jólagjöfum:

Hársléttunarjárn
Babyliss Beliss Ceramic hárblásari og sléttujárn í sama tækinu. - Þú þurrkar og sléttar hárið á sama tíma.
Verðmæti: 5990 kr.

Fjarstýrð þyrla
Leikfangaþyrla fyrir hressa krakka á öllum aldri.
Verðmæti: 3399 kr.

Kælitaska með útvarpi
Kælitaska með utanáliggjandi útvarpi og tengi fyrir iPod spilara.
Verðmæti: 4990 kr.

Inneign á 100 stafrænar framkallanir
HANS PETERSEN

100 framkallanir
Með þessari inneign verða minningarnar lifandi.
Frábært tilboð.
Verðmæti: 3100 kr.

Bluetooth í bílinn
Nettur og handhægur en um leið öflugur Bluetooth búnaður sem hentar í flesta síma.
Verðmæti: 6990 kr.

\+ SKO **10.000 kr. GSM inneign hjá SKO**
(með númeraflutningi til **SKO** og 6 mánaða bindingu)



*Meðalgreiðsluupphæð miðuð við 12 mánaða kreditkorta-raðgreiðslusamning (19. nóv. 2007).

Farsímalagerinn.is

Kynntu þér tækjatryggingu TM

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR

Fjörður Hafnarfirði - Bankastræti 4 - Laugavegur 178 - Miðhraun Garðabæ - Kringlan - www.farsimalagerinn.is - s: 412 1800

Ástin og kynlífið

Áleitin og angurvær Reykjavíkursaga um gráa fiðringinn, vændi og draumana sem rætast ekki.

„Annað sem verður svo sláandi við lestur Hliðarspors er hið gráa svæði á milli siðlegra og ósiðlegra hluta. Hvenær eru menn örugglega komnir yfir á hvítan eða svartan reit?“ – *andriki.is*

Kraftmikil skáldævisaga

Afar lifandi myndir frá litríkum æskuárum í Keflavík. Bókin er skrifuð af miklum krafti, atburðarásin er hröð og textinn geislar af frásagnargleði.

Fyrsta flokks grín!

Tilvitnanir í heimsþekkta húmorista frá Shakespeare til okkar daga. Þorsteinn Eggertsson tók saman.

Bók sem grípa má til við öll tækifæri!

Ný söngbók Gunnars

Árið 2005 kom út bók með 40 vinsælum lögum Gunnar Þórðarsonar og seldist fyrsta prentun upp á skömmum tíma. Nú hefur Gunnar valið 40 lög til viðbótar og birtast þau í þessari bók.



Bók fyrir alla tónlistarmenn!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Bush og brjóstamjólkin

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR SKEMMTIR SÉR YFIR HREKKJUM ANNARRA

Hrekkjalómar hafa látið töluvert að sér kveða undanfarið. Skemmst er að minnast sextán ára Skagamanns sem hringdi í Hvíta húsið, kynnti sig sem Ólaf Ragnar Grímsson forseta Íslands og vildi fá viðtal við Bush. Hann lét ekki staðar numið þar og sendi vin sinn í viðtal á Stöð 2 í stað þess að mæta sjálfur. Vinurinn lét dæluna ganga í aðalfréttatíma stöðvarinnar undir nafninu „Vífill Atlason“ en hét auðvitað eitthvað allt annað. Skömmu áður birtist hér í Fréttablaðinu frétt af hópi vina þar sem hver hrekkir annan sér til skemmtunar. Í nýjasta tilfellinu auglýsti einn frosna brjóstamjólk í hálfslítra flöskum til sölu á Barnalandi. Lúxusvaran átti að kosta 1.000 krónur flaskan og undir kvittaði Bergþóra. Meðfylgjandi símanúmer var hins vegar í eigu Bergþórs, vinar hrekkjalómsins, sem fékk fjölmörg símtöl frá hneyksluðum mæðrum.

Mér finnst hrekkir oft fyndnari eftir því sem lengra er gengið þótt línan sé vissulega hárfín. „Forsetamálið“ finnst mér til dæmis meinfyndið. Það hefði náttúrlega verið ennþá fyndnara ef Bush hefði hringt um kvöldmatarleytið á mánudag til þess að spjalla við sextán ára sölumann hjá Hive um heimsmálin. Ég kann að meta það þegar menn leggja metnað í hrekki sína og hugsa fyrir öllu. Fyrrnefndur hrekkjavinahópur stal til dæmis stýri úr bíl félaga síns. Þeir unnu heimavinnuna sína, komust að því hvernig þeir gætu komist inn í læstan bílinn án þess að skilja eftir ummerki og fengu vinnuveitanda fórnarlambsins með sér í lið. Ég vildi óska þess að ég byggi sjálf yfir stórkostlegu hugmyndaflugi þegar kemur að hrekkjum en svo er ekki. Eiginlega er það svo átakanlega lélegt að við vinkonurnar gerðum nánast alltaf sams konar símaat. Það fólst í því að hringja í bændur og spyrja: „Er Skjalda á bás 4 við?“ Svo engdumst við um af hlátri burtséð frá því hvert svarið var. Mér til varnar vorum við tólf ára og ég hef látið aðra um símahrekkina síðan þetta var.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Wii er komin
í allar verslanir
Skífunnar

Skifulán
í boði

iPod er kominn
í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.

Skifulán
í boði

Á heima í Skífunni
á betra verði

S·K·Í·F·A·N

Tónaflóð í dag

Mikið er sungið og leikið í dag landsmönnum til gleði og dásemdar. Nú um helgina er komið að lokum Jólatónlistarhátíðar Hallgrímskirkju. Stærsti viðburðurinn er fimmtán ára afmæli Klais-orgelsins, sem var vígt 13. desember 1992, og er afmælisins minnst með því að fjöldi kóra og organista (rúmlega 200 flytjendur) flytur samfellda dagskrá í kirkjunni með orgelinu laugardaginn 8. desember frá kl. 12-17. Allir flytjendur gefa vinnu sína og er aðgangur ókeypis, en safnað verður til Hjálparstarfs kirkjunnar, sem nú er með aðventusöfnun sína.

HALLGRÍMSKIRKJA

Hefst dagskráin í dag á hádegi með kynningu á orgelinu en kl. 12.30 munu Hörður Áskelsson og Hljómskálakvintettinn leika á klukkuspil og lúðra í Hallgrímskirkjuturninum. Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar leiðir söng og flytur jólatónlist kl. 13 en Björn Steinar Sólbergsson leikur undir á orgel. Hann heldur áfram orgelslætti kl. 13.30 en kl. 14 taka Drengjakór Hallgrímskirkju og félagar úr Karlakór Reykjavíkur við undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar og flytja jólatónlist. Lenka Mateova leikur á orgel.

Hörður Áskelsson leikur orgelverk samin fyrir Klais-orgelið eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Hlöðver Áskelsson og Kjell Mörk Karlsen kl. 14.30. Söngsveitin Fílharmonía undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar leiðir sönginn kl. 15 og flytur jólatónlist, Steingrímur Þórhallsson leikur á orgelið.

Áfram heldur dagskráin það sem eftir lifir dags til kl. 17: Kvennakór við Háskóla Íslands flytur jólalög meðal annars úr Söngvasveig eftir Benjamin Britten undir stjórn Margrétar Bóasdóttur, Hafdís Huld syngur og dagskránni lýkur Guðný Einarsdóttir með jóla- og aðventutónlist eftir Johann Sebastian Bach og Dietrich Buxtehude en 300 ára ártíðar hans er minnst á þessu ári.

Árvissir tónleikar Blásarakvintetts Reykjavíkur og félaga undir heitinu „Kvöldlokkur á jólaföstu“ verða haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík í dag kl. 17. Á efnisskránni eru að venju hljómfagrar blásaraserenöður frá klassíska tímabilinu.

- pbb

Læti í Bókmenntafélaginu

Hið íslenzka bókmenntafélag er ekki beint sprellandi félagsskapur í vitund manna enda öldungur á íslenska vísu: af því eru þó alltaf fréttir. Það er síungt: Það heldur í dag aðalfund í Bókasal Þjóðmenningarhússins kl. 13.30. Að loknum aðalfundarstörfum flytur Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur fyrirlestur mættum til skemmtunar sem hann nefnir Grasaferðalok. „Mönnum finnst ef til vill nóg komið um Jónas Hallgrímsson,“ segir Sigurður Líndal forseti Bókmenntafélagsins, „en hann vann nú fyrir okkur í þrjú ár.“

Allt frá því að „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar birtist upphaflega í Fjölni árið 1847 hefur mátt deila um hvort sagan sé „brot“, svo vitnað sé til undirtitilsins sem Konráð Gíslason gaf henni þar, eða úthugsuð smásaga þroskaðs höfundar. Þeir sem aðhyllast fyrrnefnda viðhorfið benda meðal annars á að sögunni ljúki í miðjum klíðum; hvorki fáist skýring á því hvaða dularfulla vera birtist fyrir ofan frændsystkinin á grasafjallinu í lok sögu né hvort þau eigi afturkvæmt til byggða. Í fyrirlestri sínum „Grasaferðalok“, mun Jón Karl Helgason nálgast þetta álitamál frá nokkrum ólíkum sjónarhólum. Mun hann meðal annars ræða smásögu eftir Torfhildi Hólm sem tekur upp þráðinn frá Jónasi og botnar „Grasaferð“ í anda kvenfrelsiskenninga Johns Stuarts Mill.

Jónas Hallgrímsson er fyrst skráður á félagatal Hafnardeildar Hins íslenzka bókmenntafélags árið 1834. Gerðist hann fljótlega mjög virkur félagsmaður, ritstýrði hann Skírni árið 1836 ásamt Konráði Gíslasyni vini sínum. Hann átti tillögu um söfnun gagna um Ísland sem yrðu stofn að Íslandslýsingu sem hann átti síðar eftir að vinna að. Þá aðstoðaði Jónas við útgáfu Íslandskorts Björns Gunnlaugssonar sem kom út á vegum félagsins á árunum 1845-1849 sem var honum drjúg stoð við Íslandsferðir hans sjálfs. Í apríl 1842 var ákveðið að bjóða Jónasi 200 ríkisdala árleg laun – raunar kallaður styrkur – til að vinna að samningu Íslandslýsingarinnar og vann hann síðan að verkinu á vegum félagsins næstu þrjú ár, eða til æviloka. En það sóttist seint af ýmsum ástæðum og var aldrei lokið. Eftir lát Jónasar 26. maí 1845 voru gögn, sem safnað hafði verið til Íslandslýsingarinnar og voru í fórum hans, afhent félaginu. Árið 1847 gaf félagið svo út ljóðmæli hans og síðan aftur ásamt öðrum ritum árið 1883. Bókmenntafélagið er eina stofnunin hér á landi sem enn starfar og Jónas Hallgrímsson vann fyrir og var nátengdur.

Það er því vel við hæfi að hausthefti Skírnis, óvenju efnismikið að þessu sinni, sé heiðrað minningu Tómasar Sæmundssonar og Jónasar Hallgrímssonar, en í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu þeirra félaga sem í skrifum sínum og störfum sameinuðu áhuga á bókmenntum, náttúru, stjórnmálum og íslenskri sem erlendri menningu. Er tímamótanna minnst með nokkrum greinum í heftinu: Sigurður Líndal varpar nýju og óvæntu ljósi á ágreining Tómasar Sæmundssonar og Jóns Sigurðssonar um leiðir í sjálfstæðisbaráttunni, en Guðmundur Hálfdanarson skoðar menningarlega þjóðernishyggju Fjölnismanna með gagnrýnum hætti. Páll Valsson freistar þess að tengja hugsun Jónasar við kappræðuefni samtímans í grein í Skírnismálum og þá ræðir Sveinn Yngvi Egilsson náttúrusýn Jónasar eins og hún birtist í kveðskap hans.

Af öðrum stærri greinum má nefna umfjöllun Jóns Sigurðssonar um stöðu Íslands á tímum hnattvæðingar og grein eftir Magnús Þór Snæbjörnsson um Draumaland Andra Snæs Magnasonar sem hann leggur undir gler út frá kenningum heimspekingsins Slavojs Zizek. Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, skrifar um kreppu háskóla og kjarna háskólastarfs. Tvær greinar eru um bókmenntir í hausthefti Skírnis: Kristín Unnsteinsdóttir segir frá fjórum sagnakonum úr Fljótshlíð og Jóhann Páll Árnason skrifar um Oswald Spengler í Alþýðubók Halldórs Laxness. Þau Sjón, Þórdís Björnsdóttir og Vésteinn Lúðvíksson eiga frumsamið bókmenntaefni í heftinu, en Úlfhildur Dagsdóttir og Susanne Lettow skrifa ritdóma. Myndlistarmaður Skírnis að þessu sinni er Matthew Barney en Ólafur Gíslason ritar forvitnilega grein þar sem raktir eru þræðir milli kvikmyndar Barneys, Drawing Restraint 9, og ítalskra endurreisnarbókmennta. Í listum er sérhver hlekkur við annan áfastur rétt eins og í samfélagi þjóðanna, svo notað sé orðalag Tómasar Sæmundssonar.

Skírnir er 275 blaðsíður að stærð. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson en útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag.

- pbb

MENNING Jón Karl Helgason skemmtir mönnum á aðalfundi Bókmenntafélagsins í dag.

★★★★★

MARGVERÐLAUNUÐ METSÖLUBÓK

„Erfitt að ímynda sér betri leiðsögubók um vísindin“

The Guardian

Hér reynir Bill Bryson að skilja allt sem hefur gerst í alheiminum frá Miklahvelli til fæðingar siðmenningarinnar – hvernig við þróuðumst úr engu í það sem við erum nú. Í bókinni fer Bryson með lesandann í ferðalag um tíma og rúm og opnar með einstökum hætti augu hans fyrir veröldinni.

„Bill Bryson hefur einstaka hæfileika til að útskýra vísindin á líflegan hátt.“

Sunday Telegraph

„Bryson fer með þekkingu sína af öryggi og kryddar hana með fjölda mjög góðra brandara.“

Daily Mail



„Bill Bryson er snillingur í að útskýra mjög torskilið efni á einstaklega ljósan hátt.“

Mail on Sunday

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Vínartónleikar

Það er hefð hjá mörgum að byrja árið með hátíðarbrag á Vínartónleikum Sinfóníunnar. Þó er vissara að hafa hraðar hendur ef fólk vill tryggja sér miða á þessa sívinsælu tónleika, því þegar nær dregur tónleikadagsetningum verða þeir ófáanlegir.

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **3. JANÚAR** KL. 19.30 NOKKUR SÆTI LAUS

TÓNLEIKAR UTAN RAÐA Í HÁSKÓLABÍÓI
FÖSTUDAGINN **4. JANÚAR** KL. 19.30 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **5. JANÚAR** KL. 17.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **5. JANÚAR** KL. 21.00 LAUS SÆTI

Hljómsveitarstjóri ::: Ernst Kovacic
Einsöngvari ::: Auður Gunnarsdóttir

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

Bó syngur inn jólin

Björgvin Halldórsson æfði sig í Laugardalshöllinni í gær en hann heldur tvenna jólatónleika í Laugardalshöllinni í dag. Þeir fyrstu hefjast klukkan fjögur en þeir seinni klukkan átta en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er fyrir löngu orðið uppselt. Þriðju tónleikarnir verða síðan á morgun og er einnig uppselt á þá fyrir löngu. Bó nýtur liðsinnis góðra gesta en meðal þeirra sem koma fram eru Svala Björgvinsdóttir og Garðar Thor Cortes.

Allt kapp verður lagt á að hafa umgjörðina sem flottasta og áhorfendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að missa af einhverju enda verður öllu sem fram fer á sviðinu varpað á tvö risastór tjöld. Djasstríó, skipað þeim Sigurði Flosasyni, Birni Thoroddsen og Jóni Rafnssyni, tekur á móti prúðbúnum gestum, seldar verða piparkökur og heitt kakó til að ná fram réttu stemningunni og alls verða sextíu jólatré, skreytt í öllum regnbogans litum. **- fgg**

FRÁ ÆFINGU Björgvin Halldórsson tók létta æfingu í gær fyrir jólatónleikana sem verða í kvöld í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kyrjurnar

Jólatónleikar Kyrjanna

Árlegir jólatónleikar Kyrjanna verða laugardaginn 8. desember nk. kl. 17:00 í Fella- og Hólakirkju. Yfirskrift jólatónleikarnna í ár er ***„Sú vonanna sól, verði stjarnan um jól.“ - innlend og erlend jólalög.*** Stjórnandi Kyrjanna er Sigurbjörg Hv. Magnúsdóttir og píanóleikari kórsins er Halldóra Aradóttir einnig spilar Agla Eir Sveinsdóttir á þverflautu.

Miðasala við inngangin og er miðaverð kr. 2.000

JÓLIN KOMA Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins hefst á morgun.

Jóla hvað?

Alltaf er nóg um að vera í Þjóðminjasafni Íslands og desember er einn viðburðaríkasti mánuður ársins. Jóladagskráin hefst á morgun kl. 14 með opnun jólasýningarinnar Sérkenni sveinanna. Á sýningunni er sett upp lítið jólahús með alls konar forvitnilegum gripum sem tengjast jólasveinunum. Þar eru til dæmis askur fyrir Askasleiki, hrossabjúga handa Bjúgnakræki og skyr handa Skyrgámi. Börnin mega handleika gripina að vild og fá þannig tækifæri til að kynnast jólasveinunum og átta sig á því hvað hin skrýtnu þjóðlegu nöfn þeirra þýða.

Gryla og Leppalúði koma í heimsókn og segja frá sonum sínum, jólasveinunum. Heiða í Unun syngur ljúflega með börnunum og Guðni Franzson kemur fram sem Hermes.

Fjölskyldur geta svo reynt hina sígildu ratleiki Þjóðminjasafnsins. Jólaleikurinn heitir Hvar er jólakötturinn? og snýst um að finna litla jólaketti sem hafa verið faldir innan um safngripina. Fleiri fjölskylduleikir eru í boði.

Þetta er þó aðeins upphafið á líflegri jóladagskrá Þjóðminjasafnsins því líka er hægt að fá að hitta jólasveinana sjálfa. Sá fyrsti kemur af fjöllum miðvikudaginn 12. desember og mætir klukkan 11 í safnið. Síðan þramma þeir til byggða einn af öðrum, heilsa upp á börnin og kræka í það sem þá langar í. Þeir koma í Þjóðminjasafnið klukkan 11 á hverjum morgni fram að jólum og verður jafnvel opið á sjálfan aðfangadag milli 11 og 12 til að taka á móti þeim síðasta, Kertasníki. - pbb

Á aðventu

Karlakór Reykjavíkur
í Hallgrímskirkju

laugardaginn 15. desember kl. 17.00 og 21.00

sunnudaginn 16. desember kl.17.00 og 20.00

Einsöngvarar: Ásgeir Eiríksson og Sveinn Dúa Hjörleifsson

Organisti: Lenka Mateova

Trompetleikarar: Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Miðasala er á heimasíðu kórsins: *karlakorreykjavikur.is*
Eymundsson: Austurstræti, Smáralind og Kringlunni (Penninn)

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

TÓNLIST OG TÍSKA Það verður fjör á Laugaveginum í dag þegar hátískubúðin **KronKron** heldur upp á opnun heimasíðnanna www.kron.is og www.kronkron.com. Hljómsveitin vinsæla **Sometime** mun svo koma og gleðja gesti með skemmtilegum tónum klukkan 15. Verslunin er á Laugavegi 63b.

stíll

utlit@frettabladid.is

Ofurskvísulega ökklaskó frá franska tískuhúsinu Sonia Rykiel. Trés chic! Fást í KronKron, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

Hlýja kanínuhanska. Hver segir að maður eigi að vera púkalegur í kuldanum? Frá Sand, Kringlunni.

Jólakortin í ár eru frá hönnuðinum Hildi Yeoman og eru ótrúlega smart. Fást í KronKron.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Rósrauður vetrarbjarmi

Íslensk veðrátta getur farið skelfilega með húðina, sérstaklega á veturna þegar skiptast á rigning og raki og frost og þurrt loft. Vetrarhúð á þó að geta verið einstaklega falleg, og um að gera að splæsa í fallegan rósrauðan kinnalit til að líta út eins og rússnesk ævintýraprinsessa. En hvað er besta leiðin til að vernda húðina á þessum árstíma? Vaidya Rama Kant Mishra er nýjasti heilsugúrúinn vestanhafs og aðhyllist hin indversku „ayurveda“-fræði sem snúast um jafnvægi á líkama og sál. Hún varar við því að hafa of mikinn hita á ofnum innandyra en mælir með því að nota loftrakatæki til þess að fyrirbyggja að húðin skrælni. Einnig mælir hún ekki með mjög heitu baðvatni heldur bara mátulega volgu og að fara í sturtu í mesta lagi einu sinni á dag til þess að halda raka í húðinni. „Húðin er mun móttækilegri fyrir rakagefandi kremum á veturna,“ útskýrir hún. Mishra mælir með að borða fullt af fersku grænmeti og ávöxtum til að vega upp á móti salt og sykuráti, og að drekka fullt af soðnu vatni og jurtate yfir daginn. „Notaðu krydd óspart,“ bætir hún við. „Kúmen er til dæmis bráðhollt og hjálpar líkamanum til þess að losa sig við eiturefni.“ Og síðast en ekki síst, nældu þér í nægilegan svefn. „Svefnleysi er versti óvinur húðarinnar, því þá fær maður bauga og húðin missir allan frískleika sinn“.

Jólagjöfin hennar

coast

smáralind
www.coast-stores.com

FJÓLUBLÁ FEGURÐ Ótrúlega fallegur og sparilegur kokkteilkjóll í eggaldinbláum tón frá Lanvin.

STJÖRNUDÝRÐ Gylltur pallíettutoppur við hvítar sokkabuxur frá Jean-Paul Gaultier fyrir vor og sumar 2008.

ÆVINTÝRALEGUR Lillablár kjóll með víðu pilsi og krínólinu minnir á álfaprinsessu í Shakespeare-leikriti. Frá Giles Deacon fyrir vor og sumar 2008.

FJAÐRIR, GLIMMER OG GLANS HJÁ HÖNNUÐUM Í PARÍS FYRIR VOR OG SUMAR 2008

SPARI SPARI...

Nú fer jólaveisluvertíðin að ganga í hönd og tískudrósir um allt land farnar að plana áramótafatnaðinn. Það er vert að fá innblástur frá sýningunum í París fyrir vor og sumar því þar gaf að líta gimsteinaliti, pallíettur. silki og fjaðurskraut á kvöldkjólum, hvort sem þeir voru síðir eða stuttir. Hjá Dior og Alexander McQueen var lögð áhersla á handsaumað skraut, fjaðrir og bróderingar og hjá Chanel, Gaultier og Lanvin voru pallíettur í ljósum og draumkenndum tónum allsráðandi. Það er líka bráðsnjallt að poppa upp einlitan og einfaldan kjól með fallegum fjaður- eða pelskraga og nota pallíettur sparlega, eins og til dæmis einlitan topp með einföldu pilsi eða buxum. **- amb**

KANARÍFUGL Fyrirsæta í fagurgulum, fjaðurskreyttum og stuttum kjól á tískusýningu Lanvin í París fyrir vor og sumar 2008.

MIÐNÆTURBLÁR Gullfallegur dimmblár og stuttur kjóll með risastórum fjaðurkraga frá Lanvin fyrir vor og sumar 2008.

Ný bók eftir höfund

Munksins sem seldi sportbílinn sinn sem hefur selst í meira en 12.000 eintökum á Íslandi

Þegar eiginkonan yfirgefur Dar Sandersen með börnin þrjú finnst honum veröldin hrynja til grunna og er að því kominn að taka eigið líf. Rödd berst til hans úr fjarska sem fær hann til að hætta við og þegar örlögin haga því þannig að hann hittir Julian Mantle, munkinn fræga sem seldi sportbílinn sinn, hefst nýr kafli í lífi hans.



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Eftir lestur þessarar bókar munt þú líta veröldina öðrum augum

> KONUR SJÁ UM BÖRNIN

Ríkisstjórinn Arnold Schwarzenegger segir eiginkonu sína, Mariu Shriver, hafa nóg á sinni könnu. „Hún ber mikla ábyrgð sem ríkisstjórafrú, skrifar bækur og sér um mig og fjölskylduna. Konur enda alltaf á að hugsa miklu meira um börnin en karlar," segir vöðvatröllið og finnst greinilega óþarfi að uppræta úrelt hlutverk kynjanna.

fólk

folk@frettabladid.is

Tröllapera sýnd á Grand Rokki

Leikfélagið Peðið sýnir um þessar mundir jólaleikritið Tröllaperu eftir Jón Benjamín Einarsson í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar. Sýningin fer fram á skemmtistaðnum Grand Rokki en Peðið er áhugaleikhús sem varð til meðfram árlegri menningarhátíð Grand Rokk.

Tröllapera er fimmta leikverkið sem Peðið setur upp og hafa fyrri sýningar hlotið einróma lof. „Þetta er önnur jólasýningin sem við setjum upp. Í fyrra sýndum við verk um Jesú og jólanóttina sem fékk mjög góðar viðtökur. Í ár er fjallað um íslenska jólamenningu," segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, framkvæmdastjóri Grand Rokk.

Tröllapera gerist á heimili Grýlu og Leppalúða. Jólin eru í nánd, fyrsti jólasveininn á leið til byggða og allir í hátíðarskapi. Vandamálin knýja þó að dyrum hjá tröllum sem öðrum og hvers kyns jólastress og fjölskylduflækjur setja svip sinn á hátíðarnar.

„Það er svo gaman að fara í leikhús á aðventunni, sér í lagi í miðbænum. Hér geta menn sest inn, haft það huggulegt á sýningunni og stokkið svo út að kaupa jólagjafirnar," segir Kolbeinn og bendir á að sýningin er fjölskylduvæn. „Verkið er skemmtilegt og mikið um tónlist. Ekki forðast að taka börn með þótt sýningin sé á skemmtistað. Enda fjallar hún um íslensku jólasveinana sem börnin eiga að þekkja," segir Kolbeinn.

Síðustu forvöð eru um helgina að sjá leikverkið og má nálgast miða á sýninguna á Grand Rokki. - eá

LEIKFÉLAGIÐ PEÐIÐ Útvarpskonan Lísa Pálsdóttir við æfingar á jólaleikritinu Tröllaperu.

Ekki erfitt að vera fögur

EVA MENDES Ósátt við kvart leikkvenna yfir útliti þeirra.

Leikkonan fagra, Eva Mendes, lætur fátt angra sig meira en leikkonur sem kvarta yfir því að vera of fallegar til að landa bitastæðum hlutverkum. „Þvílíkur hroki! Ég er ekki ofbeldisfull manneskja en mig langar hreinlega að kyrkja þær," segir Eva og vill að stöllur sínar þakki frekar fyrir útlit sitt. „Nei, það er erfitt að vera of þungur í þessum bransa, tilheyra minnihlutahópi eða vera haldinn líkamlegum eða andlegum annmörkum. Auðveldast af öllu er að vera falleg leikkona," hefur Eva að segja við þessar ólánsömu konur.

Palli gefur aðdáendum dagatal

Páll Óskar Hjálmtýsson hefur gefið út dagatal í 1.000 eintökum sem hann ætlar að gefa sínum dyggustu aðdáendum um helgina.

„Það má segja að þetta sé mín leið til að þakka fyrir mig," segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson. Allir þeir sem gera sér ferð í verslanir Hagkaupa og Max um helgina og kaupa áritaða plötu Páls Óskars, Allt fyrir ástina, munu fá sérstakt dagatal í kaupbæti þar sem Páll Óskar er sjálfur í aðalhlutverki. Tónlistarmaðurinn prýðir sjálfur þær tólf myndir sem eru í dagatalinu, en þær voru teknar af ungum og upprennandi ljósmyndara sem kallar sig Oddvar.

„Þessi strákur er einstakur listamaður og myndirnar sem eru í dagatalinu eru frábærar. Ég er mjög ánægður með útkomuna," segir Páll Óskar, en með uppátækinu segist hann vera að verðlauna þá sem nenna að bíða löngum stundum í biðröð eftir að fá áritaða plötu.

„Dagatalið er prentað í þúsund eintökum og ég ákvað að vera ekki að selja það. Þess í stað verður þetta svona auka jólagjöf til aðdáenda minna," segir Páll Óskar, sem verið hefur mjög duglegur að árita plötu sína frá því hún kom út. „Ég hef aldrei sagt nei við áritun og fyrir mig er það einfaldlega frábært að hitta fólkið sem er að kaupa plötuna mína auglitis til auglitis. Fyrir mig er þetta partur af jólastemningunni." vignir@frettabladid.is

PÁLL ÓSKAR Í NÝJU LJÓSI Dagatalið sem þúsund aðdáendur Páls Óskars fá í hendurnar um helgina gefa nýja sýn á tónlistarmanninn, eins og glögglega má sjá á þessum myndum. MYNDIR/ODDVAR

AUKA JÓLAGJÖF Dagatal Pálls Óskars er auka jólagjöf til aðdáenda hans.

Mæðgur á jólaplötu

Mæðgurnar Helga Möller og Elísabet Ormslev syngja saman á fyrstu sólóplötu Helgu, Hátíðarskap. Hin fjórtán ára Elísabet, sem er nýbyrjuð að læra söng, syngur allar bakraddir á plötunni og stendur sig með mikilli prýði. „Þetta er í fyrsta skiptið sem við störfum saman og vonandi ekki það síðasta því hún er mjög efnileg," segir Helga. „Það er mikið tónlistargen í hennar blóði, ekki bara frá mér því afi hennar, sem er því miður dáinn, var Gunnar Ormslev, einn mesti saxófónsnillingur Íslandssögunnar. Hann var þekktur fyrir að læra allt strax og það hefur hún það því hún lærir allt strax sem fyrir hana er lagt," segir Helga.

Hún segir að núna hafi verið hárréttur tími til að gefa út þessa fyrstu sólóplötu. „Þegar ég hugsa til baka er margt búið að gerast undanfarið í mínu lífi. Ég fór á síðasta ári í söngnám fyrir atvinnusöngvara sem skilar sér með prýði á plötunni því það var ýmislegt sem ég lærði þar," segir hún og bætir við: „Platan er hlý og notaleg, alveg eins og ég vildi hafa hana. Hún er góð bæði með rauðvínsglasinu og kakóbollanum."

Alls eru tólf jólalög á plötunni, þar á meðal hið sígilda Í hátíðarskapi. „Þetta er mjög persónuleg plata og ég stend og fell með henni. Ég valdi lögin ásamt Magnúsi Kjartanssyni og við vildum hafa hljóminn frekar einfaldan og ekki of mikið af röddum og hljóðfærum. Ég tel að það hafi tekist mjög vel." - fb

TÓNELSKAR MÆÐGUR Mæðgurnar Helga Möller og Elísabet Ormslev starfa saman í fyrsta sinn á plötunni Hátíðarskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arnaldur slær öll met!

„Unni mér hvorki svefns né matar frá því ég opnaði hana uns yfir lauk … **Meistaralega fléttuð**.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„**Besta skáldsaga Arnaldar** frá því að *Grafarþögn* kom út.“

Hávar Sigurjónsson / Morgunblaðið

„Arnaldur er í toppformi í spennandi, læsilegri og **vel hugsaðri glæpasögu** sem er hans besta í nokkur ár.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Ísafold

„*Harðskafi* er bók sem ekki gleymist fljótt og **mun lifa lengi** í minningu lesanda.“

Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

„**Flott innra samhengi**.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2

„ **Um sterk tök Arnalds á forminu þarf ekki að fjölyrða**. Hann kann að fanga áhugann og neyða okkur til að halda áfram að lesa …“

Ármann Jakobsson / dv.is

„**Erlendur verður sífellt hjartfólgnari** sögupersóna … veldur engum vonbrigðum í þessari nýjustu og **dúndurgóðu bók**.“

Vikan

METSÖLULISTI EYMUNDSSON skáldverk

1. SÆTI



„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda.“
The Times

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Bragðgóðir Sniglar

Sniglabandið er búið að vera starfandi í yfir tuttugu ár og á að baki væna hrúgu af plötum. Hljómsveitin hefur stundum verið kölluð „Stuðmenn fátæka mannsins“ sem er ágætis lýsing á bandinu undanfarin ár. Stuðið og húmorinn eru svo sannarlega til staðar, en það hefur vantað fagmennskuna og metnaðinn sem einkennir Stuðmenn. Það gæti þó verið að breytast, að minnsta kosti er fagmennskan í fyrirrúmi á Vestur og mikið lagt í lög, texta og upptökur.

Það eru tólf lög á plötunni. Landsmenn, eða að minnsta kosti sá hluti þeirra sem hlustar á Rás 2, ætti þegar að vera búinn að læra lögin Selfoss er og Britney utan að. Bæði eru ágætlega heppnaðir smellir. Selfoss er er hreinræktað Steina Spil tribjút með skondnum texa og Britney sýnir að Nylon-stelpurnar geta sungið rokk.

Mörg önnur fín lög og textar eru á Vestur, t.d. titillagið, upphafslagið Blindhæð sem grúvar flott og hefur nettan Steely Dan fíling, hin léttblúsaða og Magga Eiríkslega Ballaða um Bó og lagið Helena Mjöll.

Eins og Stuðmenn er Sniglabandið 100% íslensk hljómsveit og gerir út á það bæði í tónlistinni (sem vitnar stundum í íslenska poppsögu) og textunum. Þar er allt landið undir og þeir félagar gera víðreist í textunum. Húmorinn er alltaf í fyrirrúmi en þetta eru líka ágætlega skrifaðir textar.

Vestur er nokkuð fjölbreytt plata. Þetta er smekklega samsett popp og oft skemmtilega útsett. Meðlimir

TÓNLIST

Vestur

Sniglabandið

★★★

Þó að tónlistin á Vestur brjóti ekki blað í poppsögunni er þetta vel unnin poppplata með ágætum lagasmíðum og skemmtilega séríslenskum textum.

Sniglabandsins eru allir fínir hljóðfæraleikarar, en hljómborðsleikararnir Einar Rúnarsson og Pálmi J. Sigurhjartarson gera mest fyrir heildarútkomuna. Þessir Fender Rhodes og Hammond hljómar geta verið algjörlega ómótstæðilegir. Aukahljóðfæri koma ágætlega út.

Á heildina litið er þetta ágæt plata. Þetta er ekki tónlist sem brýtur blað eða ristir sérlega djúpt, enda er það ekki ætlunin. Þetta er hins vegar prýðileg íslensk poppplata, vel unnin og skemmtileg.

Trausti Júlíusson

Fyrsta mynd Ara í tíu ár

Barna- og ævintýramyndin Duggholufólkið var frumsýnd í Háskólabíói á dögunum. Leikstjórinn Ari Kristinsson tók þar á móti gestum sínum með miklum virktum en þetta er fyrsta kvikmyndin hans í tíu ár, eða síðan Stikkfrí kom út.

Duggholufólkið segir frá tólf ára borgarbarninu Kalla sem er sendur til pabba síns sem býr á Vestfjörðum. Honum líkar vistin illa og ákveður að flýja. Upphefjast þá ævintýrin fyrir alvöru enda kemst hann í kynni við ísbjörn og drauga.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Bergþór Þorvaldsson, Þórdís Hulda Árnadóttir og Árni Beinteinn Árnason. Þeim til halds og trausts eru Brynhildur Guðjónsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir og Erlendur Eiríksson.

MAGNÚS SCHEVING Íþróttaálfurinn Magnús Scheving mætti á frumsýninguna.

ARI OG FRIÐRIK ÞÓR Ari Kristinsson og Friðrik Þór Friðriksson slá á létta strengi á frumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HRAFN Á FRUMSÝNINGU Leikstjórinn Hrafn Gunnlaugsson óskaði Ara kollega sínum til hamingju með nýju myndina.

KRUMMI Krummi í Mínus og fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir létu sig ekki vanta í Háskólabíó.

einstök sýning
Gallerí List
Málverkasýning
Sigríður Anna Garðarsdóttir opnar sýningu
laugardaginn 8. desember kl. 14:00
Gallerí List • Skipholti 50A
sími: 581 4020 • www.gallerilist.is

STJÓRNLAUS BÍLSTJÓRI Borat fór á kostum undir stýri í ökutímanum.

Ökukennari í mál við Sasha Baron Cohen

Bandarískur ökukennari, sem kom mikið við sögu í kvikmyndinni um Borat, fréttamanninn frá Kasakstan, hefur höfðað einkamál á hendur hinum breska Sasha Baron Cohen, skapara og leikara Borats. Ökukennarinn fylgir þannig fordæmi nokkurra annarra „saklausra“ borgara sem komu fram í myndinni án þess að vita hvað stæði til að gera við myndefnið, en alls hefur Cohen fengið á sig fjórar málshöfðanir eftir frumsýningu myndarinnar á síðasta ári.

Í atriðinu sem ökukennarinn kemur fram í drekkur Borat áfengi undir stýri, öskrar á vegfarendur og aðra bílstjóra. Ökukennarinn segir sér hafa verið tjáð að um heimildarmynd hafi verið að ræða og að honum hafi verið greiddar um 20 þúsund krónur fyrir að koma fram í henni. Hann fer fram á 50 þúsund dollara í skaðabætur.

Coen-bræður unnu

Nýjasta kvikmynd bræðranna Joel og Ethan Coen, No Country for Old Men, var kjörin besta myndin af bandarísku NBR-kvikmyndasamtökunum, eða National Board of Review of Motion Pictures.

Í myndinni fer Tommy Lee Jones með hlutverk lögfræðings sem leitar að geðsjúkum morðingja, sem er leikinn af Spánverjanum Javier Bardem. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes en beið þar í lægri hlut fyrir hinni rúmensku 4 mánuðir, 3 vikur, 2 dagar.

George Clooney var valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Michael Clayton og Julie Christie var verðlaunuð fyrir sína frammistöðu í Away From Her. Tim Burton var jafnframt valinn besti leikstjórinn fyrir söngleikinn Sweeney Todd.

NBR-verðlaunin eru fyrstu stóru kvikmyndaverðlaunin sem eru afhent í Bandaríkjunum. Í næstu viku halda gagnrýnendur frá New York, Boston og Los

JAVIER BARDEM Spánverjinn Bardem leikur morðingja í nýjustu mynd Coen-bræðra.

Angeles sínar hátíðir og þrettánda desember verður tilkynnt um tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Lokahnykkurinn verður síðan á næsta ári þegar sjálfur óskarinn verður afhentur í Hollywood.

„... án efa með okkar albestu ljóðskáldum.“
Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Á þessari bók er engan höggstað að finna ... falleg, yfirveguð og djúp ...“
Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið

„... Myndmálið sterkt og stundum mjög frumlegt og hugmyndaríkt.“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Nýtt kortatímabil!

Vinsælar jólagjafir

OPIÐ TIL 22:00 Í DAG

NYLON
– Best af NYLON
Árita og syngja:
Kringlu kl. 13:00 á sunnudaginn
Smáralind kl. 14:00 á sunnudaginn

Einar Ágúst
– Það er ekkert víst að það klikki
Áritar og spilar:
Holtagörðum kl. 15:00 á laugardaginn
Holtagörðum kl. 15:00 á sunnudaginn

Jakobínarina
– The first crusade
Árita:
Kringlu kl. 16:00 á laugardaginn

Páll Óskar
– Allt fyrir ástina
Áritar og syngur:
Smáralind kl. 14:00 á laugardaginn
Holtagörðum kl. 17:00 á laugardaginn

Skoppa og Skrítla
Árita og syngja:
Smáralind kl. 13:00 á sunnudaginn
Kringlu kl. 14:00 á sunnudaginn
Holtagörðum kl. 16:00 á sunnudaginn

Gosi
Árita og syngja:
Kringlu kl. 17:00 á laugardaginn

Luxor
Árita og syngja:
Kringlu kl. 14:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 17:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 15:00 á sunnudaginn
Smáralind kl. 17:00 á sunnudaginn

Magni
Áritar og syngur:
Holtagarðar kl. 14:00 á laugardaginn
Kringlunni kl. 15:00 á laugardaginn

Geir Ólafsson
– Þetta er lífið
Áritar:
Skeifunni kl. 14:00 á laugardaginn
Skeifunni kl. 14:00 á sunnudaginn

Álftagerðisbræður
– Tvítugir..Skála og syngja
Árita:
Holtagarðar kl. 16:00 á laugardaginn

Egill Ólafsson
– Hymnalög
Áritar:
Skeifunni kl. 16:00 á laugardaginn

Sprengjuhöllin
– Tímarnir okkar
Árita og spila:
Smáralind kl. 16:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 15:00 á sunnudaginn
Kringlu kl. 16:00 á sunnudaginn

Helga Möller
– Hátíðarskap
Áritar:
Skeifunni kl. 15:00 á laugardaginn
Skeifunni kl. 15:00 á sunnudaginn

Laddi
– Jóla hvað?
Áritar:
Smáralind kl. 15:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 16:00 á sunnudaginn

Björk Þórhallsdóttir
– Gullperlur
Áritar og syngur:
Kringlu kl. 13:00 á laugardaginn

100 Íslensk jólalög
– Fyrir alla fjölskylduna

Gildir til 9. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Björk tilnefnd til Grammy

Björk Guðmundsdóttir hefur verið tilnefnd til bandarísku Grammy-verðlaunanna fyrir plötu sína Volta. Platan er tilnefnd í flokknum besta framsækna platan þar sem hún etur kappi við plötur frá The White Stripes, Arcade Fire, Lily Allen og The Shins.

Rapparinn Kanye West fékk flestar tilnefningar í ár, átta talsins. Á eftir honum kemur breska söngkonan Amy Winehouse með sex tilnefningar. Bæði hafa þau átt við persónuleg vandamál að stríða undanfarna mánuði. West missti móður sína á dögunum eftir hún hafði gengist undir lýtaaðgerð og Winehouse hætti við alla tónleika sína sem hún átti eftir á þessu ári vegna vímuefnavandamála sinna.

Athygli vekur að rapparinn 50 Cent, höfuðandstæðingur Kanye West, var ekki tilnefndur fyrir bestu plötuna eins og West.

Fimm flytjendur fengu fimm tilnefningar: Foo Fighters, Jay-Z, Timbaland, T-Pain og Justin Timberlake. Á meðal þeirra sem fengu fjórar tilnefningar var söngkonan Rihanna og rokkarinn góðkunni Bruce Springsteen. Hann var þó ekki tilnefndur fyrir bestu plötuna eins og margir höfðu gert ráð fyrir. Verðlaunin verða afhent í Los Angeles hinn 10. febrúar.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk hefur verið tilnefnd til Grammy-verðlaunanna fyrir plötu sína Volta.

Norðurlöndin til Liverpool

Ingi Þór Jónsson, framkvæmdastjóri íslensku menningarhátíðarinnar ICE07 sem var haldin í Liverpool um síðustu helgi, ætlar að halda mikla Norðurlandahátíð í borginni á næsta ári.

Liverpool verður menningarborg Evrópu á næsta ári og ætlar Ingi Þór sér að nota tækifærið og skella ýmsum trompum á borðið fyrir þann viðburð. „Þetta verður tíu daga hátíð sem öll Norðurlöndin koma að. Þetta er rosalega spennandi dæmi. Ég fer á fund í janúar með öllum sendiráðunum í London og ætla að reyna að virkja þau og setja þetta af stað. Það er rosaleg spenna í kringum þetta því íbúum Liverpool finnst Norðurlöndin ekki hafa tengst sér nógu vel," segir Ingi Þór.

Norræn kvikmyndahátíð

Hann býst við að hátíðin verði mun stærri í sniðum en sú sem var haldin um síðustu helgi. „Viðbrögðin síðan á mánudag hafa verið ótrúleg hér í Liverpool. Miðað við það er ég ekki í nokkrum vafa um að það verði boðið upp á ansi mikið. Til dæmis vill aðalkvikmyndahúsið hérna halda fyrstu stóru norrænu kvikmyndahátíðina í Liverpool," segir hann. Einnig hefur stefnan verið sett á stóra sinfóníutónleika með þekktum óperusöngvurum frá Norðurlöndunum, auk þess sem halda á þing barnabókahöfunda Norðurlandanna og kollega þeirra frá Liverpool og nærsveitum.

Andri Snær orðlaus

Að mati Inga Þórs stóð upp úr á hátíðinni afhending verðlauna fyrir smásagnakeppni milli barnaskóla í Liverpool, þar sem dómarar voru Mike McCartney, verndari hátíðarinnar og bróðir Bítilsins Pauls, rithöfundurinn Andri Snær Magnason og Margrét Sjöfn Torp. „Þessi ellefu ára krakki sem vann í yngri flokknum á voða erfitt í skóla en er rosalegur penni. Andri sagðist aldrei hafa lesið annað eins," segir hann.

GAMAN Í LIVERPOOL Frá vinstri: James Lawler, listrænn ráðunautur ICE07, Ingi Þór Jónsson, framkvæmdastjóri ICE07, Margrét Sjöfn Torp, yfirdómari smásagnakeppni barnaskóla í Liverpool, og Mike McCartney, verndari hátíðarinnar og bróðir Pauls.

Uppselt á tíu mínútum

Kvikmyndahátíð var einnig haldin þar sem mynd Sigur Rósar, Heima, og heimildarmyndin Screaming Masterpiece voru sýndar. Uppselt var á þær báðar og seldust miðar á Heima upp á aðeins tíu mínútum. Hljómsveitirnar Bloodgroup, Sometime og Sven Bit komu einnig fram á hátíðinni, auk þess sem íslensk matreiðsla og fatahönnun fengu mjög góða landkynningu. Til að mynda eldaði kokkurinn Ragnar Ómarsson fisk og annað góðgæti á einum helsta veitingastað Liverpool við mjög góðar undirtektir.

freyr@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000			REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	7	SAW 4	kl. 6 - 8 - 10	16
DUGGHOLUFÓLKIÐ LÚXUS	kl. 2 - 4 - 6		BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15	14
BEE MOVIE ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8		DAN IN REAL LIFE	kl. 3 - 8 - 10.15	
HITMAN	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 5.20 - 8 - 10.40	14
HITMAN LÚXUS	kl. 8 - 10.10				
DAN IN REAL LIFE	kl. 8 - 10.15				
WEDDING DAZE	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50	10	ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 6.-12 DESEMBER		
ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR.	kl. 2 - 4		LA TERRA	kl. 6	
THE HEARTBREAK KID	kl. 10	12	LO E NAPOLEONE	kl. 4	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919			SÍMI 462 3500		
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7	DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	14	RUN FATBOY RUN	kl. 8 - 10	16
ACROSS THE UNIVERSE	kl. 5.20 - 8 - 10.40	12	HITMAN	kl. 6 - 10	16
RENDITION	kl. 8 - 10.30	16	ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2 - 4	
VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN.	kl. 5.40	14			

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu! 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SYSTKINI Útgáfutónleikar þeirra Óskars, Ómars og Ingibjargar verða á sunnudagskvöld í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fagna plötu á sunnudag

Systkinin Óskar, Ómar og Ingibjörg Guðjónsbörn, sem gáfu fyrir skömmu út sína fyrstu plötu, halda útgáfutónleika sína í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn klukkan 20, en ekki 20. desember eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Á tónleikunum spila þau gömul íslensk sönglög við ljóð eftir mörg af þekktustu skáldum Íslendinga. Þetta er í fyrsta sinn sem þau systkini gera plötu saman en hingað til hafa bræðurnir Óskar og Ómar spilað saman með Jagúar, Tómasi R. og fleiri hljómsveitum.

HELLVAR Hljómsveitin Hellvar spilar á tónleikum á Gauki á Stöng í kvöld.

Sveitir frá Kimi spila

Hellvar, Hjaltalín og Morðingjarnir, sem eru á mála hjá útgáfufyrirtækinu Kimi Records, auk rokkaranna í Reykjavík!, spila á tónleikum á Gauki á Stöng í kvöld.

Um nokkurs konar uppskeruhátíð er að ræða hjá hinu nýstofnaða fyrirtæki, sem nýlega opnaði sína eigin vefbúð. Þar geta viðskiptavinir keypt plötur og fengið þær sendar frítt heim til sín. Hverju keyptu eintaki fylgir einnig rafræn útgáfa, líkt og Mugison gerði með sína nýjustu plötu.

Gaukur á Stöng verður opnaður klukkan 20 og kostar 1.000 krónur inn.

> Guðrún Sóley aftur í KR

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, landsliðsmiðvörður í knattspyrnu, er gengin aftur til liðs við KR eftir að hafa leikið með Breiðabliki síðustu tvö ár en hún var fyrirliði Blikanna í sumar. Guðrún, sem er uppalin í KR, er ellefti leikjahæsti KR-ingurinn með 158 leiki og hefur leikið 42 A-landsleiki, þar á meðal alla leiki ársins. Markvörðurinn María Björg Ágústsdóttir hefur einnig tekið fram skóna á nýju eftir að hafa tekið sér frí frá fótboltanum árin 2006 og 2007 en hún er í hópi sterkustu markvarða landsins. Samningur beggja er út keppnistímabilið 2008 en KR gerði í gær einnig þriggja ára samning við markvörðinn Írisi Gunnarsdóttur.

sport

sport@frettabladid.is

SIGURVIN ÓLAFSSON, FH: SKRIFAR EKKI UNDIR NÝJAN SAMNING VIÐ FH-LIÐIÐ OG GÆTI HÆTT ALVEG Í BOLTANUM

Er bara að bíða eftir gamla góða fiðringnum

Sigurvin Ólafsson, miðjumaður hjá bikarmeisturum FH, hefur ákveðið að skrifa ekki undir nýjan samning við liðið, en núverandi samningur rennur út um áramótin.

„Ég er eiginlega fremur óákveðinn um framhaldið hjá mér í boltanum og gat því ekki með góðri samvisku skrifað undir nýjan samning við FH. Ég ætla að taka mér smá pásu núna og hætta aðeins að hugsa um boltann í bili," sagði Sigurvin í samtali við Fréttablaðið í gærdag. Sigurvin útilokar þó ekki að spila aftur næsta sumar, en líklega ekki með FH-liðinu.

„Ég er enn á fínum aldri og ef neistinn kviknar að nýju treysti ég mér alveg til þess að spila í efstu deild næsta sumar. FH er náttúrlega topplið með toppmannskap og ef ég ætla að spila þar verð ég að halda mér í góðu formi og æfa vel, þeir hafa ekkert að gera með miðaldra feitabollu," sagði Sigurvin í léttum dúr og útilokaði því alls ekki að hann kynni að leita á önnur mið.

„Ég tækla þetta bara þegar þar að kemur, það er að segja ef að mig langar til þess að spila aftur. Ég ætla því ekki loka á neitt að svo stöddu og er bara að sjá til og bíða eftir gamla góða fiðringnum," sagði Sigurvin, sem státar af frábærum árangri á ferli sínum í efstu deild á Íslandi.

„Það spilar kannski líka aðeins inn í að maður hefur fórnað ansi miklu síðustu tíu ár fyrir boltann, en vissulega fengið það sem maður keppti að. Þannig að sú hvatning, að vinna eitthvað, er ef til vill ekki eins mikil og ef ég væri ekki búinn að vinna neitt," sagði Sigurvin, sem hefur orðið Íslandsmeistari með þremur mismunandi liðum; árin 1997 og 1998 með ÍBV, árin 2002 og 2003 með KR og árið 2006 með FH. Enn fremur var Sigurvin bikarmeistari með FH í ár og það virðist því vera ávísun á árangur að hafa hann innanborðs. Sigurvin deilir meti sínu, að hafa orðið Íslandsmeistari með þremur mismunandi liðum, með Kristni Hafliðasyni sem náði þeim sama árangri með ÍBV, KR og nú síðast með Val í sumar.

„Kiddi náði að jafna metið og ég þyrfti eiginlega að leita mér að nýju liði til að verða Íslandsmeistari með til þess að sitja einn að þessu meti," sagði Sigurvin hlæjandi.

MIKIL BÆTING Skelfilegur fyrsti hringur kom í bakið á Birgi Leifi Hafþórssyni.
VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Birgir Leifur Hafþórsson:

Lék mun betur en er úr leik

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson lék mun betur á öðrum hringnum á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku en það dugði honum ekki að bæta sig um níu högg frá fyrsta degi og er úr leik. Hann lék seinni hringinn á tveimur höggum undir pari og endaði í 84. sæti. Birgir Leifur verður áfram í Suður-Afríku því fram undan er opna suður-afríska mótið sem fram fer í Höfðaborg og hefst á fimmtudaginn. **- óój**

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 8. des.
Kaplakriki kl. 14:00
FH - Akureyri
Seltjarnarnes kl. 19:00
Grótta - Fylkir

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 8. des.
Vestmannaeyjar kl. 15.00
ÍBV - Valur
Mýrin kl. 16.00
Stjarnan - Akureyri

Ummæli Aðalsteins eru fáranleg

Einar Jónsson, þjálfari Fram, blæs á þau ummæli Aðalsteins Eyjólfssonar, þjálfara Stjörnunnar, að hann sé niðri í bæ öll laugardagskvöld með dómurum leiks Fram og Stjörnunnar og að þeir séu bestu vinir hans. Aðalsteinn kallar þetta spillingu en formaður dómaranefndar segir eðlilegt að viðkomandi par hafi dæmt.

HANDBOLTI Það verða eftirmálar af stórleik Fram og Stjörnunnar í N1-deild kvenna. Báðir þjálfarar fóru mikinn í fjölmiðlum eftir leikinn og vönduðu dómurunum ekki kveðjurnar og þá sérstaklega Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, sem sagði að bestu vinir þjálfara Fram, Einars Jónssonar, hefðu dæmt leikinn. Aðalsteinn stendur við orð sín eftir leikinn og breytir engu þó máli hans verði klárlega skotið inn á borð aganefndar HSÍ.

„Ég sé ekki eftir orðum mínum og stend við þau. Það er staðreynd að þetta eru vinir Einars og þeir eru saman niðri í bæ á hverju einasta laugardagskvöldi," sagði Aðalsteinn ákveðinn en hann telur dómarana hafa átt stóran þátt í því að hans lið tapaði leiknum.

„Dómgæslan hefur stórkostleg áhrif á leikinn. Einar fær að öskra og sparka í stóla en ég fæ spjald fyrir það eitt að spjalla við dómarana. Einar græddi á því að orga á dómarana og þeir afgreiða leikinn á síðustu mínútunum. Einar er alltaf svona á leikjum og ef það hefðu verið aðrir dómarar á leiknum hefði hann fengið spjöld og tvær mínútur en vinir hans fóru vel með hann og leyfðu honum mikið."

Dómarar leiksins voru þeir Ómar Ingi Sverrisson og Magnús Björnsson en Aðalsteinn segir eitthvað meira en lítið óeðlilegt að þetta par hafi dæmt þennan stórleik.

„Mér finnst þetta bara vera spilling. Mér finnst það spilling að bestu vinir dómarans dæmi leikinn, mér finnst það spilling að það sé ekki eftirlitsmaður á toppleik úrvalsdeildar kvenna og að það sé sett par á leikinn sem er ekki einu sinni á meðal fimm bestu dómarapara landsins. Það eru forkastanleg vinnubrögð hjá dómurum að mæta í leiki þar sem þeir eru áberandi tengdir. Hann Ómar Ingi dæmir úrslitaleik hjá meistaraflokki karla hjá Fram fyrir tveim árum síðan og mætir svo í partí hjá liðinu eftir leikinn," sagði Aðalsteinn hvass.

Í HÁR SAMAN Einar Jónsson, þjálfari Fram (til vinstri), og Aðalsteinn Eyjólfsson eru lentir í deilu á ný. Aðalsteinn segir að dómarar leiks Fram og Stjörnunnar séu bestu vinir Einars en því vísar Einar á bug.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM & ALEKSANDAR DJOROVIC

Einar Jónsson, þjálfari Fram, gefur lítið fyrir gagnrýni Aðalsteins og segir síst hafa hallað á Stjörnuna í dómgæslunni.

„Ég er búinn að horfa á leikinn aftur og það hallar á okkur ef eitthvað er enda fjöldi dóma sem féllu gegn okkur sem eru alveg glórulausir. Ummæli hans um tengsl mín og dómaranna eru líka fáranleg. Annar dómarinn er ágætis félagi minn eins og margir í handknattleikshreyfingunni. Samt ekkert meira eða minna en margir aðrir.

Ég og Anton Gylfi erum til að mynda meiri félagar en ég og þessi dómari en samt vildi Aðalsteinn fá hann til þess að dæma," sagði Einar og skilur ekki í orðum Aðalsteins að hann sé niðri í bæ með dómurunum öll laugardagskvöld. „Ég hef lítið verið í miðbæ Reykjavíkur um helgar það sem af er vetri og enn síður með dómurum. Þessi ummæli eru fáranleg."

Einar fór mikinn á hliðarlínunni á fimmtudag, hoppaði og skoppaði milli þess sem hann hellti sér yfir dómarana. Hann játar að hafa farið yfir strikið.

„Mín hegðun var langt frá því að vera til fyrirmyndar og ég þarf að vinna í því sjálfur. Það er ýmislegt sem gerist í hita leiksins sem á ekki að gerast," sagði Einar.

Dómaranefnd HSÍ bar ábyrgð á því að setja þá Ómar Inga og Magnús á leikinn og Guðjón L. Sigurðsson, formaður dómaranefndar, segir ekkert óeðlilegt við það en segir þó að vissulega hefði mátt vera eftirlitsmaður á leiknum.

„Þessir strákar hafa verið að standa sig vel í vetur og voru verðlaunaðir með því að vera settir á þennan leik. Það var gert því við töldum þá tilbúna í slíkt verkefni," sagði Guðjón, sem var staddur í Kaupmannahöfn og sá ekki leikinn.

„Ég hefði haldið að það ætti að vera eftirlit á leiknum og ég veit ekki hvort það hafi ekki fengist maður í það. Ég skal samþykkja að það sé dapurt að það hafi klikkað."

henry@frettabladid.is

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
Í KVÖLD KL. 02:00
MAYWEATHER – HATTON
BARDAGI ÁRSINS
FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ! TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
sýn sýn2 fjölvarp
MasterCard
sýn besta sætið

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN Borgarbíó Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá bíómiðann á 1000 kr. og 700 kr. fyrir börn 12 ára og yngri gegn framvísun þessarar úrklippu í miðasölu viðkomandi kvikmyndahúss. Gildir meðan myndin er í sýningu.
Ath: Almennt miðaverð 1200 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 12 ára og yngri, eldri borgara og öryrkja.

NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Jólagjafir fyrir handlagna

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

4963
VERKFÆRASETT 125 HLUTIR

4963
VERKFÆRASETT 100 HLUTIR

9.999
PROFI TOPPLYKLASETT 94 HLUTIR

2481
VERKFÆRASETT 11 HLUTIR

1990
TOPPLYKLASETT 20 HLUTIR

2941
TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR

2990
TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR

1285
TOPPLYKLASETT 40 HLUTIR

660
TOPPLYKLASETT 17 HLUTIR

TILBOÐ!

3990
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

1/2”

3753
TOPPLYKLASETT

1/4”

1721
TOPPLYKLASET

1390
MULTI SKRÚFJÁRN 41 HLUTUR

1255
SKRÚFUBOX 870stk

299
SKRÚFUBOX 250stk

12 STK

15 STK

1945
FRÆSITANNASETT

3950
FRÆSITANNASETT

MEÐ BORUM OG BITUM

995
HLEÐSLUBORVÉL 12V Í TÖSKU

40 HLUTIR

1295
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN Í TÖSKU

799
BORASETT

690
BORASETT

12 STK

799
SKRÚFJÁRNASETT

7 STK

399
SKRÚFJÁRNASETT

2990 **940**
TORX SKRÚFJÁRNASETT

12 STK



8 STK

899 **1299**
SKRÚFJÁRNASETT SKRÚFJÁRNASETT

26 HLUTIR

34 HLUTIR

699 **1219**
SKRÚFJÁRNASETT M/ FYLGIHLUTUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

BT

JÓLIN ERU Í BT

JÁ SÆDDLL...

PHILIPS KOMIÐ Í BT SKEIFUNNI

PHILIPS

32" HD READY LCD
1366 X 768P UPPLAUSN
Skerpa: 4000:1
PIXEL PLUS MYNDVÉL
SURROUND HLJÓÐKERFI
1000 SÍÐNA TEXTAVARP
2 X HDMI

79.999
139.999

BT LÁN
Verð frá:
2.368
59 mánaða

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008

BARA Í BT SKEIFUNNI

Fylgir

2 GLÖS FYLGJA

Fylgir

7.999
8.999
12.999
14.999
19.999

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

BT

JÓLIN ERU Í BT

NÆTURVAKTIN

VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTURINN

Fyrst í BT.
Eigum við að ræða það eitthvað!



FÆST Í ÖLLUM VERSLUNUM BT

BÍÓBROT

FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

5.999

Bíóbrot, hreint út sagt frábært fjölskylduspil þar sem gullmolar kvikmyndanna ráða ríkjum ... svarið spurningum, keppið við tímann og leiðið ykkar lið til sigurs...

SVEPPI MÆTIR

KYNNIR SPILIÐ OG SPRELLAR Í BT KRINGLUNNI KL 17

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

> Kate Beckinsale

Kate hefur ekki langt að sækja leikhæfileikana en foreldrar hennar voru báðir sjónvarps- og sviðsleikarar. Kate hafði gaman af skrifum og sigraði tvisvar í rithöfundakeppni fyrir unglinga, annað skiptið fyrir þrjár smásögur og hitt skiptið fyrir þrjú ljóð. Kate var uppreisnargjarn unglingur, byrjaði snemma að reykja og þjáðist af anorexíu um tíma. Hún nam franskar og rússneskar bókmenntir við Oxford en kláraði aldrei gráðuna enda átti leiklist hug hennar allan. Kate leikur í Underworld í Sjónvarpinu í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ VIGNIR GUÐJÓNSSON ÆTLAR AÐ HORFA Á HNEFALEIKA Á SÝN Í NÓTT

Þegar eftirvæntingin og spennan er búin til

Ég verð einn af væntanlega fjölmörgum Íslendingum sem planta sér í sófann heima í nótt, stilla á bestu íþróttarás í heimi og horfa á skemmtun á heimsmælikvarða. Ég er að tala um bardagann sem allir aðrir eru líka að tala um, einvígi hnefaleikakappanna Floyd Mayweather og Ricky Hatton. Og ég ætla ekkert að draga úr eftirvæntingu minni fyrir bardaganum – staðreyndin er sú að ég get hreinlega ekki beðið eftir látunum. Það er í meira lagi athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að ég hef ekki horft á heilan hnefaleikabardaga í nokkur ár, eða allt frá því að Lennox Lewis, Oscar de la Hoya og fleiri lifandi goðsagnir voru upp á sitt besta. En hvernig stendur þá á því að ég skuli vera tilbúinn að vaka til morguns til að fylgjast með tveimur ónytjungum berja á hvor öðrum? Jú, sökin liggur hjá breskum og bandarískum sjónvarpsframleiðendum, sem hafa með snilli sinni náð að búa til slíka eftirvæntingu að vart er munað eftir öðru eins.

Sýn hefur átt sinn þátt í að byggja upp spennuna fyrir bardagann með því að sýna þætti um undirbúning þeirra kumpána fyrir bardagann. Þar koma þeir fram í sínu eðlilega umhverfi og sanna að boxarar hafa sannarlega sínar manneskjulegu hliðar – sem væntanlega verða á bak og burt þegar í sjálfan hringinn er komið. Þess á milli hafa birst umfjallanir um bardagann í dagblöðum og á netinu, þar sem væntanlegir andstæðingar gera í því að rakka hvorn annan niður. Þá er enn ónefndur blaðamannafundurinn í vikunni þar sem lá við slagsmálum á milli félaganna. En þótt það atriði, ásamt flestum þeim ummælum sem höfð hafa verið eftir þeim félögum, hafi eflaust verið sett á svið af spunameisturum skipuleggjanda bardagans, þá er ljóst að áhuginn fyrir bardaganum er gríðarlegur, jafnvel hjá þeim sem hafa lítið sem ekkert vit á hnefaleikum. Og hverjum er ekki sama þótt áhuginn skuli vera búinn til? Spennan og eftirvæntingin er ekta og það er það sem skiptir máli. Og þess vegna ætla ég að stilla á Sýn í nótt.

EKKI MISSA AF

▶ **18.30 7th Heaven** Skjáreinn

▶ **20.00 Logi í beinni** Sirkus

▶ **20.15 Laugardagslögin** Sjónvarpið

▶ **22.00 The Missing** Stöð 2 bíó

▶ **23.05 Dragonheart** Stöð 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnir á Fanneyju 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Bitte nú! 09.15 Krakkamál 09.25 Skúli skelfir 09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar 10.00 Latibær
10.25 Kastljós
10.55 Kiljan e.
11.50 07/08 bíó leikhús e.
12.20 Aldamótabörn (2:3) e.
13.20 Markúsarguðspjall 14:22 „þetta er líkami minn" e.
14.15 Allar reglur brotnar e.
15.50 Ófriður í Búrma e.
16.45 Bronx brennur (6:8)
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 Útsvar e.
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar e.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.45 Spaugstofan
▶20.15 Laugardagslögin
21.15 Hrúturinn Hreinn (9:40)
21.25 Laugardagslögin - úrslit
21.40 Tímavélin (The Time Machine) Bandarísk bíómynd frá 2002 byggð á vísindaskáldsögu eftir H.G. Wells. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.15 Undirheimar (Underworld) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Perfect Man
08.00 De-Lovely
10.00 Lackawanna Blues
12.00 Just Friends
14.00 The Perfect Man
16.00 De-Lovely
18.00 Lackawanna Blues
20.00 Just Friends Rómantísk gamanmynd með þeim Ryan Reynolds, Amy Smart og Chris Klein í aðalhlutverkum.
▶22.00 The Missing
00.15 I Still Know What You Did Last Summer
02.00 Evil Alien Conquerors
04.00 The Missing

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Algjör Sveppi
08.55 Dora the Explorer (70:96)
09.20 Firehouse Tales
09.45 Kalli kanína og félagar
09.55 Kalli kanína og félagar
10.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Hádegisfréttir
12.25 The Bold and the Beautiful
14.15 Örlagadagurinn (27:31)
14.55 Side Order of Life (8:13)
15.45 Two and a Half Men (16:24)
16.10 Grey´s Anatomy (6:22)
16.55 Tekinn 2 (13:14)
17.25 Sjáðu Ásgeir Kolbeinsson segir frá því helsta úr heimi skemmtanalífsins, hjá fína og fræga fólkinu og í bíóhúsunum.
17.55 Næturvaktin (12:13)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.05 Fjölskyldubíó – Sky High Bráðskemmtileg ævintýramynd sem fjallar um harla óvenjulega fjölskyldu þar sem allir, mamma, pabbi og krakkarnir, búa yfir ofurkröftum sem gagnast vel í baráttunni við vonda karla sem vilja mannkyninu illt. Aðalhlutverk: Kurt Russell, Kelly Preston, Michael Angarano. 2005.
20.45 Batman Begins Fjórða og besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og hvernig kom til að hann öðlaðist ofurkrafta og varð Leðurblökumaðurinn. Myndin er gerð af Christopher Nolan, sem á að baki myndir á borð við Memento og Insomnia. Þess ber einnig að geta að stór hluti myndarinnar var tekinn upp á Íslandi. Aðalhlutverk: Christian Bale, Liam Neeson, Michael Caine. Bönnuð börnum.
▶23.05 Dragonheart Hörkuspennandi ævintýramynd með gamansömu ívafi. Hér segir af riddaranum Bowen og félaga hans, risastórum dreka, sem er sá síðasti sinnar tegundar. Þeir taka höndum saman um að frelsa samborgara sína undan harðstjórn hins illa Einons. Aðalhlutverk: Dennis Quaid, David Thewlis, Pete Postlethwaite, Dina Meyer. 1996. Bönnuð börnum.
00.45 Collateral
02.40 The Terminator
04.25 Grey´s Anatomy (6.22)
05.10 Two and a Half Men (16.24)
05.35 Fréttir
06.10 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíví

SÝN besta sætið

08.50 Heimsmeistarakeppni félagsliða
10.30 AC Milan - Celtic Meistaradeild Evrópu
12.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
12.40 NBA-körfuboltinn
14.40 PGA-mótaröðin í golfi 2007
17.20 NFL - Upphitun
17.50 Inside Sport (John Terry / Swen Göran Erickson)
18.20 Spænski boltinn – Upphitun
18.50 Osasuna - Valencia Spænski boltinn Bein útsending.
20.50 Atl. Bilbao - Real Madri Spænski boltinn Bein útsending.
22.50 Box – Oscar De La Hoya - Floyd Mayweather
00.00 Mayweather vs. Hatton 24/7
00.30 Mayweather vs. Hatton 24/7
01.00 Mayweather vs. Hatton 24/7
01.30 Mayweather vs. Hatton 24/7
02.00 Floyd Mayweather - Ricky Hatton Bein útsending frá boxbardaga ársins.

SÝN 2

09.25 Premier League World
09.55 PL Classic Matches Leikur Liverpool og Arsenal var fín skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
10.25 PL Classic Matches Stórbrotinn leikur á Riverside og fengu áhorfendur heldur betur eitthvað fyrir sinn snúð. Kanu og Anelka fóru mikinn hjá Arsenal í leiknum.
10.55 1001 Goals
11.55 Enska úrvalsdeildin – Upphitun
12.25 Aston Villa - Portsmouth Bein útsending frá leik Aston Villa og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
14.45 Man. Utd. - Derby Bein útsending frá leik Man. Utd og Derby.
17.00 Reading - Liverpool Bein útsending frá leik Reading og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 4 4 2
20.30 4 4 2
21.50 Man. Utd. - Derby Útsending frá leik Man.Utd og Derby frá í dag.
23.30 4 4 2
00.50 4 4 2

SKJÁREINN

11.15 Vörutorg
12.15 Dr. Phil (e)
14.30 Less Than Perfect (e)
15.00 According to Jim (e)
15.30 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)
16.30 Survivor (e)
17.30 Giada´s Everyday Italian (e)
18.00 Game tíví (e)
▶18.30 7th Heaven
19.15 How to Look Good Naked (e)
20.00 Friday Night Lights (e)
21.00 Heroes (e)
22.00 House (e)
23.00 Shriek If You Know What I Did Last Friday the Thirteenth Geggjuð grínmynd þar sem gert er stólpagrín að unglingaspennumyndum eins og Scream og I Know What You Did Last Summer.
00.30 Law & Order: Criminal Intent (e) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Goren og Eames rannsaka morð á menntamanni sem finnst fljótandi í Hudson-ánni. Þau komast að því að hann var spilafíkill sem lagði allt undir í fljótandi spilavíti undan ströndum New York.
01.20 Californication (e) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem má muna fífil sinn fegri. Þetta eru ögrandi þættir með kolsvörtum húmor. Hank kemst óvænt yfir peninga og á ekki í vandræðum með að eyða þeim. Hann er líka laus við ritstífluna og reynir að fá Karen til að lesa handritið að nýju bókinni.
01.55 State of Mind (e)
02.45 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)
03.45 C.S.I. (e)
04.30 C.S.I. (e)
05.15 Vörutorg
06.15 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Batman Begins

Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og hvernig það bar að að hann varð Leðurblökumaðurinn. Myndin er gerð af hinum virta Christopher Nolan, sem á að baki myndir á borð við Memento og Insomnia, og þess má geta að stór hluti myndarinnar var tekinn upp á Íslandi. Aðalhlutverk leika Christian Bale, Liam Neeson og Michael Caine.

▶ THE TIME MACHINE

Sjónvarpið kl. 21.40

The Time Machine er bandarísk bíómynd frá 2002 byggð á vísindaskáldsögu eftir H.G. Wells. Uppfinningamaðurinn Alexander Hartdegen, sem er uppi á 19. öld, er staðráðinn í að sanna að tímaflakk sé mögulegt. Hann smíðar sér tímavél og ætlar sér að fara aftur í tímann og breyta rás sögunnar. Í staðinn fer hann 800 þúsund ár fram í tímann en þá hefur mannkynið skipst í tvær stríðandi fylkingar. Simon Wells leikstýrir en með aðalhlutverk fara Guy Pearce, Mark Addy, Phyllida Law og Laura Kirk.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Tímakornið
15.20 Bókaþing
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Hundur í útvarpssal
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Hvað er að heyra?
21.30 Úr gullkistunni
22.15 Á hljóðbergi: Cover Her Face / Hulið andlit - fyrri hluti
23.15 Villtir strengir og vangadans
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (71:260)
14.55 Hollyoaks (72:260)
15.20 Hollyoaks (73:260)
15.45 Hollyoaks (74:260)
16.10 Hollyoaks (75:260)
16.35 Skífulistinn
17.35 Smallville (21:22) (e)
18.20 Talk Show With Spike Feresten (14:22) (e)
18.45 The George Lopez Show (19:22)
19.10 The Starlet (6:6)
▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
20.30 E-Ring (19:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
21.15 Tru Calling (5:6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. 2005.
00.55 Þristurinn
01.30 Þristurinn
02.05 Þristurinn
02.40 Þristurinn
03.15 Þristurinn
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.30 EastEnders **11.00** Star Portraits **11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **13.30** What not to Wear **14.00** Hell To Hotel **15.00** Extreme Animals **15.30** Extreme Animals **16.00** The Life of Mammals **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** What not to Wear **19.00** What not to Wear **20.00** Miracles Of Jesus **21.00** The Smoking Room **21.30** Little Britain **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Miracles Of Jesus 1.00 Little Britain **1.30** The Robinsons **2.30** The Mighty Boosh **3.00** The Life of Mammals **4.30** Balamory **4.50** Tweenies **5.10** Big Cook Little Cook **5.30** Tikkabilla

DR 1

11.00 TV Avisen **11.10** Kaptajn og besætning byder velkommen **11.45** Boogie Listen **12.45** Antiglobetrotter **13.15** Tvunget af tanker **13.45** Hun så et mord: Dødbringende viden **15.10** Niels Hausgaard - Os der gior **16.10** Før Søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Jul i Svinget **17.00** Når gorillaen går i flyttetanker **17.30** TV Avisen med Vejret **17.55** SportNyt med OL-kvalifikation i volleyball **18.30** Gepetto News **19.00** Ballade på Christianshavn **20.40** Inspector Morse **22.25** Lis Sørensen på Kronborg **22.55** Kodenavn: Jane Doe

NRK 1

10.45 V-cup langrenn: 15 km klassisk menn **11.55** V-cup skiskyting: Jaktstart menn **12.45** V-cup kombinert: 15 km langrenn **13.15** V-cup skøyter: 1500 m kvinner og 500 m menn **13.55** V-cup skiskyting: Jaktstart kvinner **14.40** V-cup skøyter: 5000 m menn **14.55** V-cup hopp: 1. omgang **15.50** V-cup skøyter: 5000 m menn forts **16.10** V-cup hopp: 2. omgang **16.40** Sport i dag 17.00 Barnas superjul **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! 19.45 Wenche Foss - hun gjør livet til sin scene 20.40 Med hjartet på rette staden **21.25** Fakta på lørdag: Håndverk i særklasse **22.25** Kveldsnytt **22.40** Keno **22.45** Mennene i mitt liv **0.50** Dansefot jukeboks med chat **3.00** Country jukeboks

SVT 1

10.45 Närbild **11.15** Ståupp **11.40** Centralskolan **11.45** Nobelpriset 2007 - litteraturföreläsning **12.30** Kobra **13.00** Solens mat **13.30** Andra Avenyn **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** Uppdrag granskning **16.00** På spåret **17.00** Bolibompa **17.05** Timon och Pumbaa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Evas superkoll **17.55** Bernard **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt 19.00 Alpint: Världscupen Aspen **19.10** Svensson, Svensson **19.40** Babben & co **20.40** Brottskod: Försvunnen **21.25** Mordet i paradiset **22.15** Out of Practice **22.40** Rapport **22.45** Barbershop



PERSÓNAN

Svavar Knútur Kristinsson

Aldur: 31 árs.

Starf: Frístundaráðgjafi og tónlistarmaður.
Fjölskylda: Á eina dóttur.
Foreldrar: Kristinn Jónsson, sjómaður (látinn) og Sigríður Ásbjörnsdóttir, kennari.
Búseta: Í Hlíðunum.
Stjörnumerki: Vatnsberi.
Svavar Knútur keppir í úrslitum lagakeppni BBC á morgun með hljómsveit sinni Hraun.

Magnús vill að Amy sæki um skilnað

„Ég er að hugsa um að senda henni bréf og segja henni að skilja við kallinn sinn sem fyrst. Það er honum að kenna hvernig komið er fyrir þessari söngkonu sem ég vil meina að sé sú besta sem komið hefur fram á sjónarsviðið í áratugi," segir útvarps- og tónlistarmaðurinn Magnús Einarsson, helsti aðdáandi ensku söngkonunnar Amy Winehouse hér á landi.

Amy hefur verið mikið í fréttum að undanförnu fyrir eitthvað allt annað en afrek sín á tónlistarsviðinu en hún hefur verið djúpt sokkin í eiturlyfjaneyslu allt frá því að hún kvæntist vandræðagemlingnum Blake Fielder-Civil.

Magnús segir það sorgarsögu hvað komið hafi fyrir Amy og vonast innilega til þess að hún nái sér upp úr ruglinu. „Þetta er mikil synd því sem listamaður hefur Amy Winehouse allt sem þarf. Hún er ekki nema 24 ára gömul en lög hennar og textar eru fáránlega góðir," segir Magnús og sparar ekki stóru orðin.

Hann kveðst hafa orðið hugfanginn af Amy um leið og hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2003. „Ég held að ég hafi verið sá eini sem spilaði hana á þeim tíma og var alltaf að segja öðrum að kíkja á þessa stelpu. En það var ekki hlustað á mig," segir Magnús.

Amy var nýlega tilnefnd til sex Grammy-verðlauna og segir Magnús það undirstrika í hversu miklum metum hún sé hjá Kananum. „Hún hefur gríðarlega hæfileika en þarf fyrst og fremst að losa sig við þennan ónytjung." - vig

AMY WINEHOUSE Þrátt fyrir að hún hafi verið dugleg við að koma sér í vandræði á hún sér stóran aðdáanda hér á landi í Magnúsi Einarssyni.

MIKILL AÐDÁANDI Magnús segir að Amy Winehouse syngi eins og djasssöngkona af bestu gerð og að hún búi yfir ótrúlegu raddsviði.



LÁRÉTT
2. viðlag **6.** belti **8.** kæla **9.** pfn. 11. íþróttafélag **12.** trappa **14.** eggjarauðu **16.** málmur **17.** nægilegt **18.** ung stúlka **20.** stöðug hreyfing **21.** murra.

LÓÐRÉTT
1. mats **3.** golf áhald **4.** inúíti **5.** fley **7.** litaskipti **10.** gljúfur **13.** gláp **15.** sóða **16.** tunnu **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stef, **6.** ól, **8.** ísa, **9.** mig, **11.** kr, **12.** stigi, **14.** blóma, **16.** ál, **17.** nóg, **18.** mær, **20.** ið, **21.** urra.

LÓÐRÉTT: 1. dóms, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** litbleer, **10.** gil, **13.** gón, **15.** agða, **16.** ámu, **19.** rr.

GUNNAR HANSSON: ÓTTAST EKKI UM KARLMENNSKUNA

Leikari flytur inn vespur

Leikarinn Gunnar Hansson, betur þekktur sem ólíkindatólið Frímann Gunnarsson, hefur ásamt bróður sínum, Árna Pál Hanssyni stofnað fyrirtækið Hanssyni ehf. en það mun á næstu misserum hefja innflutning á Piaggio-vespum frá Ítalíu. Að sögn Gunnars er þetta eitt þekktasta vörumerki Ítalíu og hann er bjartsýnn á að farartækin leggist vel í Íslendinga.

Leikarinn viðurkennir að hafa haft brennandi áhuga á þessum farartækjum frá fjórtán ára aldri þegar hann heimsótti Ítalíu. „En þá mátti ég ekki leigja mér svona vespu en varð alveg hugfanginn af þeim," segir leikarinn sem tók nýverið mótórhjólapróf og hefur spænt upp götur borgarinnar á mótorfák vinar síns síðan í haust. Gunnar og Árni verða að öllum líkindum með aðstöðu í Saltfélaginu og er leikarinn ákaflega spenntur yfir þessum nýja starfsvettvangi.

Gunnar komst í kynni við fyrirtækið þegar öll fjölskyldan hélt til Suður-Evrópu í tilefni af sextugsafmæli móður hans. Og segir að þetta sé tilkomið vegna týpískrar, íslenskrar athafnasemi. „Ég fór og heimsótti heimshöfuðstöðvarnar í Pontedera að gamni mínu, í stuttbuxum og skyrtu. Og áður en ég vissi af var ég kominn á fund með hæstráðendum. Þeir voru mjög hrifnir af því að selja þær á Íslandi enda hefur vespan selst vel í Skandinavíu og er auk þess ákaflega vinsæl í Bretlandi," útskýrir Gunnar.

Og leikarinn er ekki í nokkrum vafa með að vespurnar eigi eftir að slá í gegn. Þær séu nógu kraftmiklar til að komast upp erfiðustu brekkurnar og þá skemmi ekki fyrir að þær eru falleg hönnun. Leikarinn telur jafnframt að kvenkynið eigi eftir að falla fyrir þeim í hrönnum enda hafi þær upphaflega verið hannaðar með konur í huga. En hann óttast heldur ekki fyrir hönd kynbræðra sinna að verða skotspónn þeirra sem keyra um á stóru hjólunum. „Nei, nei, ég þarf ekkert að sanna karlmennskuna fyrir þeim," segir Gunnar og hlær og bætir því við að það sé líka mun hentugra að keyra vespurnar, menn þurfi ekki að vera klæddir í einhvern drakúla-búning heldur geti bara þeyst um í jakkafötunum. Gunnar segir jafnframt að þetta geti slegið á umferðarþungann í höfuðborginni auk þess sem vespurnar séu mun umhverfisvænni en heimilisbíllinn og eyði minna. Hann óttast ekki að þetta setji strik í leikaraferilinn. „Nei, nei, við fáum fólk til að vera okkar innan handar. Það besta er samt að þetta verður aldrei nein kvöð að sinna þessu því ég lít á það sem mitt hlutverk að frelsa fólk til lífsstíls Piaggio." freyrgigja@frettabladid.is

FLYTUR INN VESPUR Gunnar Hansson hyggst ekki leggja leiklistina til hliðar þótt hann ætli að fara að flytja inn vespur.

FÉLL FYRIR ÞEIM FJÓRTÁN ÁRA Gunnar segist fyrst hafa heillast af Piaggio-vespunum fjórtán ára gamall á ferð sinni um Ítalíu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigríður Beinteinsdóttir var síðasti gestur hins stórskemmtilega útvarpsþáttar A-J sem sendur er út á Rás 2. Sigríður gaf hristu sem hún notaði öll Stjórnarárin og sló taktinn í Stjórnarsamstarfinu og fór þetta ágæta hljóðfæri á litlar fimm þúsund krónur á vikulegu uppboði í þættinum.



En það er ögn stærra tækið sem næsti gestur hyggst láta bjóða upp. Og það er heill bíll. Sá sem gefur er enginn annar en þúsundþjalasmiðurinn **Ómar Ragnarsson** og bíllinn sem um ræðir er Daihatsu Cuore, árgerð 1987 með bílnúmerinu Y7754. Ómar hefur nýtt bílinn mikið og farið upp um fjöll og firnindi og meðal annars alla leið upp á Kárahnjúka. Hann er þess þó fullviss að ökutækið hafi sjaldan eða aldrei verið í betra formi þótt kílómetramælirinn sýni litla 79 þúsund ekna kílómetra. Ágóðinn af söluvirðinu fer til vatnssöfnunar Hjálparstofnunar kirkjunnar í Afríku.

Og meira af bílamálum því handknattleiksmaðurinn **Logi Geirsson** upplýsir á bloggi sínu að hann sé að reyna festa kaup á forláta Ferrari GTS Targa 355 bifreið. Logi er þekktur smekkmaður og hefur alla jafna gætt þess vel og vandlega að aka um á flottum og rennilegum bifreiðum, jafnvel áður en hann hélt í atvinnumennskuna í Þýskalandi. Logi er sökum starfs síns á miklum þeysingi og hyggst því láta það eftir sér að uppfylla gamlan draum og keyra hraðbrautir Þýskalands á þessum þekktasta sportbíl allra tíma. - fgg

TIL SÖLU GRÍÐALEGA VEL BÚINN BÍLL

Porsche Cayenne

á götuna apríl 2007 , ekinn 17þús km,
18"álfelgur , sumar og vetrardekk

VERÐ: 8,590,000- (NÝ VIRÐI 9,630,000-)
Ekkert áhvílandi / en hagstæðir lánamöguleikar
Ath. Skipti á ódýrari bíl mögulegt.

LÍTIÐ BROT AF BÚNAÐI ER EFTIRFARANDI
1. NÁLGUNARVÖRN AÐ FRAMAN OG AFTAN.
2. DEKKTAR HLIÐARRÚÐUR.
3. RAFKNÚIN SÓLLÚGA.
4. BI-XENON ÖKULJÓS MEÐ SPRAUTU/ÞURKU ÁSAMT AUKALÝSINU TIL HLIÐAR.
5. POWER LIFTGATE (OPNANLEGUR AFTURHLERI M/FJARST.)
6. DRÁTTARKÚLA (AFTENGJANLEG)
7. HRAÐANÆMT AFLSTÝRI (servotronic)
8. TIPTRONIC S-SJÁLFSKIPTING/HANDSKIPTING/BEINSKIPTING.
9. SKI BAG.
10. SJÁLFVIRK LOFTRÆSTIKERFI.
11. HITUN Í FRAMSÆTUM AUK HITA Í STÝRI.
12. BOSE DIGITAL SURROUND HLJÓMKERFI 250 WÖTT MEÐ 14 HÁTÖLURUM.

Frekari upplýsingar veitir Vignir Arnarson í síma 897-0999

Kastljós sakað um tuddaskap

„Vífill fullyrðir að lagt hafi verið að honum, að fara ekki á aðrar sjónvarpsstöðvar. Hann samþykkti það. Guðjón var kominn langleiðina upp á Skaga, þeir vildu ekki vera með nein „leiðindi" og ákváðu þá að svissa. Sé þetta rétt er þetta enn eitt dæmið um misnotkun Þórhalls Gunnarssonar, ritstjóra Kastljóss, á yfirburðum í krafti Ríkissjónvarpsins. Sem er ólíðandi," segir Steingrímur Sævarr Ólafsson fréttastjóri Stöðvar 2.

Í gær lagði Guðjón Helgason, fréttamaður Stöðvar 2, inn uppsagnarbréf eftir viðtal sem hann tók við Ingvar Þórisson sem Vífil Atlason – sá hinn sami og komst í fréttir vegna gabbsímtals við Hvíta húsið. Grátt gaman að mati Steingríms sem neitaði að taka við uppsagnarbréfinu. Segist líta þetta alvarlegum augum enda Guðjón tekið málið nærri sér og telur vegið að starfsheiðri sínum sem fréttamanns.

Vífill staðfesti í samtali við Fréttablaðið að honum hafi verið gert af Kastljósi að fara ekki í önnur sjónvarpsviðtöl og þeir því gripið til þessa ráðs. „Hún hringdi, Ragnhildur Steinunn, þarna Kastljósgellan, og sagði það bara reglur að ef maður fer í Kast- ljósið þá fer maður alls ekki á aðrar sjónvarpsstöðvar."

„Á ég að bera ábyrgð á röngum fréttum og fréttaklúðri Stöðvar 2? Er það mér að kenna að þeir baktékki ekki viðmælendur sína?" spyr Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, sem telur þó alvarlegt þegar fólk blekkir fjölmiðil. Aðspurður um ásakanir Steingríms þess efnis að hann misnoti aðstöðu sína og banni fólki að tala við aðra miðla segir Þórhallur drengnum ekki hafa verið hótað.

„Þetta snýst um að ef þú hefur sagst vera í Kastljósi stendur þú við það. Við beinum þeim tilmælum til fólks að það láti okkur vita, verði menn úti um allt hlýtur fréttamat okkar að miðast við það." - jbg

STEINGRÍMUR SÆVARR Segir misnotkun Þórhalls á ríkisreknum yfirburðum sínum ólíðandi.

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Neitar alfarið að gangast við því sem hann kallar „fréttaklúður Stöðvar 2".

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
~~Fullt verð 28.990.~~ **Jólatilboð aðeins 19.995**

Simms Freestone vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
~~Fullt verð 32.800.~~ **Jólatilboð aðeins 25.900**

Simms Classic Guide Gore-tex veiðijakki.
~~Fullt verð 35.900.~~ **Jólatilboð aðeins 29.900.**

Simms Freestone veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Verð aðeins 19.900

Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
~~Fullt verð 12.900.~~ **Jólatilboð aðeins 9.995.**

Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn.
Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.

Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch
4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka. **Aðeins frá 34.900.**

Veiðiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
Verð aðeins 3.995.



The Scandinavian Speycast.
Nýjasta myndin frá íslandsvininum Henrik Mortensen. Jólamynd veiðimannsins í ár. Eigum allar eldri myndirnar á DVD.
Verð aðeins 3.990.

Ron Thompson vöðlutaska.
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 3.995.

Scierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.

Infac byssuskápar.
Öruggir og traustir byssuskápar í mörgum stærðum. Rúmgóður og fallegur skápur fyrir 7 byssur.
Aðeins 35.900.

Atlas snjóþrúgur.
Sterkbyggðar þrúgur sem henta vel íslenskum aðstæðum.
2 stillanlegir göngustafir og góð taska fylgir.
Verð aðeins 19.980.

Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.

ProLogic skotveiðijakki.
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 23.900

ProLogic skotveiðibuxur.
Vatnsheldar og hlýjar smekkbuxur. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 17.900.

ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

ProLogic skór.
Vatnsheldir og hlýir skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð.
Aðeins frá 9.995.

Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.

Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veislubjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**

BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Bjartsýnis-femínismi

Ég á vinkonu sem ég öfunda stundum. Það er ekki aðeins vegna þess hvað hún er klár og skemmtileg, heldur hefur hún tamið sér að láta kvenfyrirlitningu eða kynjamisrétti aldrei ergja sig. Samt er hún yfirlýstur femínisti. Þegar hún verður vör við að körlum finnist konur ekki þess virði að njóta sömu réttinda og þeir hugsar hún bara með sér: „Karlveldið í dauðateygjunum.“ Og samstundis tekur gleðin að flæða um æðar hennar.

EKKI hef ég kannað hvaða hug vinkona mín ber til þess að fáeinum dögum áður en Mannréttindanefnd Reykjavíkur boðaði til málþings um leiðir fyrir borgaryfirvöld til að sporna við ofbeldi gegn konum varð Egill nokkur Einarsson, sem kallar sig Gillzenegger, uppvís að hótunum um kynferðisofbeldi á heimasíðu sinni í garð fjögurra kvenna. Hótanirnar þóttu svo ósmekklegar að ein þeirra sem fyrir þeim varð sá sér ekki annað fært en að láta lögregluna vita. Í kjölfar umfjöllunar fréttastofu Ríkissjónvarpsins um ummæli Egils kippti hann færslunni burt af heimasíðunni.

Í viðtali við blaðamann á 24 stundum, sem jafnframt er alræmdur femínisti, sagðist Egill hafa falið færsluna því mamma hans hefði getað rekið augun í hana. Hvað hefði þá gerst? spyr maður sig óneitanlega. Er það kannski af ótta við móður sína sem Egill hefur komið sér upp öllum þessum vöðvamassa? En það var sterkur leikur hjá konunum sem Agli er uppsigað við að láta lögregluna vita af hótuninni. Það sama hafa Samtökin 78 gert árum saman þegar brotið hefur verið á félagsmönnum þeirra. Í 233. grein almennra hegningarlaga stendur nefnilega að sá sem hafi í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin sé til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, varði það sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

Á netinu hafa sumir reynt að bera blak af Agli með því að benda á að hann hafi auðsjáanlega verið að grínast en eitt er víst, það hlógu ekki allir honum til samlætis. Þegar ég fer yfir þessa örstuttu atburðarás get ég verið nokkuð viss um að hlakkað hefur í vinkonu minni sem ég sagði frá í upphafi þessa pistils. „Þarna eru þær lifandi komnar, dauðateygjurnar. Þetta fer að styttast,“ hefur hún líkast til tautað með sjálfri sér og ljómað það sem eftir lifði dags.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 8. desember, 342. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.02	13.19	15.37
Akureyri	11.13	13.04	14.54

Heimild: Almanak Háskólans

Jólin koma

ISIG lugt f/kubbakerti
H38 cm rauð **1.490,-**

495,-

ISIG skrautsett 48 stk.
ýmsar tegundir

ISIG aðventuljós
7 armar Ø17 H15 cm **695,-**

ISIG kubbakerti rúnnað
m/mynstri Ø8 H20 cm
ýmsir litir **250,-/stk.**

GLÄNSA FILT rafmagnsskreyting
H40 cm ýmsir litir **1.690,-/stk.**

ISIG kubbakerti m/kertadisk
Ø7 H10 cm **295,-/stk.**

ISIG kubbakerti 4 stk.
Ø6 H12 cm ýmsir litir **350,-**

ISIG skrautstjörnur 6 stk.
Ø24 cm ýmsir litir **495,-**

395,-

ISIG skrautgeitur/hjörtu
10 stk. ýmsir litir



ISIG skrautkúlur
4 stk. Ø10 cm ýmsir litir **395,-**

395,-

ISIG ilmsprittkerti 42 stk. ýmsir litir

ISIG kerti m/7 kveikum
Ø26 H14 cm
ýmsir litir **1.590,-/stk.**

395,-

ISIG skrautsett 18 stk. strá/stjörnur

ISIG teppi
130x170 cm ýmsir litir **495,-/stk.**

Dagskrá helgarinnar

8. desember
Jólasveinar mæta kl. 12-13
Flautuleikur kl. 12-13
Andlitsmálun kl. 13-17

9. desember
Flautuleikur kl. 12-13
Jólasveinar mæta kl. 13-14
Andlitsmálun kl. 13-17
Andrés spilar á saxófón og gítar kl. 14-15

Frábær jólagjöf!
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar.

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

690,-
IKEA FOOD

IKEA®
Lengri afgreiðslutími til jóla!
Opið frá 10-22
Sunnudaga 12-22
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007